EVA HRÖNN GUÐNADÓTTIR
*Vaknaði með yrðlinga við tjaldskörina*
• á ferðinni • heilsurækt
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




VELJUM ÍSLENSKT
*Víkingaföt, hönnun og kvikmyndir*
Sérblaðið Veljum íslenskt
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

27. janúar 2010 — 22. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Börn í brennidepli
Fyrsta Barnamenningarhátíðin haldin í Reykjavík.
**TÍMAMÓT 18**

### Verðlaun fólksins

Rebekka Guðleifsdóttir fékk verðlaun fólksins í keppni samtakanna Artists Wanted.
**FÓLK 30**

### Leikstýrði auglýsingu fyrir herinn

Egill Örn Egilsson gerir það gott í Hollywood.
**FÓLK 30**

### Rússarnir lagðir
Strákarnir okkar eru á hraðri leið í undanúrslit á EM eftir stórsigur á Rússlandi í gær.
**ÍÞRÓTTIR 28, 30 & 31**


## VEÐRIÐ Í DAG



**LÉTTIR TIL** Í dag verður víðast hæg vestlæg átt. Yfirleitt úrkomulaust og léttir heldur til sunnan og vestanlands. Hiti víða 0-5 stig en vægt frost N- og A-til.
**VEÐUR 4**



Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.


**HVELFINGIN HVÍTTUÐ** Nú standa yfir endurbætur á Hallgrímskirkju. Málarameistarinn Garðar Jensson og samstarfsmenn hans hafa tæmt úr ófáum málningarfötum á veggi kirkjunnar upp á síðkastið og er verkinu þó ekki lokið enn.
FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

# Alræði útvarpsstjóra er metið óviðeigandi

**Starfshópur um Ríkisútvarpið finnur margt að stöðu útvarpsstjóra, meðal annars fréttalestri hans. Fyrirtækið er sagt stjórnast um of af keppni um auglýsingar.**

**FJÖLMIÐLAR** Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins hefur nánast alræðisvald varðandi dagskrá, mannaráðningar og stefnumótun, að mati starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra um almannahlutverk RÚV. Þykir fyrirkomulagið ólýðræðislegt og ógagnsætt og ekki viðeigandi í félagi sem hefur mikilvægt menningar- og lýðræðishlutverk og starfar í almannaþágu.

Hópurinn skilaði skýrslu fyrir helgi og hefur hún verið kynnt þingflokkum stjórnarflokkanna.

Hópurinn telur að fréttalestur Páls Magnússonar útvarpsstjóra geti haft áhrif á trúverðugleika fréttanna. Helgast það af mikilvægi hlutverks útvarpsstjóra í hagsmunagæslu fyrir RÚV, meðal annars gagnvart stjórnmálamönnum og keppinautum. Lagt er til að ráðningartími útvarpsstjóra verði tímabundinn og að starf hans, auk annarra lykilstarfsmanna, verði auglýst. Áhersla er lögð á að Ríkisútvarpið gæti hófs í fjármálum, bæði hvað varðar almennan rekstur, samkeppni og samskipti við keppinauta og launakjör æðstu stjórnenda.

Fjallað er um útvarpsgjaldið sem innheimt var í fyrsta sinn í fyrra. Eru sögð rök fyrir endurskoðun kerfisins svo auka megi fjárhagslegt sjálfstæði RÚV gagnvart fjárveitingavaldinu, og tekjurnar verði fyrirsjáanlegar nokkur ár fram í tímann.

Þrjú ár eru liðin frá því að RÚV var gert að opinberu hlutafélagi. Telur starfshópurinn að breytt rekstrarform hafi ekki gert RÚV að öflugra almannaútvarpi heldur sýni það aukin merki þess að unnið sé að því að búa til félag á markaði og að það stjórnist um of af keppni um auglýsingar við aðra miðla. Þá hafi ekki náðst að tryggja fjárhagslega afkomu þrátt fyrir þá miklu áherslu sem hlutafélagaformið leggur á rekstur. Háar skuldir eru sagðar ráða þar miklu um.

Gagnrýnt er það fyrirkomulag – sem tíðkaðist í starfstíð Þórhalls Gunnarssonar – að framkvæmdastjórar séu dagskrárgerðarmenn. Er slík staða talin hafa áhrif á faglega stefnumótun og umræðu um dagskrá. Dagskrárgerðarmenn njóti ekki jafnræðis gagnvart yfirstjórn.

Þá er og tiltekið að gera þurfi sérstakar kröfur um aðgreiningu dagskrárefnis og auglýsinga og kostunar. Tryggja verði að ákvarðanir um dagskrárliði og dagskrárstefnu séu teknar á faglegum forsendum en ekki markaðslegum. **- bþs**

### STARFSHÓPURINN
Sigtryggur Magnason, fráfarandi aðstoðarmaður menntamálaráðherra (formaður), Laufey Guðjónsdóttir frá Kvikmyndamiðstöð Íslands, Sigríður Árnadóttir, fyrrverandi fréttamaður, Þorbjörn Broddason prófessor, Ágúst Þór Árnason aðjúnkt, Hallmar Sigurðsson leikstjóri, Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur.

Vistaskipti landsliðsmanns:
# Eiður Smári fer til West Ham


**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN**

**ÍÞRÓTTIR** Eiður Smári Guðjohnsen, knattspyrnumaður hjá AS Monaco í Frakklandi, er á leið til London að leika fyrir úrvalsdeildarliðið West Ham. Breska blaðið Daily Mail sagði frá þessu á vef sínum í gær.

Eiður hittir þar fyrir fyrrum liðsfélaga sinn hjá Chelsea, Ítalann Gianfranco Zola, sem er nú knattspyrnustjóri West Ham. **- sh**






**SPURNING DAGSINS**



*Guðjón, hanga krakkarnir ekkert of mikið heima?*

„Nei, við erum alltaf í syngjandi sveiflu.“

Hjónin Vala Jóhannesdóttir og Guðjón Svansson líkamsræktarþjálfarar hafa innréttað heimili sitt með klifurhringjum og apastigum, börnum þeirra til mikillar ánægju.

Formaður Sjálfstæðisflokksins segir brot Ásbjarnar ekki hafa áhrif á stöðu hans:

# Ásbjörn játar brot á lögum

**STJÓRNMÁL** Ásbjörn Óttarsson, þingmaður sjálfstæðismanna, viðurkenndi í Kastljósi Sjónvarps í gær að hafa brotið lög þegar hann greiddi sér og konu sinni tuttugu milljónir króna í arð árið 2007, fyrir árið 2006, þegar eigið fé fyrirtækisins var neikvætt.

„Samkvæmt lögum þá má þetta ekki. Mér var ekki kunnugt um það þegar það var gert og um leið og mér var kunnugt um það endurgreiddi ég féð,“ sagði hann.

Ásbjörn segist hafa komist að því að þetta var lögbrot, þegar blaðamaður Fréttablaðsins spurði hann út í þetta í síðustu viku. Síðan hafi hann endurgreitt peningana. Lögbrotið hafi ekki verið með vitund eða vilja gert. „Ég er nú bara einu sinni mannlegur og hef nú ekki bókhaldsþekkingu,“ sagði hann á RÚV í gær. Þingmaðurinn bauðst til að mæta í beina útsendingu með lygamæli.



ÁSBJÖRN ÓTTARSSON

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotadeildar, hafði ekki séð viðtalið við Ásbjörn í gærkvöldi og vildi því ekki leggja mat á hvort brotin væru refsiverð. „En ef svo er þá þurfum við að bregðast við því,“ segir hann.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir Ásbjörn hafa gert mjög vel grein fyrir málinu. „Hann hefur játað á sig mistök og gert það sem hann getur til að bæta fyrir það sem var í ólagi. Þar með finnst mér að þetta eigi ekki að hafa áhrif á hans stöðu sem þingmanns eða vegna þeirra trúnaðarstarfa sem hann gegnir,“ segir Bjarni. **- kóþ**

Óbreyttir stýrivextir í Japan:

## Fylgst með frá hliðarlínunni

**EFNAHAGSMÁL** Japanski seðlabankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 0,1 prósenti. Í rökstuðningi bankans fyrir vaxtaákvörðuninni segir, að ekki verði gripið til frekari aðgerða í bili til að slaka á peningalegu aðhaldi þrátt fyrir aukinn útflutning til nágrannaríkja í Asíu. Stýrivextir hafa verið óbreyttir í Japan í rétt fimm ár.

Bandaríska stórblaðið Wall Street Journal rifjar upp að undir lok nýliðins árs hafi seðlabankinn dælt út tíu trilljörðum japanskra jena, jafnvirði fjórtán þúsund milljörðum króna, inn í hagkerfið og hvatt til einkaneyslu. **- jab**

Mansalsmálið á Suðurnesjum:

## Uppnám vegna uppljóstrunar fórnarlambsins

**DÓMSMÁL** Fórnarlambið í mansalsmálinu svokallaða á Suðurnesjum, nítján ára stúlka frá Litháen, skýrði frá því við aðalmeðferð fyrir héraðsdómi í gær að hún hefði neyðst til að hafa samræði við tvo af sakborningunum í málinu þegar hún hvarf úr umsjá félagsmálayfirvalda síðasta haust. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Fram kom að uppljóstrun stúlkunnar hefði valdið nokkru uppnámi í réttarsalnum, enda hefði hún komið bæði saksóknara og verjendum í opna skjöldu. Fór saksóknari fram á það að hlé yrði gert á réttarhöldunum til að unnt væri að taka skýrslu af sakborningunum um þetta efni. **- sh**

Samfélagsverðlaun:

## Tilnefna má í dag og á morgun

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN Nú eru tveir dagar til stefnu fyrir þá sem hyggjast senda inn tilnefningu til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins.**

**Hægt verður að tilnefna til miðnættis á morgun. Þá tekur dómnefnd við en hún er skipuð þeim Elliða Vignissyni, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum, Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi, séra Jónu Hrönn Bolladóttur, sóknarpresti í Garðakirkju, Tatjönu Latinovic, hugverkastjóra hjá Össuri, og Steinunni Stefánsdóttur, aðstoðarritstjóra Fréttablaðsins.**

**Tilnefna má á vefnum Vísir.is, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða bréfleiðis til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, merkt Samfélagsverðlaun.**

# Meistaragráða felld úr gildi vegna ritstuldar

**Nemandi í meistaranámi við Háskólann á Bifröst gerðist sekur um ritstuld í meistararitgerð við skólann. Rektor hefur endurkallað einkunn nemandans og fellt meistaragráðu hans úr gildi. Nemandinn neitar að hafa stundað ritstuld.**

**MENNTAMÁL** Meistaragráða nemanda sem útskrifaðist með lögfræðipróf frá Háskólanum á Bifröst sumarið 2008 hefur verið felld úr gildi þar sem nemandinn varð uppvís að ritstuldi í lokaritgerð.

Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, segir að vandlega hafi verið farið yfir málið, enda ritstuldur litinn afar alvarlegum augum innan háskólans.

Sérfræðingar skólans og sérfræðingur í öðrum íslenskum háskóla gerðu úttekt á umræddri ritgerð og þeim ritum sem hún þótti líkjast. Niðurstaðan var að óumdeilanlega væri um ritstuld að ræða.

„Við tökum hart á þessu máli. Háskólinn er búinn að endurkalla einkunn lengur nemanda fyrir þessa meistararitgerð. Þar með fellur meistaragráðan úr gildi,“ segir Ágúst. „Ritstuldarmál eru farin að verða algengari í háskólum, bæði hér á landi og erlendis, með aukinni tækni.“

Þar sem nokkuð er liðið frá því að nemandinn útskrifaðist er hann ekki lengur nemandi við skólann, og fær þar af leiðandi að óbreyttu ekki að skila nýrri ritgerð. Ágúst segir að beriist skólanum erindi frá nemandanum vegna málsins verði það skoðað, og vill ekki tjá sig um hvort honum verði heimilað að sækja um skólavist að nýju og skila nýrri ritgerð.

Ágúst segir það persónulegt áfall fyrir nemandann að verða uppvís að ritstuldi, en vill ekki leggja mat á hvaða áhrif það mun hafa fyrir feril lögfræðings að vera með slíkt á bakinu.

### SEGIST EKKI HAFA STUNDAÐ RITSTULD



JÓN HALLDÓR GUÐMUNDSSON

„Ég hef ekki brotið neitt af mér,“ segir Jón Halldór Guðmundsson. Meistaragráða hans í lögfræði hefur nú verið felld úr gildi vegna ritstuldar. Hann segist vera að skoða málið.

Meistararitgerðin hans fjallaði um áhrif EES-samningsins á íslenskan skattarétt. Hann er annar eigenda fyrirtækisins Skattar – ráðgjöf og aðstoð.

„Hvernig bregst maður við þegar er ráðist svona á mann? [...] Ég hef ekki stundað ritstuld, hvorki fyrr né síðar,“ segir Jón. Hann segir ekki tímabært að upplýsa hvort hann muni bregðast við þessari niðurstöðu háskólans með einhverjum hætti, eða hvernig.

Þegar sú fullyrðing rektors að um ritstuld sé að ræða er borin undir Jón segir hann: „Það er bara ekki rétt hjá honum. Hann er ekki lögfróður maður og veit ekki hver túlkunin er á bak við ritstuld. Ritstuldur er stórt og mikið mál sem maður leggur ekki í að ákæra menn fyrir án þess að skoða það nánari athugun. Ritstuldur og til dæmis brot á höfundarrétti er ekki sami hlutur,“ segir Jón. Hann segist þó ekki heldur hafa brotið gegn höfundarrétti.



**RITSTULDUR** Fréttablaðið sagði frá því í desember að meintur ritstuldur væri til rannsóknar. Sá grunur hefur nú verið staðfestur af sérfræðingum skólanna og utanaðkomandi sérfræðingi.

Nemandinn hefur samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins ávallt neitað því að hafa stundað ritstuld. Ágúst segir að nemandinn hafi haft tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri á öllum stigum málsins, en niðurstaða háskólans sé skýr. **brjann@frettabladid.is**



**Á ÁRÁSARSTAÐ** Kona fórnar höndum í Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjálfsvígsárás í Bagdad:

## Kostaði tugi manna lífið

**ÍRAK, AP Sjálfsvígsárásarmaður sprengdi sig upp í bifreið fyrir utan rannsóknarstöð lögreglunnar í miðborg Bagdad í gær. Að minnsta kosti tuttugu manns létu lífið og tugir særðust.**

**Daginn áður höfðu sjálfsvígsárásarmenn gert árásir á nokkur hótel í borginni, sem vestrænir fréttamenn gista gjarnan á.**

**Tímasetning árásanna bendir til þess að uppreisnarmenn úr röðum súnní-múslima hafi verið þarna á ferðinni, því daginn áður var Efnavopna-Ali, einn nánasti samstarfsmaður Saddams Hussein, tekinn af lífi. - gb**

Dómsmálaráðherra og Haítí:

## Kanna móttöku flóttamanna

**FLÓTTAMENN** Ríkisstjórnin, að frumkvæði dómsmálaráðherra, hefur beðið flóttamannanefnd að skoða hvort beita megi lítt þekktu ákvæði útlendingalaga til að fá Haítíbúa, sem tengsl hafa við Ísland, til landsins.

Á annan tug Íslendinga hafa spurst fyrir um fólk á Haítí. Fólkið er þó ekki svo tengt þeim að hægt sé að veita dvalarleyfi á þeim forsendum.

Lagagreinin sem skoða skal fjallar um „vernd vegna fjöldaflótta“ og gerir ráð fyrir að heimild ráðherra til að veita dvalarleyfi af mannúðarástæðum sé tímabundin. **- kóþ**

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Nýr Rauðmagi

Sjósiginn fiskur

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Mikil þörf er fyrir bráðabirgðahúsnæði á hamfarasvæðunum á Haítí:

# Beðið eftir þúsundum tjalda

**HAÍTÍ, AP** Hundruð þúsunda íbúa á Haítí bíða nú í ofvæni eftir tjöldum til að geta hafst við í eftir að húsnæði þeirra eyðilagðist í jarðskjálftanum mikla 12. janúar.

René Préval, forseti landsins, hefur beðið þjóðir heims um að senda 200 þúsund tjöld til Haítí, og segist ætla að flytja í eitt slíkt sjálfur á lóð forsetahallarinnar, sem hrundi í jarðskjálftanum. Sameinuðu þjóðirnar telja að um milljón manns vanti tjald til að sofa í.

Alþjóða innflytjendastofnunin segir að tíu þúsund tjöld séu nú þegar komin til Haítí og þrjátíu þúsund til viðbótar séu á leiðinni, en það er engan veginn nóg.

Baráttan um tjöldin hefur brotist út í slagsmálum og stundum er sveðjum beitt með skelfilegum afleiðingum.

Stjórnvöld á Haítí eru í samvinnu við alþjóðlegar hjálparstofnanir að undirbúa jarðveginn fyrir fjölmennar tjaldbúðir í útjaðri höfuðborgarinnar Port-au-Prince.

Helen Clark, yfirmaður hjá þróunarhjálp Sameinuðu þjóðanna, segir nauðsynlegt að koma sem allra fyrst upp góðu bráðabirgðahúsnæði handa íbúunum. Til þess þurfi að leita óhefðbundinna lausna.

„Kínverjum tókst til dæmis að reisa 400 þúsund bráðabirgðaskýli eftir jarðskjálftann í Sichuan,“ segir hún. **- gb**



**BÚA Í BRÁÐABIRGÐATJÖLDUM** Íbúar á Haítí hafa komið sér upp bráðabirgðatjöldum en bíða í ofvæni eftir betri tjöldum til að búa í. FRÉTTABLAÐIÐ/APW


50% afsláttur
í bíó fyrir Ringjara.
Við sendum tilboð
beint í símann.
Ringjarar fara inn á ring.is og óska
eftir að fá MMS með tilboðum
send í símann.
Miðvikudagstilboð Ring:
Gláp
50%
afsláttur
í bíó hjá
Senu fyrir 1
Bíó á hálfvirði í dag á ring.is
GRANT
PARKER
MORGANS?
Tilboðið gildir í tilteknum bíóum Senu:
SMÁRA BÍÓ
REGNBOGINN
HÁSKÓLA BÍÓ
BORGAR BÍÓ
Ekkert vesen með afsláttarmiða,
þú sýnir bara GSM símann í afgreiðslunni.
Athugið, gildir ekki í lúxussal, á íslenskar myndir
eða myndir sýndar í þrívídd.
Ringjarar geta
sent SMS með
textanum
bio í 1905
og afsláttarmiðinn
kemur beint í
símann
Skráðu þig á ring.is og fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði, þar með ertu í stærsta
vinahópi á Íslandi og færð 990 kr. til að hringja í fólk í öðrum kerfum.
Síminn
Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði
til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.
Stærsti
vinahópur
á Íslandi
ring
ENNEMM / SÍA / NM40670

## GENGIÐ 26.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,03 | 127,63 |
| Sterlingspund | 204,69 | 205,69 |
| Evra | 179,05 | 180,05 |
| Dönsk króna | 24,048 | 24,188 |
| Norsk króna | 21,700 | 21,828 |
| Sænsk króna | 17,428 | 17,530 |
| Japanskt jen | 1,4176 | 1,4258 |
| SDR | 198,19 | 199,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
234,2234

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðar um brasilískan gæsluvarðhaldsfanga:

# Ramos skal verða framseldur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti í gær þá ákvörðun dómsmálaráðuneytisins þess efnis að orðið verði við beiðni brasilískra yfirvalda um framselja brasilíska gæsluvarðhaldsfangann Hosmany Ramos. Að sögn Hilmars Ingimundarsonar hrl., lögmanns Ramosar, verður úrskurður héraðsdóms kærður til Hæstaréttar.

Ramos hefur leitað allra leiða til að fá að afplána afganginn af þungum dómum, sem hann hlaut í föðurlandinu, í fangelsi hér. Hann átti eftir að afplána tólf og hálft ár í fangelsi þegar hann lét sig hverfa úr fangelsinu í Brasilíu eftir jólafrí og var svo handtekinn á Keflavíkurflugvelli 9. ágúst. Skömmu síðar lýsti Interpol eftir Ramosi og gaf út beiðni um handtöku.

Framsalsbeiðni brasilískra stjórnvalda er grundvölluð á tveimur fangelsisdómum sem hann hlaut í föðurlandinu. Annars vegar er tveggja ára dómur fyrir vopnað rán.

Hins vegar 24 ára dómur fyrir skipulagningu á og þátttöku í mannráni og ráni.

Ramos reyndi sem kunnugt er að strjúka frá fangavörðum hér fyrir skömmu og hótaði öðrum þeirra lífláti. **- jss**



**HOSMANY RAMOS** Var á leið í dómsal þegar hann reyndi að ráðast á ljósmyndara Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verðbólga mælist 6,6 prósent:

# Ekki verið lægri síðustu tvö ár

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólga síðustu tólf mánuði mælist nú 6,6 prósent, og hefur ekki verið lægri síðustu tvö ár, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands.

Sé húsnæðisverð ekki reiknað með mælist tólf mánaða verðbólga 10,9 prósent.

Undanfarna þrjá mánuði hefur verðbólga hækkað um 0,9 prósent, sem jafngildir 3,7 prósenta ársverðbólgu, eða 6,7 prósent sé húsnæðisverð ekki reiknað með.

Vetrarútsölur á fötum lækkuðu verðbólgu, en á móti komu hækkanir á áfengi, tóbaki og eldsneyti, ásamt mat, drykkjarvörum, rafmagni og heitu vatni. **- bj**

Tveir karlmenn dæmdir:

# Sektað fyrir skattalagabrot

**DÓMSMÁL Tveir menn hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir stórfellt skattalagabrot.**

**Annar mannanna var dæmdur til þess að greiða 120 milljónir í sekt til ríkissjóðs, auk fjórtán mánaða skilorðsbundins fangelsis. Hinn er dæmdur til þess að greiða rúmar sjö milljónir til ríkissjóðs og í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi.**

**Mennirnir stóðu ekki skil á virðisaukaskattsskýrslum þriggja einkahlutafélaga né skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda. Félögin sem um ræðir heita Hofakur, BKR og Skammhlaup.** **- jss**

## SLYS

### Líðan sjómanns stöðug

Rúmlega þrítugur sjómaður sem slasaðist illa þegar hann féll niður í lest skipsins Kristrúnar II RE á sunnudag er ekki talinn í lífshættu. Að sögn vakthafandi læknis er hann ekki í öndunarvél og kominn til meðvitundar. Ástand hans er tiltölulega stöðugt.

## ÁRÉTTING

Í grein sem bar yfirskriftina Fylgdi manni götunnar og birtist í síðustu helgarútgáfu Fréttablaðsins láðist að geta þess að Spessi tók ljósmyndina sem notuð var með greininni.

Í forystugrein Jóns Kaldal í gær var vitnað í fyrstu drög skýrslu endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins. Önnur útgáfa var afgreidd á landsfundi flokksins. Rétt er að taka fram að Seðlabankinn veitir ekki leyfi til starfsemi útibúa banka erlendis eins og mátti skilja á tilvitnuðum texta.

# Existamenn grunaðir um umfangsmikil efnahagsbrot

**Sérstakur saksóknari leitaði gær gagna á tólf stöðum innanlands sem utan vegna rannsóknar á meintum lögbrotum Bakkavararbræðra og stjórnenda Existu. Við leitina naut hann aðstoðar bresku lögreglunnar.**

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari leitaði í gær á átta stöðum hérlendis og fjórum stöðum í Englandi vegna umfangsmikillar rannsóknar á viðskiptum Exista. Fjöldi manna var yfirheyrður vegna málsins í gær en ekkert fæst upp gefið um hverjir það eru. Forstjórar Existu, Erlendur Hjaltason og Sigurður Valtýsson, eru grunaðir í rannsókninni, líkt og Bakkavararbræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, eigendur Existu.

Með í för, bæði á Íslandi og í Englandi, voru fulltrúar frá Serious Fraud Office (SFO) í London. SFO vinnur að sinni eigin rannsókn á meintu verðsamráði íþróttavörufyrirtækjanna JJB Sports og Sports Direct. Bæði hafa átt viðskipti við íslensk félög. Fulltrúar sérstaks saksóknara liðsinntu SFO við gagnaöflun hérlendis og öfugt.

Rannsókn sérstaks saksóknara er fjórþætt, að því er fram kemur í tilkynningu. Í fyrsta lagi snýr hún að sölu á 40 prósenta hlut í Bakkavör frá Exista til Bakkavararbræðra haustið 2008, þrátt fyrir ákvæði í lánasamningum um bann við sölu eigna undan samstæðunni án samþykkis kröfuhafa. Bræðurnir fengu svokallað seljandalán upp á 8,4 milljarða frá Existu fyrir kaupunum. Arion Banki kærði þessi viðskipti þegar í ljós kom að bræðurnir væru aðeins tilbúnir að láta þau ganga til baka að því tilskildu að þeir héldu yfirráðum yfir Exista.

Í öðru lagi er til rannsóknar hlutafjáraukning í Existu upp á 50 milljarða að nafnvirði sem bræðurnir stóðu fyrir í desember 2008, til að komast hjá því að Arion Banki tæki yfir stjórnina í félaginu. Einungis einn milljarður var greiddur fyrir hlutaféð. Að þessum viðskiptum komu lögmannsstofan Logos og endurskoðunarfyrirtækið Deloitte. Þetta kærði Arion einnig.

Í þriðja lagi er um að ræða meinta ólögmæta niðurfellingu persónulegra ábyrgða á lánum sem veitt voru við kaup starfsmanna á hlutabréfum í Existu, og í fjórða lagi yfirfærslu Sigurðar Valtýssonar, annars forstjóra Exista, á skuldum og hlutabréfum sínum í Exista fyrir 160 milljónir yfir í félagið Yenvis á Tortóla-eyjum rétt fyrir hrun.

Leitað var í höfuðstöðvum Existu, Logos, Deloitte og fjármögnunarfyrirtækisins Lýsingar, auk fjögurra annarra staða hérlendis, meðal annars í heimahúsum. Ytra var leitað bæði í London og Lincoln, í höfuðstöðvum Bakkavarar, í híbýlum Bakkavararbræðra, og á fjórða staðnum.

Grunur er um auðgunarbrot, til dæmis skilasvik, brot gegn hlutafélagalögum, auk ýmissa annarra brota, og voru aðgerðirnar í gær meðal þeirra viðamestu sem sérstakur saksóknari hefur ráðist í. Yfirheyrslur stóðu fram á kvöld í gær.

**stigur@frettabladid.is**



**VALDAMIKLIR** Bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir, eigendur Existu og Bakkavarar, eru báðir búsettir í London. Þeir eru líklega að missa tökin á Existu, en gætu haldið hlut sínum í Bakkavör næstu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ERLENDUR HJALTASON

SIGURÐUR VALTÝSSON


# Þitt hjartans mál

Benecol inniheldur plöntustanólester sem lækkar kólesteról í blóði. Ein flaska á dag dugar til að ná hámarksvirkni og full áhrif koma fram strax þremur vikum eftir að neysla hefst.







Elísabet Margeirsdóttir
Veður-

**FÍNT VEÐUR** Nú tekur við góðviðrasamur kafli hjá okkur en næstu dagar munu bjóða upp á hægviðri og minni háttar úrkomu. Það verður fremur svalt á landinu, einkum norðan- og austanlands, og horfur á harðnandi frosti um helgina.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 10° |
| Basel | 0° |
| Berlín | -2° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 5° |
| Frankfurt | -4° |
| Friedrichshafen | -1° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 8° |
| Mallorca | 12° |
| New York | 8° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | 1° |
| París | 3° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# ÚTSALA

# 50%

afsláttur af öllum vörum

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS HUGO BOSS · HUGO HUGO BOSS · SAND · strellson · POLO RALPH LAUREN · CANALI
PAL ZILERI · bugatti · LLOYD · eterna · Van Gils · gardeur · FINUCCI collezione



## KJÖRKASSINN



*Ætti ríkisstjórnin að skipta sér meira af rekstri bankanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 73,1% |
| Nei | 26,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu sjá bankahrunsskýrsluna áður en þú kýst um Icesave?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Sviðsstjóri leikskólasviðs segir að ástandið hafi ekki verið betra í fimmtán ár:

# Yfir hundrað börn á biðlista

**MENNTUN** Rúmlega 120 börn eldri en átján mánaða bíða eftir leikskólaplássi í Reykjavík, samkvæmt upplýsingum frá leikskólasviði. Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri leikskólasviðs, segir stöðuna ekki hafa verið betri í þau fimmtán ár sem hún hefur komið að þessum málum.

„Hver einasti leikskóli borgarinnar er fullmannaður og fullvistaður," segir hún. Ekki sé óeðlilegt að börn séu á biðlista í janúar, því leikskólar innriti flest börn að sumri.

„Í ágúst stóð ekki til að taka inn tólf eða þrettán mánaða börn á leikskólana. Þau eru núna orðin átján mánaða og bíða," segir hún. Um leið og pláss losni, sé barn sett inn í staðinn.



**BÖRNIN, BLESSUÐ BÖRNIN** Ríflega 120 börn bíða þess að komast á leikskóla í Reykjavíkurborg. Á sama tíma eru laus pláss á einkareknum skólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spurð hvort ekki ætti að opna fleiri leikskóla, fyrir þessi 120 börn, segir Ragnhildur: „Jú, við erum einmitt að opna nýjan leikskóla í Úlfarsárdal. Þar ætti hæglega að vera hægt að hýsa fimmtíu börn."

Askja í Öskjuhlíð er nýtilkominn leikskóli, en þar á bæ er pláss fyrir fleiri börn. Spurð hvers vegna borgin sendi ekki fleiri börn þangað, segir Ragnhildur: „Það var gert samkomulag um fimmtíu börn á Öskju fyrir þetta ár og við erum að borga með þeim. Hvort hægt er að fjölga þeim get ég ekki sagt á þessari stundu." **- kóþ**

Skipaumferð við landið:

# Skip tilkynna ekki um ferðir

**ÖRYGGISMÁL** Þrjú stór olíuskip sinntu ekki tilmælum Landhelgisgæslunnar nýlega um að senda upplýsingar um ferðir innan íslensku efnahagslögsögunnar. Tvö skipanna voru á siglingu djúpt suður og suðaustur af landinu þegar reynt var að hafa samband við þau. Þegar það hafðist, voru tvö þeirra þegar komin út úr lögsögunni og sinntu ekki tilmælum.

Þriðja skipið, olíuskipið Panna, sinnti heldur ekki tilmælum varðstjóra, heldur sigldi skipið til Fuglafjarðar í Færeyjum. Mikið hefur borið á því að undanförnu að stór skip tilkynni ekki um ferðir sínar, þvert á reglur þar um. **- shá**

## HÚNAVATNSHREPPUR

### Leggst gegn sameiningu

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggst alfarið gegn hugmyndum ríkisstjórnarinnar um sameiningu landbúnaðar- sjávarútvegs- og iðnaðarráðuneytis í eitt atvinnumálaráðuneyti. Þetta kemur fram í ályktun hreppsnefndar. Þar segir jafnframt að á þessum viðsjárverðu tímum séu styrk og sjálfstæð ráðuneyti atvinnuveganna lífsnauðsynleg.

## ATVINNUMÁL

### Viðurkenning til Mentor

Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentor, hlaut viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri 2010 á dögunum. Þetta er í 11. sinn sem Félag kvenna í atvinnurekstri veitir þessa viðurkenningu. Mentor hefur hlotið fjölmörg verðlaun á liðnum árum, til dæmis Vaxtarsprotann bæði 2008 og 2009 fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis.

# Segir niðurstöðuna setja skýrt fordæmi

**Samkeppnissjónarmið og hagsmunir banka geta togast á þegar fyrirtæki eru yfirtekin segir viðskiptaráðherra. Úrskurður áfrýjunarnefndar vegna samruna Vestia og Teymis leggur línurnar. Unnið er að endurskoðun samkeppnislaga.**

**SAMKEPPNISMÁL** Niðurstaða áfrýjunarnefndar um samkeppnismál vegna samruna Vestia og Teymis setur skýrt fordæmi fyrir yfirtöku bankanna á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði, segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar frá því fyrir helgi er Samkeppniseftirlitinu gert að fjalla aftur um yfirtöku Vestia, dótturfélags Landsbankans, á Teymi, móðurfélagi Vodafone símafyrirtækisins.



**GYLFI MAGNÚSSON**

Nefndin beindi því til eftirlitsins að setja skilyrði fyrir samrunanum, og vísar til þess í úrskurði sínum að hætta geti verið á að samkeppni raskist vegna yfirtöku banka á fyrirtækjum á markaði.

„Þetta er mjög áhugaverður úrskurður, og blæs við að hann verður fordæmisgefandi að einhverju marki," segir Gylfi.

Þegar bankarnir yfirtaka fyrirtæki í stað þess að setja þau í þrot er það gert í þeim tilgangi að reyna að fá meira upp í skuldir með því að reka fyrirtækin áfram, og selja þegar betur árar. Þar geta samkeppnissjónarmið og hagsmunir bankans togast á, segir Gylfi. Miklu skipti fyrir samkeppnisaðila, eigendur og starfsmenn hvernig staðið sé að málum.

Þessi úrskurður leggur línurnar í þeim álitamálum, segir Gylfi.



**BANKAR** Kæra Símans vegna yfirtöku Vestia, dótturfélags Landsbankans, á Teymi varð til þess að fordæmisgefandi úrskurður féll hjá áfrýjunarnefnd um samkeppnismál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SAMKEPPNISLÖGUM MÖGULEGA BREYTT

Sérfræðingar efnahags- og viðskiptaráðuneytisins fara nú yfir samkeppnislögin og líklegt er að frumvarp um breytingu á lögunum verði samið í ráðuneytinu á næstunni og lagt fram á vorþingi, segir Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra.

Samkeppniseftirlitið hefur bent á að nauðsynlegt sé að eftirlitið fái heimildir til að krefjast breytinga á skipulagi fyrirtækja ef aðstæður skapist á markaði sem séu skaðlegar fyrir samkeppni. Þær hugmyndir eru til skoðunar í ráðuneytinu.

Samkeppniseftirlitið fái aukin tæki, og fyrir það sé lagt að veita bönkunum meira aðhald þegar þeir taki yfir fyrirtæki.

„Væntanlega verða þá bankarnir að taka meira tillit til samkeppnismála og hafa fyrirtækin skemur undir sínum verndarvæng," segir Gylfi. Þó verði að taka tillit til hagsmuna bankanna með því að neyða þá ekki til að selja fyrirtækin of snemma.

Gylfi segist ekki telja að stjórnvöld þurfi að breyta lögum sérstaklega til að auka við eða draga úr heimildum Samkeppniseftirlitsins vegna úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar. Eðlilegt sé að áfrýjunarnefndin túlki lög og leggi línurnar, þó auðvitað sé svo hægt að kæra úrskurði nefndarinnar til dómstóla. Sé úrskurðunum ekki hnekkt fyrir dómstólum hafi þeir ótvírætt fordæmisgildi. **brjann@frettabladid.is**

Glitnir lánaði félagi Pálma Haraldssonar milljarða króna rétt fyrir bankahrunið:

# Sáu bankann sem sparibauk

**VIÐSKIPTI** „Þetta var mokstur úr bankanum og sukk," segir Vilhjálmur Bjarnason, lektor við hagfræðideild Háskóla Íslands og fyrrverandi hluthafi í Glitni. Hann fékk á mánudag afhent gögn frá skilanefnd bankans um lánveitingar til eignarhaldsfélagsins Fons samkvæmt úrskurði Hæstaréttar.

Gögnin sýna að lán bankans til Fons, félags í meirihlutaeigu Pálma Haraldssonar, námu 23,7 milljörðum króna. Verulega gaf í lánveitingar þegar halla tók undan fæti í íslensku efnahagslífi. Nokkur lán nálægt tíu milljörðum króna í erlendri mynt voru veitt Fons eftir að skilanefnd tók bankann yfir í október 2008.

FL Group var stærsti hluthafi Glitnis á sama tíma og lánin voru veitt til Fons, sem átti tíu prósent í FL Group. Vilhjálmur segir ljóst að helstu eigendur Glitnis hafi verið fjárvana og notað bankann líkt og sparibauk.

„Þeir áttu enga peninga enda lánaði bankinn fyrir öllu," segir hann.

FL Group, Glitnir og Fons eru öll gjaldþrota og skuldir í bú félags Pálma fjörutíu milljörðum króna. Rúmur helmingur krafna er frá Glitni. **- jab**



**VILHJÁLMUR** Lektor við HÍ og fyrrum hluthafi í Glitni segir sukk hafa einkennt bankann á síðustu metrunum.

## JAPANAR KREFJAST UPPLÝSINGA

Japanski bankinn Bank of Tokyo hefur fetað í fótspor Vilhjálms og fékk úrskurðað hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að skilanefnd Kaupþings og Arion banki upplýsi hann um afdrif fimmtíu milljóna dala gjaldmiðlaskiptasamning við Kaupþing örskömmu áður en Fjármálaeftirlitið tók lyklavöldin í bankanum í október 2008. Skilanefnd er að fara yfir úrskurðinn og verður í framhaldinu tekin ákvörðun um hvort hann verði kærður til Hæstaréttar eða ekki. Skilanefnd vildi ekki tjá sig efnislega um niðurstöðuna að svo komnu máli í gær.





PRÓFKJÖR2010

REYKJAVÍK

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninganna 2010 hófst þriðjudaginn 26. janúar og lýkur laugardaginn 30. janúar. Kjörið fer fram á internetinu, á heimasíðu Samfylkingarinnar, samfylkingin.is og þar eru allar upplýsingar um prófkjörið.

**Kosningarétt** í prófkjörinu hafa allir félagar í Samfylkingarfélögunum í Reykjavík sem eiga lögheimili eða hafa kosningarétt í Reykjavík og voru skráðir félagar í lok dags laugardaginn 16. janúar 2010.

**Kjörstaður** verður í félagsheimili Þróttar í Laugardal, gegnt Laugardalshöllinni. Þar verður opið kl. 10.00 - 18.00 laugardaginn 30. janúar. Ilmandi kaffi og heimabakaðar vöfflur í boði á kjörstað.

UPPLÝSINGASÍMI 414 2200

KJÓSTU Á NETINU SAMFYLKINGIN.IS

GANGI ÞÉR VEL!

Samfylkingin


Útsalan í fullum gangi
Parket - verð frá 5.490 kr.
Harðparket - verð frá 4.390 kr.
Plastparket - verð frá 1.990 kr.
Flísar 30x60 - verð frá 4.990 kr.
Innihurðir - verð frá 47.990 kr.
HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað er áætlað að tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa muni kosta?

2 Hver er nýr stjórnarformaður Íslandsbanka?

3 Hvaða íslenska leikkona leikur eitt aðahlutverkanna í leikritinu In Memory of Edgar Lutzen sem sýnt verður í London?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Sterkara Ísland vill hagstæða aðildarsamninga og upplýsta ESB-umræðu:

# Hreyfing ESB-sinna tekur til starfa

**STJÓRNMÁL** Ný hreyfing þeirra sem aðhyllast aðild Íslands að Evrópusambandinu tekur til starfa á föstudaginn.

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, er í hópi um 100 manna sem hafa undirbúið stofnunina. Margir þeirra stóðu að undirskriftasöfnuninni Sammála fyrir síðustu alþingiskosningar, og hafa nú stofnað félag sem heitir Sterkara Ísland – þjóð meðal þjóða.

Jón Steindór segir að Sterkara Ísland eigi að verða grasrótarsamfélag þeirra sem vilja vinna að aðild Íslands að Evrópusambandinu með því að stuðla að hagstæðum aðildarsamningi og upplýstri umræðu um aðildina. Engir sérstakir talsmenn verði kosnir og lítil áhersla verði lögð á formfestu og stjórnir, nefndir og ráð eins og algengast er í félögum. „Við viljum láta þetta vera sjálfsprottið og grasrótarlegt,“ segir Jón Steindór. „Þannig verður það að vera því á endanum er það fólkið sem tekur þessa ákvörðun en ekki einhverjar stjórnir eða talsmenn.“

Starfsemin verður kostuð með frjálsum framlögum þeirra sem vilja styðja málefnið. - pg



**AÐILDARSINNAR** Sterkara Ísland verður til húsa í Skipholti 50a. Ekki verða launaðir starfsmenn heldur er ætlunin að sjálfboðaliðar manni skrifstofuna.

Nýjung á löngum flugferðum:

# Þör geta borgað fyrir svefnrými

**NÝJA-SJÁLAND** Flugfélagið Air New Zealand hefur tilkynnt að í apríl muni pörum gefast kostur á að borga fyrir svefnpláss á ódýrasta farrými í nýjum Boeing 777-300 þotum félagsins, að því er fram kemur í frétt á vef BBC.

Fólkið þarf að borga fullt verð fyrir tvö sæti og fær þriðja sætið á hálfvirði. Sætaröðinni má svo breyta í fleti þar sem hægt er að sofa af sér langar flugferðir.

Þörin verða þó að halda sig í fötunum, svo þessi ferðamáti er ekki heppilegur fyrir fólk sem vill komast í míluklúbbinn svokallaða, með því að stunda kynlíf í háloftunum. - bj






# Vilja banna andlitsblæjur

**Andlitsblæjur múslimskra kvenna verða bannaðar í opinberum byggingum í Frakklandi fyrir árslok, nái tillögur þverpólitískrar þingnefndar fram að ganga.**

**FRAKKLAND, AP** Þrjátíu og tveggja manna þverpólitísk þingnefnd hefur skilað niðurstöðum hálfs árs rannsókna á andlitsblæjum múslimskra kvenna, sem hafa verið umdeildar árum saman.

Nefndin leggur til að konum verði bannað að klæðast slíkum blæjum, sem hylja bæði líkama og andlit, í opinberum byggingum, svo sem skólum, sjúkrahúsum, pósthúsum og samgöngumiðstöðvum.

Einungis lítið brot múslimskra kvenna í Frakklandi klæðist að staðaldri kufli, oftast þá svokölluðum nikab-kufli sem hylur allt andlitið nema augun. Nefndin taldi þó ekki rétt að banna slík föt alfarið, því það gæti bæði talist stjórnarskrárbrot og alið af sér átök í landinu. Nefndin leggur því til að slæðukuflar verði leyfðir á almannafæri í borgum og sveitum landsins, að undanskildum byggingum á vegum hins opinbera.

Bannið yrði útfært þannig að fólki verði óheimilt að hylja andlit sitt meðan það dvelst í opinberu húsnæði. Þeim sem neita að verða við því verði neitað um þá þjónustu, sem til boða stendur í viðkomandi húsnæði. Það þýðir til dæmis að kona sem mætir með andlit sitt hulið til að óska eftir fjárhagsaðstoð, sem mæður eiga rétt á, fær synjun. Nefndin leggur einnig til að öllum, sem bera á sér sýnileg merki róttækra trúarskoðana, verði neitað um dvalarleyfi og ríkisborgararétt.

Deilur um rétt kvenna til að klæðast höfuðklútum og slæðukuflum hafa staðið yfir árum saman í Frakklandi, rétt eins og í fleiri Evrópulöndum.



**Á GÖTU Í LYON** Kona klædd í hinn umdeilda nikab-klæðnað, sem franska þingnefndin vill banna í opinberum byggingum. NORDICPHOTOS/AFP

Margir Frakkar líta á þennan klæðaburð sem merki um öfgaskoðanir, lítilsvirðingu kynjajafnréttis og brot gegn veraldlegri undirstöðu franskrar stjórnskipunar.

Árið 2004 samþykkti franska þjóðþingið bann við múslimskum höfuðklútum í grunnskólum landsins.

Nefndin hefur undanfarið hálft ár kallað til yfirheyrslu meira en 200 manns, en hún hóf störf eftir að Nicolas Sarkozy forseti lýsti því yfir að slíkur fatnaður væri ekki vel séður í Frakklandi.

gudsteinn@frettabladid.is




# SKJÁR*EINN* FÆRIR ÞÉR SVO MIKLU MEIRA



**SkjárEinn** býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldsþættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú búið til þinn eigin pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.

**Fáðu þér áskrift á skjarinn.is**

EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP




SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

ENNEMM / SIA / NM40679



**SVANUR** Engu var líkara en þessi tignarlegi svanur hafi ætlað sér að stjórna hljómsveit eða kór þegar hann teygði svona úr sér á ísilagðri tjörn í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands. NORDICPHOTOS/AFP

Bæjarstjórn Álftaness fundaði seint fram á kvöld í gær um slæma stöðu:

# Leggur til uppsagnir og niðurskurð

**ÁLFTANES** Bæjarstjórn Álftaness fundaði seint í gærkvöldi um tillögur sínar til eftirlitsnefndar sveitarfélaganna, um hvernig ætti að mæta slæmri fjárhagsstöðu Álftaness.

Fundur stóð enn yfir þegar blaðið fór í prentun, en meðal þess sem átti að leggja til var að leggja niður stöður félagsmálastjóra, fræðslustjóra, leikskólafulltrúa, skipulagsfulltrúa og íþrótta- og tómstundafulltrúa bæjarins.

Kristinn Guðlaugsson, forseti bæjarstjórnar, staðfestir að skera eigi niður í rekstri sveitarfélagsins um sem nemur alls 13,5 prósentum. Stefnt sé að sex prósenta niðurgreiðslu í rekstri grunnskólans og hækka eigi leikskólagjöld um fimmtán prósent frá 1. mars.



**FRÁ ÁLFTANESI** Bæjarstjórnin ætlar að hækka leikskólagjöld um fimmtán prósent og leggja niður tómstundastyrki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áætlun bæjarstjórnar miðast við að sveitarfélagið losni undan samningum, meðal annars við Eignarhaldsfélagið Fasteign um þrjátíu ára leigu á sundlaug og íþróttahúsi. Skuldbindingarnar eru metnar á fjóra milljarða króna en leigukostnaður að óbreyttu yrði um 200 milljónir á ári í þrjátíu ár.

Einnig losni Álftanes undan þjónustusamningum við Búmenn og Ris sem kosta munu 54 milljónir króna á ári í leigu um ókomin ár. Þá verði afborganir lækkaðar um rúmlega 200 milljónir á ári með öðrum skuldbreytingum næstu ár. Kristinn segir að þessar aðgerðir séu forsenda þess að af viðræðum um sameiningu við önnur sveitarfélög verði. - pg, kóþ

Fíkniefnasmygl í Portúgal:

# Tekinn með 31 kíló af kókaíni

**PORTÚGAL Portúgalskur karlmaður, sem búsettur hefur verið hér á landi í nokkur ár, var handtekinn á leið sinni frá Portúgal í desember og hingað með mikið magn fíkniefna í fórum sínum.**

**Fréttastofa Stöðvar tvö sagðist í fyrradag ekki hafa staðfestar heimildir um magn eða gerð efnanna sem maðurinn var með í fórum sínum. Haft er hins vegar eftir fjölmiðlum í Portúgal að um 31 kíló af kókaíni sé að ræða, sem hafi átt að dreifa hér.**

**Grunur leikur á að kaupin á fíkniefnunum hafi verið fjármögnuð hérlendis.** - jab


Hagnýt ráð við farsímanotkun

– Örnámskeið fyrir starfsfólk fyrirtækja 27. janúar kl. 12 –

Fyrirtækjaþjónusta Hátækni býður upp á röð örnámskeiða í vetur. Næsta námskeið – **Hagnýt ráð við farsímanotkun** – verður í verslun Hátækni miðvikudaginn **27. jan. kl. 12.** Farið verður yfir ýmsar flýtileiðir, stillingar, brellur og brögð sem hægt er að beita við notkun Nokia farsíma.

Skráning og nánari upplýsingar á www.hataekni.is/ornamskeid. Takmarkaður fjöldi þátttakenda. Námskeiðið er ókeypis.



Hátækni 25 ára 1985 - 2010

Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími: 522 3000 | www.hataekni.is



Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið


# Skuggabankastjórn einhuga um lækkun

**Einu rökin gegn lækkun stýrivaxta er óvissa um lyktir Icesave-málsins, að mati skuggabankastjórnar Fréttablaðsins. Þórður Friðjónsson telur að hlé á vaxtalækkunum skapi aukinn vanda fyrir atvinnulífið og heimilin.**

Friðrik Már Baldursson:

## Flest styður vaxtalækkun



„Í ljósi þess að dregið hefur úr verðbólgu tel ég rétt að lækka vexti. Samt má ekki taka verðbólgutölurnar bókstaflega nú, enda útsölur inni í þeim. Engu að síður eru vísbendingar í tólf mánaða breytingunni. Horft fram á við eru raunstýrivextir enn háir. Lækkun stýrivaxta byggir á því að gjaldeyrishöftin haldi betur en áður, svo ekki komi þrýstingur á krónuna. Það eitt og sér styður lækkun vaxta.“

**VAXTAÁKVÖRÐUN**
Stýrivextir: 0,5 prósent niður
Aðrir vextir: 0,5 prósent niður

Ingólfur Bender:

## Leggur til lækkun stýrivaxta



„Ég tel að sú óvissa sem skapast hefur í kjölfar ákvörðunar forseta um að vísa Icesave-lögunum í þjóðaratkvæðagreiðslu valdi því að peningastefnunefnd verði að fara varlegar í vaxtalækkun nú en ella. Einnig tel ég rétt að nefndin lýsi því yfir að haldist gengi krónunnar stöðugt eða styrkist, og verðbólga hjaðni eins og spáð er, ættu forsendur fyrir frekari slökun peningalegs aðhalds að vera áfram til staðar.“

**VAXTAÁKVÖRÐUN:**
Stýrivextir: 1,0 prósent niður
Aðrir vextir 0,5 prósent niður

Þórður Friðjónsson:

## Tafir á lækkun auka vandann



„Ég tel öll efnahagsleg rök styðja vaxtalækkun. Meiri lækkun má rökstyðja út frá innlendum aðstæðum og horfum. Einu rökin gegn umtalsverði lækkun eru af pólitískum toga og tengjast Icesave-óvissunni, því áliti að ef við lækkum vexti áður en niðurstaða fæst skaðist ímynd okkar á erlendum vettvangi. Ég er ekki að gera lítið úr Icesave-málinu heldur vekja athygli á að hlé á vaxtalækkunum skapar aukinn vanda fyrir atvinnulíf og heimili.“

**VAXTAÁKVÖRÐUN:**
Stýrivextir: 1,0 prósent niður
Aðrir vextir: 1,0 prósent niður


Íbúðalán

Arion banki frestar öllum *uppboðsbeiðnum* út árið 2010

**Arion banki mun fresta öllum uppboðsbeiðnum vegna íbúðalána til sýslumanna út árið 2010.**
Þannig gefst fleiri viðskiptavinum okkar færi á að greiða úr málum sínum.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Við hvetjum viðskiptavini til að kynna sér fjölmargar lausnir okkar í lánamálum.
Á arionbanki.is getur þú skoðað hvað leið hentar þér best.
Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.

Arion banki

# ÚTSALA!

LÝKUR LAUGARDAGINN 6. FEBRÚAR

# 30%-70% AFSLÁTTUR

## Allt fyrir vélhjólafólkið!

Hlífðarfatnaður úr leðri og Gore-tex

- Gott úrval kvenfata
- Undirföt úr merino ull
- Regnföt
- Windstopper klæðnaður
- Vélhjólaskór
- Hjálmar
- Hanskar
- Lambhúsettur undir hjálma

MOTORS

Sérverslun vélhjólamannsins

Laugavegi 83 ::: Sími 511 2121

# Endurskoða ætti lögin

**Þrátt fyrir glæpi sem ollu stórfelldu tjóni fyrir Ísland telur Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur að hugtakið landráð nái vart yfir þá. Hann óttast að verið sé að gengisfella hugtakið landráð í umræðunni.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Nota ætti hugtakið landráð varlega í samhengi við aðdraganda og hrun íslenska efnahagskerfisins, er mat sagnfræðingsins Guðna Th. Jóhannessonar, lektors við laga- og viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Í erindi sem hann flutti í vikunni á vegum lagadeildarinnar sagði hann lítið hægt að græða á sögunni í þeirri viðleitni að meta hvort landráð hafi verið framin á allra síðustu árum.

Strax eftir efnahagshrunið á Íslandi haustið 2008 heyrðust þær ásakanir að landráð hefðu verið framin í aðdraganda þess; að bankamenn, stjórnmálamenn og embættismenn hefðu gerst sekir um glæpi eða gáleysi sem jafngiltu landráðum. Vegna þessa skrifaði Guðni grein í tímaritið Sögu. Í erindinu var saga landráða á Íslandi rakin í stuttu máli og mat lagt á landráðatal síðustu mánaða.

„Í athugasemd við frumvarpið segir að efnahagslegt tjón væri ekki landráð í eiginlegri merkingu, en hefði engu að síður þótt heppilegt að hafa þetta ákvæði innan landráðakaflans. Þegar þeir sem voru að semja kaflann um landráð voru að vinna sína vinnu fannst þeim sem sagt á grensunni að efnahagslegt tjón ætti við. Þeir voru að hugsa um stríð, svik, njósnir, byltingu og þess háttar. Þeir höfðu ekki ímyndunarafl til þess að sjá fram á hrun íslensks efnahagslífs sextíu árum síðar,“ sagði Guðni um landráðakafla almennra hegningarlaga. Hann er þeirrar skoðunar að ástæða sé til að endurskoða landráðakaflann frekar en að „reyna að teygja það sem gerðist hér á landi á allra síðustu árum yfir á eitthvað sem var samið fyrir sextíu árum.“

Tekist er á við stórar spurningar vegna þeirra atburða sem hér hafa gerst. Landráð eru ekki endilega það sama í hugskoti þjóðarinnar og hvernig landráð eru skilgreind í lögum. Sagan geymir svo þriðju útgáfuna.

Ef landráðahugtakið er tengt hruninu þarf að fá svör við því sem hér gerðist í raun, og þess vegna er skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og niðurstöðum úr rannsókn sérstaks saksóknara beðið af eins mikilli óþreyju og raun ber vitni. Sagði Guðni að ef sagan kennir okkur eitthvað þá fáist ekki skýr svör við þessum stóru spurningum fyrr en að nokkrum tíma liðnum.

Guðni sagði jafnframt að samkvæmt lögum og í almennum skilningi væri um svívirðilegan glæp að ræða. Þess vegna væri eðlilegt að spyrja sig hvort það væri í lagi að slá því fram að einhver sé landráðamaður, eins og reyndar hefur verið gert.

Guðni sagði að glæpir hefðu án efa verið framdir í aðdraganda hrunsins og margir hefðu hagað sér með óábyrgum hætti. „En mér finnst að við eigum að halda hugtakinu landráðum utan við það,“ sagði hann.

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild HR, sagði við lok fundarins að ástæða væri til að beina þeim tilmælum til sagnfræðinga, lögfræðinga jafnt sem tungumálafólks að fylgja fjölmörgum álitamálum eftir sem tengjast lögum um landráð og orðanotkun. **svavar@frettabladid.is**



**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Erindið kallaði Guðni: „Þeir fólar sem frelsi vort svíkja“ og fjallaði um lög, ásakanir og dóma um landráð á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ SEGJA ORÐABÆKUR OG LÖG?

**Landráð samkvæmt íslenskri orðabók Eddu:**
[B]rot gegn öryggi eða sjálfstæði ríkis út á við eða inn á við.
Annað orð yfir landráð er föðurlandssvik.

Í tíunda kafla almennra hegningarlaga eru ellefu greinar þar sem fjallað er um landráð og viðurlög við þeim. Þar segir meðal annars í 91. grein:

Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslensku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum.



**EKKI BEINT VÍGALEGIR** Þeir voru kannski ekki beint vígalegir, indversku hermennirnir sem munduðu vopn sín og sjóngler á vélhjóli á hersýningu í Nýju-Delí á þjóðhátíðardegi Indlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lottóvinningshafa lá ekkert á:

## Fannst eftir leit

**HAPPDRÆTTI** Rúmlega fimmtugur fjölskyldumaður gaf sig fram við Íslenska getspá í gær. Hann reyndist hafa unnið rúmar fimm milljónir króna í Lottóinu 9. janúar síðastliðinn en ekki haft fyrir því að gá á vinningsmiðann fyrr en lýst var eftir vinningshafanum. Vinningsmiðinn var keyptur í söluturninum Tröllinu í Spönginni í Reykjavík.

Í tilkynningu frá Íslenskri getspá segir að vinningshafinn ætli að njóta lífsins og kannski borga niður skuldir. - bs

**RÚSSLAND**

### Samstarf við NATO á ný

Atlantshafsbandalagið og Rússland hafa hafið formlegt hernaðarsamstarf á ný, en slíkt samstarf hefur legið niðri frá því að Rússar réðust inn í Georgíu sumarið 2008.


# LEIÐIR TIL AÐ LÆKKA GREIÐSLUBYRÐI

Frjálsi fjárfestingarbankinn býður viðskiptavinum í fjárhagsvanda fjölda leiða til að létta á aukinni greiðslubyrði.




GREIÐSLU SKJÓL 3+1

**Greiðsluskjól 3+1** er úrræði sem tekur bæði á vanda vegna hækkunar höfuðstóls erlendra lána og aukins greiðsluþunga.

- Lækkun á höfuðstól erlendra lána er um **26%** að meðaltali við skuldbreytingu yfir í íslenskar krónur.
- Greiðslubyrði getur lækkað um allt að **41%**.
- **3+1**. Greiðsluskjólsvextir í 3 ár með möguleika á aukaári fyrir skilvísa greiðendur.

Fastir verðtryggðir **3,95%** vextir í 3+1 ár.*

Fastir óverðtryggðir **6,00%** vextir í 3+1 ár.**

*Verða eftir tilboðstímann 5,25%. ** Verða jafnir eins mánaðar Reibor-vöxtum + 1,5%.

SÉRTÆK ÚRRÆÐI

Viðskiptavinum, sem glíma við sérlega erfiða fjárhagsstöðu, bjóðum við sértæk úrræði til lausnar á greiðsluvanda þeirra. Í boði er 110% veðsetningarþak á fasteignalán, sértæk skuldaaðlögun auk fjölda sérsniðinna úrræða.

GREIÐSLU JÖFNUN ÍBÚÐALÁNA

**Greiðslujöfnun** erlendra lána léttir greiðslubyrði auk þess að jafna sveiflur vegna gengisbreytinga. Höfuðstóllinn er áfram í erlendri mynt og hækkar því eða lækkar miðað við gengi íslensku krónunnar. Verðtryggð íslensk lán í skilum fóru sjálfkrafa í greiðslujöfnun í desember 2009.

ARGUS / 10-0003

Pantaðu viðtal í síma 540-5000 eða í gegnum vefsíðuna okkar, www.frjalsi.is.
Opið í afgreiðslu Lágmúla 6, 108 Reykjavík, 12.00-15.00 virka daga.
Skiptiborð opið kl. 10-12 og 13-15.

Hafðu samband – við finnum leið!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

Grunaður um að kýla löggu:

# Skal afplána refsinguna

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms um að karlmaður skuli afplána 90 daga eftirstöðvar refsingar samkvæmt þremur dómum Héraðsdóms Reykjavíkur.

Maðurinn er grunaður um að hafa kýlt lögreglumann með krepptum hnefa í hægra augað. Árásarmaðurinn reyndist vera með poka með amfetamíni.

Maðurinn hafði áður brotið rúðu í bíl og var að gramsa í honum þegar að var komið. Maðurinn kallaði til vitnisins að passa sig því bíllinn væri fullur af ormum. Í kjölfarið var hann handtekinn. - jss

Amnesty International vill láta standa rétt að málum við endurreisn Haítí:

# Mannréttindi og vernd verði sett í öndvegi

**HAÍTÍ** Mannréttindasamtökin Amnesty International leggja áherslu á nauðsyn þess að mannréttindi og vernd þeirra verði sett í öndvegi við neyðaraðstoð og enduruppbyggingu á Haítí. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem samtökin sendu frá sér í gær.

„Samtökin hvetja til þess að börn verði vernduð gegn misnotkun og mansali, réttindi þeirra sem hafa flosnað upp séu virt og konur og stúlkur fái vernd gegn kynbundnu ofbeldi. Samtökin leggja einnig áherslu á að endurreisn réttarkerfisins verði sett í forgang,“ segir í tilkynningu Íslandsdeildar samtakanna.

Þá er í yfirlýsingunni sagt nauðsynlegt að ábyrgðarhluti alþjóðlegs herliðs á svæðinu sé skilgreindur í samræmi við alþjóðlegar mannréttindareglur til að koma í veg fyrir mannréttindabrot.

Þá hvetur Amnesty International jafnframt til þess að erlendar skuldir Haítí verði afskrifaðar. Sú krafa er sögð sett fram vegna mikillar hættu á að landið geti ekki uppfyllt mannréttindi íbúa, sérstaklega efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi þeirra, verði það krafið um endurgreiðslu allra erlendra skulda.

Á reglubundnum kynningarfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir helgi kom fram að í undirbúningi væri lán til Haítí vegna uppbyggingarstarfsins, vaxtalaust til tveggja ára. Þá kom fram að niðurfelling skulda væri í umræðunni. - óká



**HUGAÐ AÐ MEIÐSLUM** Hér sést hermaður huga að meiðslum ellefu ára gamals drengs eftir jarðskjálftana á Haítí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GULLDEPLA** Smæsti nytjafiskurinn á Íslandsmiðum verður 6 til 8 sentimetra langur. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Gulldepluveiðar á Akranesi:

# Um 8.000 tonn komin á land

**FISKVEIÐAR Tvö þúsund tonnum af gulldeplu var landað á Akranesi í síðustu viku. Eftir brælu undanfarna daga héldu skip HB Granda á ný til gulldepluveiða í fyrrakvöld.**

**Um átta þúsund tonn af þessum örsmáa uppsjávarfiski hafa borist til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Skaganum frá því í byrjun desember.**

**„Vinnslan gengur orðið mjög vel,“ er haft eftir Guðmundi Hannessyni verksmiðjustjóra á heimasíðu HB Granda. „Nú vonum við bara að aflabrögðin glæðist. Ef það gerist þá verður okkur ekkert að vanbúnaði við að setja kraft í vinnsluna.“ - pg**



**FYLGJAST MEÐ LEIT** Ættingjar eins farþega vélarinnar fylgjast með björgunarskipi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugslys í Líbanon:

# Flugstjóri tók ranga stefnu

**LÍBANON, AP** Flugstjóri eþíópískrar farþegaflugvélar, sem hrapaði í hafið við strönd Líbanons á mánudag, tók öfuga stefnu og flaug í andstæða átt við það sem starfsfólk í flugturni hafði mælt með.

Þrumuveður og hvassviðri var þegar vélin tók á loft frá flugvellinum í Beirút, höfuðborg Líbanons, og hrapaði vélin skömmu eftir flugtak. Talið var að allir farþegar auk áhafnar, samtals níutíu manns, hafi farist.

Ferðinni var heitið til Addis Ababa, höfuðborgar Eþíópíu. Flestir farþegarnir voru Eþíópíumenn. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stúlka brenndist á hendi

Stúlka um tvítugt brenndist á hendi þegar yfir hana helltist heitt vatn í íbúð í Breiðholti í hádeginu í fyrradag. Hún var flutt á slysadeild þar sem gert var að sárum hennar.

### Datt illa í heimahúsi

Í fyrrinótt var kona á miðjum aldri flutt á slysadeild eftir að hafa dottið illa í heimahúsi í Breiðholti. Óttast var að hún hefði farið úr axlarlið.





HÓTEL HOLT 45 ÁRA

VINSÆLUSTU RÉTTIR FRÁ UPPHAFI

Á AFMÆLISSEÐLI HÓTEL HOLTS

AFMÆLISSEÐILL

HUMARSÚPA – Lobster cream soup – Bisque de langoustines / 65.00 *verð frá 1965*

*eða*

GRAFLAX með hunangs-sinnepssósu / 125.00

Cured salmon with honey-mustard sauce

Saumon à la nordique avec sauce moutarde au miel

RISTAÐIR HUMARHALAR í skel / 155.00

Lobster tails sautéed in shell

Queues de langoustines sautées

LAMBAHRYGGUR steiktur í hvítlaukssafa með sveppaturni / 110.00

Saddle of lamb roasted in garlic juice with mushroom timbale

Selle d´agneau rotie au jus d´ail avec timbale de champignons

CRÈPES SUZETTE / 115.00

*eða*

VANILLUÍS með ferskum ávöxtum og súkkulaðisósu / 35.00

Vanilla ice, fruits and chocolate sauce

Crème glace aux vanille, fruits et sauce au chocolat

***Sunnudaga–fimmtudaga verð 5.900 kr.***

***Föstudaga–laugardaga verð 7.500 kr.***

HÓTEL HOLT

Bergstaðastræti 37 s. 552 5700 holt@holt.is www.holt.is

VIFTUR • HÁTALARAR • MP3 SPILARAR • GEISLADISKAR • VEFMYNDA
FRÁBÆRT ÚRVAL!!! HARÐIR DISKAR • HLJÓÐNEMAR • TURNKASSAR
SKANNAR • HÝSINGAR • HEYRNATÓL • AUKAHLUTI • MARG
HÁTALARAR • TURNKASSAR • MP3 SPILARAR • LY

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR




**23 Philips 231E1SB**
23" TFT active matrix LCD breiðskjár með 1920x1080 dpi, 25000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.

**39.990**

FULLT VERÐ KR. 44.990




UNITED
MEDIASPILARI
720P HDMI CARD

**United HD MMP 9530**
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**10.990**

FULLT VERÐ KR. 14.990




**19 Samsung 923NW**
19" LCD breiðskjár með 1440x 900p upplausn, 5ms viðbragðstíma, 1000:1 skerpu ofl.

**21.990**

FULLT VERÐ KR. 24.990



LEIKJAPINNI

**Logitech Dual Action Gamepad**
Analog stýrpinni með 12 forritanlegum tökkum og hugbúnaðarstillingum fyrir leiki. Plug and play.

**4.990**

FULLT VERÐ KR. 6.990



LYKLABORÐ

**Logitech Ultra Flat**
Ótrúlega fyrirferðalítið og fallegt lyklaborð.

**3.490**

FULLT VERÐ KR. 4.990




**Toshiba Satellite PRO A300-256**
2.0GHz Intel Dual Core T3400 • 4GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • 15.4" WXGA breiðskjár • ATI Mobility Radeon HD 3450 PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • DVD/CD-RW skrifari • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro

**129.990**

FULLT VERÐ KR. 149.990






FERRARI RAUÐ

**Acer Ferrari One 313G25N**
1.2Ghz AMD Athlon X2 Dual Core L310 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA diskur • 11,6" TFT WXGA skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort • Vefmyndavél • Li-ion rafhlaða (5 klst.) • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.990**

FULLT VERÐ KR. 139.990




**Toshiba Satellite Pro A300-1PX**
2.26GHz Intel Core 2 Duo P8400 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz minni • 250GB SATA diskur • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust netkort • DVD/CD-RW skrifari • Windows Vista Business ásamt XP Pro

**114.990**

FULLT VERÐ KR. 139.990

**AÐEINS BROT AF ÚRVALINU – TAKMARKAÐ MAGN!**

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

NOKKUR DÆMI UM GÓÐ KAUPTÆKIFÆRI

**Prentarapappír með góðum afslætti**
**Allt að 40% afsláttur af heyrnartólum**
**Fjöldi músa og lyklaborða á útsölu**
**Mikil lækkun á völdum netbúnaði**
**Valdir flakkarar á ótrúlegu verði**
**Sjónvarpsflakkarar með allt að 30% afslætti**
**Skjákort á fáránlega góðu verði – Takmarkað magn**
**Síðustu eintök af fjölda fartölva á algjöru rýmingarverði**
**...og margt, margt fleira – Sjón er sögu ríkari!**

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Vantraust getur verið eyðandi afl.

## Traust býr til traust

**MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR**

Ein af eðlilegum afleiðingum hrunsins fyrir tæpum sextán mánuðum var að traustið þvarr. Nú skortir traust milli stjórnar og stjórnarandstöðu, traust skortir milli almennings og lykilstofnana þjóðfélagsins, og traust skortir á atvinnulífið. Það skortir almennt traust milli manna.

Við sjáum það hins vegar í daglegu lífi þjóðarinnar hvað þetta vantraust reynist þjóðinni dýrt. Almennt vantraust á milli stjórnmálamanna sem eiga að leiða þjóðina í gegnum kreppuna hefur haldið þjóðinni í heljargreipum Icesave svo mánuðum skiptir. Það hefur aftur komið í veg fyrir að umhverfi atvinnulífsins komist í eðlilegt horf þannig að verðmætasköpun geti hafist með auknum hagvexti, fjölgun starfa og bættum lífskjörum. Skortur á trausti leiðir til þess að allar ákvarðanir taka lengri tíma, ef einhverjar ákvarðanir eru þá teknar yfirleitt. Vantraust er ávísun á ákvarðanafælni, sem aftur viðheldur óbreyttu ástandi. Það væri áhugavert ef hagfræðingar myndu reyna að leggja mat á það hvað þetta ástand hefur kostað þjóðina frá því í fyrrasumar í töpuðum tekjum – minni hagvexti, auknu atvinnuleysi og fleira. Trúlega myndi þjóðinni bregða við þeirri upphæð sem út úr því reikningsdæmi kæmi.

Mjög eðlileg viðbrögð við vantrausti eru að leggja aukna áherslu á allt eftirlit og herða reglur um flesta hluti. Þetta sjáum við á flestum sviðum þjóðlífsins í dag. Allt á að rannsaka, ferli skal bæta og valdsvið eftirlitsstofnana er aukið. Áfram ríkir þó sama vantraustið. Því þó vissulega þurfi að tryggja með öllum ráðum að sagan endurtaki sig ekki þá býr aukið eftirlit ekki til aukið traust. Traust kemur aldrei utan frá því traust býr til traust – og vantraust býr til vantraust.

Traust hefst hjá „mér og þér" – að við fáum það á tilfinninguna að fólki sé treystandi. Hins vegar er fátt eins mikilvægt fyrir traust en að finna fyrir trausti. Þetta hafa nokkrir bændur upplifað undanfarin sumur, sem hafa komið fyrir grænmeti á völdum ferðamannastöðum þar sem ferðamönnunum sjálfum er treyst fyrir því að skilja eftir pening fyrir því grænmeti sem þeir taka. Og þetta einfalda kerfi virkar því það er rík mannleg hegðun að vilja launa traust með trausti.

Stóra spurningin er hins vegar hvort íslenska þjóðin sé komin nógu langt í hrunferlinu til að komast yfir vantraustið og byrja að treysta á ný? Þeirri spurningu verður hver og einn að svara fyrir sig.

Það er ömurlegt hlutskipti að treysta fáum – og skelfilegt hlutskipti að treysta engum nema sjálfum sér. Það er alltaf einhver áhætta samfara trausti, en það mun reynast þjóðinni ákaflega dýrt ef sú áhætta verður ekki tekin fljótlega.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frestland

Frestur er á öllu bestur. Þetta gæti verið einkennisorð Íslands um þessar mundir. Eftir að útgáfu skýrslu rannsóknarnefnar Alþingis vegna bankahrunsins var frestað í annað sinn ræða menn hvort ekki sé rétt að fresta þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave. Nú hefur niðurskurður á RÚV orðið þess valdandi að Eddunni var frestað fram í febrúar. Og til að bæta ofan á svart, hefur Þorrablótinu á Klörubar á Kanaríeyjum verið frestað í annað sinn vegna lélegrar þátttöku.



### En ekki hvað?

Það er orðin lenska hjá talsmönnum fyrirtækja sem yfirvöld gera húsleit hjá að taka sérstaklega fram að starfsfólk ætli að vera svo almennilegt að reyna að svara öllum þeim spurningum sem það getur. Í gær hafði Vísir það til dæmis eftir Þorvarði Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Deloitte, að fyrirtækið leitaðist við að veita embætti sérstaks saksóknara allar þær upplýsingar sem um væri beðið. Þó það nú væri!



### Illsamrýmanleg markmið

Vefmiðillinn Eyjan birti í gær brot úr tillögum sérstaks starfshóps sem Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra skipaði til að gera skýrslu um heildarendurskoðun á áfengislöggjöfinni og hefur skilað tillögum sínum. Þar kemur fram að töluvert svigrúm sé til að hækka frekar álögur á áfengi og ná með því „taumhaldi á áfengisdrykkju í landinu í samræmi við markmið stjórnvalda". Engu að síður vill hópurinn að áfengisauglýsingar verði leyfðar með takmörkunum. Hvernig koma þær auglýsingar til með að hljóma? „Þeir drekka Egils Gull sem hafa efni á því"?

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Hvers vegna var Icesave tekið úr sáttaferlinu?



**EIRÍKUR BERGMAN**

**UMRÆÐAN** | ICESAVE

Ein áleitnasta ráðgátan í Icesave-málinu, sem nú hefur plagað þjóðin vel á annað ár, er hvers vegna fjármálaráðherra kaus að taka málið úr sáttaferlinu sem því hafði loks verið komið í með Brussel-viðmiðunum svokölluðu, sem kváðu meðal annars á um þverþjóðlega aðkomu fleiri Evrópuríkja að lausn málsins, og ákvað þess í stað að hefja tvíhliða viðræður við Breta og Hollendinga.

Brussel-viðmiðin frá 14. nóvember 2008 voru niðurstaða fjölþjóðlegs sáttaferils sem íslensk stjórnvöld náðu loksins fram eftir fátið sem varð í kjölfar falls bankanna. Áður hafði fjármálaráðherra Íslands meira að segja samþykkt bindandi gerðardóm sem viðsemjandinn hafði nánast í hendi sér og innlend stjórnvöld höfðu í trekk samþykkt undarlegustu skilmála í deilunni. En með Brussel-viðmiðunum, sem samþykkt voru í kjölfar fundar fjármálaráðherra allra ESB-ríkja, undir forsæti Frakka, tókst loks að koma málinu undan krumlu Breta og Hollendinga og inn á hinn sameiginlega vettvang í Brussel – þar sem það átti alltaf heima enda snýst það um sameiginlegar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í viðmiðunum undirgengust íslensk stjórnvöld það eitt að EES-réttur gildi auðvitað hér á landi sem annars staðar á svæðinu en fyrri þvingunarsamningar féllu um leið úr gildi. Á móti fékkst sú mikilvæga viðurkenning að í komandi samningum ætti að taka tillit til sérstakra og fordæmislausra aðstæðna á Íslandi eftir hrun og um leið var pólitísk aðkoma Evrópusambandsins til að miðla málum tryggð. Franski fjármálaráðherrann, Christine Lagarde, gegndi hér lykilhlutverki og utanríkisráðherra Spánar, Miguel Angel Moratinos, tók að sögn undir sjónarmið Íslands á bak við tjöldin.

Þann 5. desember samþykkti Alþingi svo tillögu um að hefja samninga á grundvelli Brusselviðmiðana. Það var hins vegar aldrei gert. Einhverra undarlegra og enn þá óútskýrðra hluta vegna kaus nýr fjármálaráðherra nefnilega að taka málið úr sáttaferlinu. Í stað þess að gera marghliða þjóðréttarsamning í samstarfi við ESB fól hann pólitískum trúnaðarmönnum sínum að ganga frá einkaréttarlegum lánasamningi við fjármálaráðuneyti Breta og Hollendinga. Getur verið að það hafi verið gert án samráðs við stofnanir ESB eða aðra forsvarsmenn þess?

Á þessum tíma mátti mönnum vera ljóst að tvíhliða viðræður við fjármálaráðuneyti Bretlands og Hollands myndu í öllum tilvikum skila lakari niðurstöðu heldur en yrði með marghliða pólitískri lausn á Evrópuvettvangi – en hlutverk allra fjármálaráðuneyta er að hámarka afkomu eigin ríkissjóðs. Að auki var svo auðvitað ólöglegt að hunsa þingsályktunartillöguna með þeim hætti sem gert var. Því stendur upp á fjármálaráðherra að svara spurningunni: Hvers vegna kaus hann að taka málið úr sáttaferlinu?

Nú geta menn svo sannarlega haft ólíkar skoðanir á réttmæti synjunar forsetans en með henni höfum við nú fengið annað tækifæri til að leita sátta á breiðum grundvelli. Mikilvægt er að grípa þetta örþrönga færi og koma málinu á nýjan leik inn á Evrópuvettvanginn og bjarga þannig undan hrömmum fjármálaráðuneyta Bretlands og Hollands. Svo virðist þó að enn sé deilt um það innan ríkisstjórnarinnar, að einhverjir vilji jafnvel frekar fá Norðmenn til að miðla málum heldur en leiðtoga Evrópusambandsins.

Ef rétt er lýsir það annað hvort pólítískri blindu eða vanþekkingu á eðli alþjóðamála. Fyrir utan að eiga mun meira undir Bretum en Íslendingum hafa Norðmenn engin áhrif á Evrópuvettvangi og gagnast því lítið í málafylgju fyrir Ísland í þessu máli. Eina leiðin til að ná betri útkomu er að fá leiðtoga ESB að málinu.

Því miður eru teikn um að pólitísk afstaða til ESB-aðildar blandist með óheppilegum hætti inn í afstöðu sumra íslenskra stjórnmálamanna til málsins. Því er rétt að taka fram að í aðkomu ESB að Icesave-málinu er ekki að finna neina röksemd fyrir Evrópusambandsaðild Íslands – það er allt annað og seinni tíma mál. Ég hef áður lýst efasemdum um hyggindi þess að klofin ríkisstjórn semji um ESB-aðild. Framkvæmdastjórn ESB hefur ekki mikinn hvata til að gefa eftir í aðildarviðræðum við ríki sem hún hefur ekki trú á að hafi nægjanlega tryggt pólitískt bakland til að koma málinu í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu heima fyrir.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur.*

# Vandi íslenskra fjölmiðla

**UMRÆÐAN**

Gunnar Hersveinn skrifar um fjölmiðla



**GUNNAR HERSVEINN**

Hlutverk fjölmiðlafólks er þýðingarmikið um þessar mundir en hlutskipti þeirra er dapurlegt. Fjölmargir reyndir blaðamenn með bein í nefinu standa nú utan fjölmiðla – þeim hefur verið sagt upp störfum. Höfundar greina og pistla geta ekki heldur lengur selt skrif sín. Gagnrýnin hugsun er á undanhaldi í íslenskum fjölmiðlum en léttmeti sem laðar að sér auglýsingar á greiðan aðgang.

Blaðamenn og –konur hafa aðgang að valdafólki og viðskiptalífi. Þau geta í krafti fjölmiðils spurt spurninga og krafist svara. Þau geta viðað að sér efni og samið mikilvægar fréttaskýringar til að varpa ljósi á stöðuna. Skjólstæðingar þeirra er almenningur og aðeins almenningur. Verk sem þeim gefst kostur á að vinna vel – býr yfir samfélagslegri ábyrgð og hefur jákvæðar afleiðingar.

Nú stendur yfir óvissutími vegna ICESAVE og brátt verður skýrsla rannsóknarnefndar Alþings birt en á sama tíma eru fjölmiðlar vanbúnir til að takast á við verkefnið sem liggur fyrir. Sögulegir atburðir eiga sér stað sem skilja á milli feigs og ófeigs, og vönduð miðlun til þjóðarinnar getur ráðið úrslitum um framhaldið. En hvað gerist þá? Fréttamenn missa vinnuna og þeir sem eftir eru hafa æ sjaldnar tíma til að vanda sig sökum álags.

Hver og einn blaðamaður reynir að standa sig í fréttamiðlun en það er vissulega áhyggjuefni þegar þeir hafa ekki lengur stuðning sér reyndari og ekki heldur tíma til að klára málin. Það er nauðsynlegt að kryfja málin, leita í margar heimildir, efast og loks að semja vandaðar fréttaskýringar – en til hverra getur fréttastjórinn leitað þegar svo margir afburðagóðir fréttamenn standa utandyra?

Kröfuharðir lesendur, hlustendur og áhorfendur fjölmiðla verða að láta til sín heyra og mótmæla þessari afleitu stöðu á svo mikilvægum tímum. Ef til vill hefur aldrei verið meiri þörf á hörðu, gagnrýnu, reyndu og úthaldsgóðu fjölmiðlafólki til að glíma við það efni sem berst á fjölmiðla þessi misserin.

*Höfundur er rithöfundur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Hundrað þúsund dósir af mais í boði: 39 kr.stk

EUROSHOPPER MAISKORN Í DÓS 340g




39 KR.DS




1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR/FILET



598 KR.KG
K.S LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
ALLIR BESTU BITARNIR




898 KR.KG
NV FERSKT NAUTAHAKK




598 KR.KG
K.F FROSIÐ NAUTAHAKK 620g



198 KR.PK
BÓNUS ÞRIGGJAKORNA BRAUÐ 500g



198 KR.PK
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ HVÍTT 770g



698 KR.KG
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




498 KR.PK
N.V FERSKIR 80g NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI




398 KR.KG
K.F NÝTT KJÖTFARS




398 KR.PK
EMMESS ÍSBLÓM 6 STK Í PAKKA
DAIM OG JARÐARBERJA



498 KR. 6 FL
EGILS KRISTALL 6 FL./500ml
*SÍTRÓNU*




259 KR. PK
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 1,5 kg




295 KR. PK
EUROSHOPPER KORNFLEKS 750g




359 KR. PK
EUROSHOPPER MÚSLÍ 1 kg

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00 -18.30

# Skimun og krabbamein

UMRÆÐAN
Vilhjálmur Rafnsson skrifar um heilbrigðismál


VILHJÁLMUR RAFNSSON

Í viðtali við Jóhann Ágúst Sigurðsson í 19 fréttum RÚV 21. janúar 2010 var fjallað um skimun fyrir krabbameinum. Þar setti Jóhann Ágúst, prófessor í heimilislækningum, fram efasemdir um gagnsemi þeirra. Í fréttinni komu fram villandi upplýsingar og rangfærslur sem hér verða ræddar og reynt að leiðrétta.

Jóhann varpaði fram varhugaverðum alhæfingum um krabbamein í fréttinni. Krabbamein eru mörg og mismunandi og geta verið sprottin frá hinum ýmsu vefjum og líffærum líkamans. Í viðtalinu gerir Jóhann ekki greinarmun á krabbameinum og spyrðir sérstaklega saman brjóstakrabbamein og krabbamein í blöðruhálskirtli á villandi hátt.

Skimun fyrir brjóstakrabbameini var metin og rannsökuð í erlendum rannsóknum áður en hún hófst hér á landi og þær rannsóknir sýndu að dánartíðni vegna brjóstakrabbameins lækkaði í hópunum sem boðið var til skimunar í samanburði við hópana sem ekki var boðið til skimunar. Heilbrigðisyfirvöld hér á landi komu á fót skimun fyrir brjóstakrabbameini 1987 og það er einnig gert í nágrannalöndum okkar.

Í rannsóknum á mati á skimun fyrir krabbameini í blöðruhálskirtli hefur ekki verið óyggjandi sýnt fram á að dánartíðni vegna krabbameinsins lækki í skimunarhópi miðað við samanburðarhóp og heilbrigðisyfirvöld hér á landi sem og í öðrum löndum mæla ekki með né hafa komið á fót slíkri skimun.

Því er rangt að slá saman skimun fyrir brjóstakrabbameini og krabbameini í blöðruhálskirtli því niðurstaða rannsókna á skimun fyrir þessi krabbamein er mjög mismunandi.

Stöðug aukning hefur orðið á brjóstkrabbameinum hér á landi frá árinu 1958 til 2007 eins og sjá má á vef Krabbameinsfélagsins. Á sama vef er hægt að sjá að dánartíðni vegna brjóstakrabbameins hefur á sama tíma lækkað og fimm ára hlutfallsleg lifun eftir greiningu er um 90%. Það er mjög líklegt að þessi góði árangur í meðferð brjóstakrabbameins hafi náðst vegna skimunarinnar og betri meðferðar.

Jóhann segir það ósannað að betra sé að greina krabbamein á frumstigi. Í þeirri fullyrðingu felst bæði rangfærsla og rökfræðilegur orðaleikur. Rannsóknir í læknisfræði leiða ekki til sönnunar gagnstætt því sem á við um niðurstöður í stærðfræði. Læknisfræðin byggir á niðurstöðum rannsókna og líkum eða því sem best er vitað. Niðurstöður rannsókna sýna að meðferð brjóstakrabbameins og krabbameins í blöðruhálskirtli, sem greinist á frumstigi er, árangursríkari og hlutfallsleg lifun sjúklingana eftir greiningu er betri en þegar krabbamein greinast á hærri stigum. Þetta á við hvort sem krabbameinin hafa greinst vegna skimunar eða á annan hátt.

Jóhann segir það hugsanlegt að til séu krabbameinsfrumur sem líkaminn ræður við. Það eru ekki til rannsóknir á því hvort svo sé og það eru ekki heldur til aðferðir til að þekkja slíkar krabbameinsfrumur frá öðrum krabbameinsfrumum. Náttúrulegur gangur krabbameinsfruma er hins vegar vel þekktur, hann er þannig að krabbameinsfrumum fjölgar svo úr verður æxli sem vex út úr upprunavef og í nálæg líffæri og sum krabbamein sá sér í fjarlæg líffæri. Þessi ferill getur tekið mislangan tíma og í dag eru ekki þekktar góðar greiningaraðferðir til þess að þekkja þær krabbameinsfrumur, sem vaxa hægt og staðbundið, frá öðrum krabbameinsfrumum. Grundvallarregla í lækningum er að veita meðferð við slíkum krabbameinsfrumum, og það er brýnt að hraða meðferð ef um einkenni frá krabbameinsfrumunum er að ræða, jafnvel þótt smávægileg séu.

Það gildir einnig um þá sem hafa einkenni, sem þeir telja að geti stafað af krabbameini, að þeir ættu að leita strax til læknis til þess að fá greiningu snemma og hugsanlega meðferð. Það er aðalsmerki nútímalækninga að greining og meðferð sjúkdóma fari fram í opinni upplýstri samvinnu læknis og sjúklings.

Það fylgir því ábyrgð að koma fram í útbreiddum og áhrifamiklum fjölmiðli og setja fram fullyrðingar um skimun, sem geta haft mikilsverðar afleiðingar fyrir líf fjölda fólks. Það er ljóst að Jóhann Ágúst Sigurðsson, prófessor í heimilislækningum, hefur í fréttinni sett fram rangar og villandi upplýsingar varðandi skimunarstarfsemi, krabbamein og krabbameinsfrumur sem ekki eru í samræmi við læknisfræðilega þekkingu.

*Höfundur er prófessor í heilbrigðis- og faraldsfræði við Háskóla Íslands. Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.*

# Að ala upp barn

UMRÆÐAN
Bryndís Haraldsdóttir skrifar um uppeldismál


BRYNDÍS HARALDSDÓTTIR

Foreldrahlutverkið er án ef mikilvægast hlutverk okkar sem því gegnum. Að vita muninn á réttu og röngu er ekki nóg heldur þurfum við að finna leiðir til að skapa hverjum einstaklingi tækifæri til að þroskast og verða gegn samfélagsþegn. Hverju barni fylgir 18 ára ábyrgð því foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum til 18 ára alduers. Skólar og leikskólar hafa á undanförnum árum tekið að sér stærri hluta af uppeldi barna og lýsir það fyrst og fremst breyttum aðstæðum í samfélaginu. En þó skólar beri mikla ábyrgð á börnum þessa samfélags þá þýðir það ekki að ábyrgð okkar foreldra minnki. Þeim mun mikilvægara er að samstarf þessara aðila sé gott. Foreldrar eiga að vera hluti af skólasamfélaginu. Með öflugu og góðu samstarfi skóla, heimilis og tómstundastarfs getum við byggt upp sterkari einstaklinga til framtíðar.

Það að foreldrar séu í virku og góðu samstarfi við kennara og aðra starfsmenn skólanna er ekki nægjanlegt. Einnig er mikilvægt að foreldrar þekkist sín á milli og geti rætt saman ef eitthvað kemur upp á. Samband bekkjakennara og foreldra þarf að vera gott þannig að kennari finni fyrir stuðningi hjá foreldrum og öfugt. Öflugt foreldrastarf hefur jafnframt mikið forvarnagildi og tryggir ákveðnari ramma utan um uppeldi barna og unglinga, til dæmis hvað varðar útivistartíma, tölvunotkun, sjónvarpsáhorf og fleira.

Foreldrar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þróun skólastarfs og þurfa að eiga fulltrúa í stjórnun skólanna. Með nýjum menntalögum er búið að festa þetta í sessi en þar kemur fram að foreldrar skuli eiga að minnsta kosti einn fulltrúa í skólaráði hvers skóla.

Mikilvægt er að skólaráð taki virkan þátt í mótun og uppbyggingu skólastarfsins og að það hafi raunveruleg áhrif á stefnu og þróun skólans en sé ekki vettvangur til þess eins að gefa upplýsingar um það sem þegar hefur verið ákveðið.

Skólar og leikskólar landsins standa frammi fyrir mjög krefjandi verkefni. Á síðustu árum hefur gæði skólastarfs aukist svo um munar og því hefur fylgt aukið fjármagn. Nú er staðan sú að allir skólar á landinu þurfa að hagræða verulega en á sama tíma er gerð krafa um að þjónusta við börnin sé skert sem minnst. Við þessar aðstæður er mikilvægt sem aldrei fyrr að foreldrar séu með í ráðum og að fulltrúi foreldra taki virkan þátt í því að móta tillögur að hagræðingu. Foreldrar eru auðlind í skólastarfinu og nauðsynlegt er að nýta þá auðlind með skynsamlegum hætti.

*Höfundur situr í stjórn Heimilis og skóla landssamtaka foreldra.*





Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Þarftu að losa um verðmæti?

Listmunasala hefur gengið vel undanfarið

Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð

LISTMUNASALA fold

Ennfremur erum við sífellt að leita að verkum gömlu meistaranna fyrir viðskiptavini okkar.

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–14

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is


# Bæta þarf regluverk fyrir fjármál sveitarfélaganna

UMRÆÐAN
Kristján Möller skrifar um fjármál sveitarfélaganna


KRISTJÁN L. MÖLLER

Fjármál sveitarfélaga hafa verið í sviðsljósinu og er ástæða þess ekki síst fréttir af bágri fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Álftaness og afskiptum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins af fjármálum þess.

Sveitarfélög landsins hafa orðið fyrir barðinu á efnahagskreppunni sem reið yfir þjóðina haustið 2008. Halli á rekstri þeirra árið 2008 var um 20 milljarðar á móti nær 50 milljarða afgangi árið 2007, sem sýnir vel umskiptin í fjármálum sveitarfélaganna á stuttum tíma.

Ég tel að gott og náið samstarf hafi ríkt á milli ríkis og sveitarfélaga á þessum tíma og gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða af hálfu ríkisvaldsins til að auðvelda sveitarfélögum aðlögunina. Hámarksútsvar var t.d. hækkað í ársbyrjun 2009 um 0,25 prósentustig, eins milljarðs króna aukaframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga var tryggt og ákvörðun Alþingis um heimild til útgreiðslu séreignasparnaðar færir sveitarfélögum auknar útsvarstekjur meðan sú heimild varir.

## Misjöfn fjárhagsstaða

Það er þó mikilvægt að hafa í huga að fjárhagsstaða sveitarfélaganna er afar misjöfn og forsendur sveitarfélaganna til að takast á við erfiðleikana eru ólíkar. Ég vænti þess að allflest sveitarfélög hafi, þrátt fyrir allt, ágætar forsendur til að takast á við þessar tímabundnu hremmingar með almennum aðgerðum og með aðhaldi í rekstri og fjárhagslegri endurskipulagningu.

Meginvandi sveitarfélaganna um þessar mundir er ekki síður skuldavandi en tekjustofnavandi. Það felur í sér að skuldir sveitarfélaga sem hvað verst eru stödd eru óeðlilega hátt hlutfall af rekstrartekjum þeirra. Stofnað var til skulda eða skuldbindinga nokkur síðustu ár. Þetta átti einkum við um vaxtarsveitarfélögin svokölluðu, þ.e. þau sveitarfélög þar sem fólki fjölgaði meira en á landsvísu. Fall krónunnar og stigmögnun verðbólgu breytti svo öllum forsendum með þeim afleiðingum að skuldirnar, sem voru fyrir hrunið orðnar verulegt hlutfall af rekstrartekjum, hafa reynst enn þyngri.

## Styrkja þarf reglur

Kreppan hefur opinberað fyrir okkur sem vinnum að sveitarstjórnarmálum ákveðna veikleika í fjármálaumgjörð sveitarfélaganna og þar með laga- og regluumhverfi sem við þurfum að vinna sameiginlega að skjótum úrbótum á. Ég nefni þrjú atriði.

Í fyrsta lagi tel ég að heimild sveitarstjórnarmanna til að skuldsetja sveitarfélag sitt sé of rúm í núgildandi sveitarstjórnarlögum. Ég tel nauðsynlegt að sett verði ákveðið þak á skuldsetningarheimild, hvort sem það er vegna hefðbundinnar lántöku eða skuldbindinga til langs tíma. Þá þarf að fara rækilega yfir ákvæði er varða heimildir sveitarfélaga til að ábyrgjast skuldir fyrirtækja sveitarfélaga. Unnið er að heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga og munu tillögur um breytingar, þar með talið á fjármálakafla laganna, líta dagsins ljós í vor.

Í öðru lagi hefur efnahagssamráð ríkis og sveitarfélaga verið of takmarkað, en það hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn talið til veikleika í samskiptaumhverfi okkar. Unnið er að umbótum á þessu sviði í samráðsnefnd um efnahagsmál á grundvelli vegvísis sem undirritaður var 1. október síðastliðinn fyrir hönd ríkissjóðs af fjármálaráðherra og mér annars vegar og formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar.

Í þriðja lagi tel ég brýnt að efla skil á fjármálaupplýsingum frá sveitarfélögum svo tryggt verði að upplýsingar um þróun í fjármálum þeirra berist ráðuneytinu og öðrum aðilum fyrr en nú er. Reglugerðarbreyting, nr. 1064/2009, tók gildi nú um áramótin er kveður á um markvissari söfnun fjármálaupplýsinga ársfjórðungslega.

## Aðhald borgaranna mikilvægt

Að lokum vil ég nefna mikilvægi þess að efla hið lýðræðislega aðhald borgaranna sjálfra með starfsemi sveitarstjórnarmanna og vitund þeirra um sameiginlega ábyrgð. Það er afar brýnt að sveitarstjórnarmenn sýni ábyrgð í rekstri og sníði sveitarsjóði sínum stakk eftir vexti.

Það er meginskylda hverrar sveitarstjórnar samkvæmt sveitarstjórnarlögum að gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags fari ekki fram úr heildartekjum þess. Ekki er hægt að vísa ábyrgð á aðra ef illa fer og fari eitthvað úrskeiðis í þessum efnum þá lendir það á endanum á íbúunum sjálfum að greiða úr fjármálavanda með auknum byrðum.

Íbúar í Álftanesi og í Bolungarvík hafa því miður orðið áþreifanlega varir við þetta. Því þarf það að vera meginleiðarljós við þá endurskoðun sveitarstjórnarlaganna sem nú stendur yfir, að tryggja betri aðgang og rétt borgaranna til upplýsinga og þátttöku í málefnum sveitarfélaga sinna.

*Höfundur er samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.*



**SÓLARKAFFI** Ísfirðingafélagsins verður haldið föstudaginn 29. janúar á Hilton Nordica. Ísfirðingafélagið var stofnað árið 1945 en tilgangur þess er að viðhalda kynningu milli brottfluttra Ísfirðinga og efla tryggð þeirra við átthagana. Sólarkaffi er árlegur viðburður félagsins.




La Villa
Gistiheimili í Kaupmannahöfn
Herbergi og studioíbúðir
í miðbænum
sími 0045-2848 8905














Eva Hrönn stofnaði ásamt göngufélögum sínum gönguklúbbinn Horní, í höfuðið á Hornströndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tappi fyrir hvern tind

**Eva Hrönn Guðnadóttir gekk í fjóra daga um Hornstrandir á Vestfjörðum fyrir tveimur árum. Hún segir nauðsynlegt að komast úr skarkala borgarlífsins af og til og er þegar farin að hlakka til næsta sumars.**

„Það er mjög sérstakt að koma þarna og vera alveg út af fyrir sig, í engu símasambandi og heyra ekkert í umferð eða öðrum borgarnið. Þetta er afar fallegur staður og ég mæli heils hugar með svona ferð,“ segir Eva Hrönn Guðnadóttir, grafískur hönnuður, sem gekk í fjóra daga um Hornstrandir á Vestfjörðum ásamt eiginmanni sínum og vinafólki sumarið 2008.

Eftir töluverða keyrslu frá Reykjavík fór hópurinn með bát út í Hornvík, milli Hælavíkurbjargs og Hornbjargs, þar sem gist var fyrstu nóttina. „Svo gekk ferðin út á að ganga frá einni vík yfir í aðra í fjóra daga,“ segir Eva Hrönn. „Við fórum yfir eitt fjall á dag til að komast yfir í næstu vík, um það bil tuttugu kílómetra á dag, með tjald og helstu nauðsynjar í bakpoka.“

Sú hefð skapaðist fljótlega að göngugarparnir fengu sér súkkulaðistöng þegar hverjum tindi var náð. Þegar hópurinn tjaldaði niðri við sjó á kvöldin var svo dreginn upp koníakspeli og fengu allir að gæða sér á einum tappa af guðaveigunum. „Þarna voru refir sem löbbuðu í kringum okkur, pissuðu í hringi til að merkja sér svæði og svo framvegis. Þegar við vöknuðum fyrsta morguninn voru litlir yrðlingar að þvælast í kringum tjaldið okkar, það var mjög sérstakt. Svo óðum við yfir ár og böðuðum okkur meira að segja í einni ánni, því auðvitað var ekki hægt að komast í sturtu. Það var kalt en skemmtilegt.“ segir Eva.

Að sögn Evu var hópurinn afar heppinn með veður stærstan hluta göngunnar. Síðustu nóttina rigndi þó svo stíft að nauðsynlegt þótti að leita skjóls í einu af sjúkraskýlunum sem reist hafa verið með reglulegu millibili á þessum slóðum.

Áfangastaðurinn var í Aðalvík, þar sem Evu og félögum var boðið í kjötsúpuveislu af ættingjum hennar. Þar gisti hópurinn í tvær nætur til viðbótar og slakaði á eftir gönguna. „Að ferðinni lokinni gátum við ekki beðið eftir að komast í aðra slíka. Við stofnuðum gönguklúbbinn Horní, í höfuðið á Hornströndum, fyrir ferðina og erum þegar byrjuð að skipuleggja næsta sumar. Meðal annars höfum við í hyggju að undirbúa okkur með því að fara í eina gönguferð á viku í nágrenni Reykjavíkur næstu mánuði,“ segir Eva Hrönn. *kjartan@frettabladid.is*


;ALLT
**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447
TÍSKA
Fimmtudaga





**BLOOMBERG**-fréttaveitan hefur greint frá því að General Motors muni líklega selja fyrirtækið Saab til Spyker Cars.






Sautján Land Cruiser 150 seldust strax eftir frumsýningu bílsins 8. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Beðið eftir Land Cruiser

**Land Cruiser-jepparnir hafa notið eindæma vinsælda á Íslandi í fjöldamörg ár. Margir hafa greinilega beðið spenntir eftir hinum nýja Land Cruiser 150 enda hafa 26 bílar selst frá frumsýningu 8. janúar.**

Land Cruiser 150 var frumsýndur á Íslandi í upphafi árs. Hér er um að ræða töluvert endurhannaðan bíl bæði að utan og innan.

Ytra byrðið er allt mun straumlínulagaðra en það var á Land Cruiser 120 bílnum. Brettakantar eru innfelldir og ljós að framan og aftan mun töffaralegri. Að innanverðu má einnig sjá töluverðar breytingar. Rými fyrir farþega er meira en áður þar sem bíllinn er aðeins stærri auk þess sem sætin eru nettari og taka minna pláss. Mælaborðið hefur fengið nýtt útlit og kannski má helst hnýta í hönnunina þar, sem er heldur kassalaga í svo fínan bíl, en hentar jú ef til vill ágætlega jeppafólkinu sem sækir í að eiga bílinn.

Land Cruiser 150 er búinn þriggja lítra túrbódísilvél sem skilar 173 hestöflum. Vélin vinnur vel úr aflinu og slær ekki af í bröttum brekkum. Bíllinn er búinn sítengdu fjórhjóladrifi ásamt tregðulæsingu og auk þess nokkrum skemmtilegum eiginleikum á borð við DAC (stjórn hraða niður brekku og HAC (aðstoð við að taka af stað í brekku).

Aðrar skemmtilegar nýjungar sem má nefna eru opnanleg afturrúða, 220 V rafmagnsinnstunga í farangursrýminu og lyklalaus opnun og ræsihnappur auk bluethooth-möguleika.

Bíllinn fæst í þremur útfærslum LX, GX og VX. Reynslueknar voru GX- og VX-gerðirnar og var nokkur munur á þeim. Augljósasti munurinn er líklega verðið. Sjálfskiptur GX kostar 10,4 milljónir og VX dísilútfærslan kostar 12,3 milljónir.

Hægt er að fá allar gerðir 150-bílsins með sjö sætum og er frágangurinn í kringum aukasætin ein þeirra nýjunga sem hefur heppnast einstaklega vel. Nú eru aukasætin í skottinu felld niður í gólfið. Það er því aðeins hærra en venjulega en varla þannig að tekið sé eftir því. Í VX útgáfunni eru sætin reist upp og felld niður með einum rafknúnum takka. Þá er einnig auðvelt að komast að öftustu sætunum öfugt við marga aðra bíla. Miðjusætin eru færanleg og er einnig hægt að fella niður í gólfið þannig að geymslurýmið er næstum ótakmarkað.

Í VX útgáfunni er bakkmyndavél sem fer af stað um leið og sett er í bakkgír. Þá er einnig rafknúin KDSS-fjöðrun sem gerir akstur á holóttum vegum mun þægilegri. Tæknin gerir það að verkum að bensíngjöfin, bremsurnar og spólvörnin aðlagast sjálfkrafa akstursskilyrðum hverju sinn. Þá setja smáatriði eins og kælibox í miðstokki punktinn yfir i-ið í VX-útgáfunni.

Á heildina litið er ekki hægt að verða fyrir vonbrigðum með Land Cruiser. Hann stendur ávallt fyrir sínu en skemmtilegt er að sjá hve mikið hefur verið lagt í að koma með nýjungar inn í þennan klassíska bíl. *solveig@frettabladid.is*



Bílinn má fá sjö manna og er hægt að fella aukasætin ofan í gólfið í skottinu. Í VX-útgáfunni er það gert með rafmagnstakka.



Allt innra rými hefur fengið nýtt útlit.

### TOYOTA LAND CRUISER 150

**Vélastærð:** Túrbódísilvél 3,0 lítra sjálfskipt.
**Hestöfl:** 173
**Eyðsla, blandaður akstur:** 8,1
0-100 km/klst: 11,7 sek.
**Þyngd:** 280-2400
**Stærð farangursrýmis:** 621-1151

**Plús:** Ljúfur í akstri, gott pláss og kraftur.

**Mínus:** Verð sem slagar upp í íbúðaverð. Vélahljóð í dísilvél sem venst þó furðu fljótt.

tölvunám.is
árangursríkt og hagkvæmt

Staðnám:
hnitmiðuð og hagkvæm námskeið í kennslustofu

| Námskeið: | Hefst: | Verð: |
|---|---|---|
| Excel II | 2. febrúar | 14.900 kr. |
| Excel I | 16. febrúar | 14.900 kr. |
| 55 ára + | 17. febrúar | 31.500 kr. |
| Byrjendur | 18. febrúar | 25.900 kr. |
| Myndavélin og tölvan | 2. mars | 14.900 kr. |

Vefnám:
Tölvunámskeið á netinu: Word, Excel, PowerPoint, PhotoShop o.fl.

Síðumúli 13, 108 Reykjavík

www.tolvunam.is - sími 552 2011

JEPPARAFGEYMAR




Nýjir og öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is




FRÉTTABLAÐIÐ
visir.is
"...ég sá það á vísi"

# veljum íslenskt

MIÐVIKUDAGUR 27. JANÚAR 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTSALA

Verslunin flytur

Baðheimar sameinast Álfaborg 1. febrúar

25 - 75 % afsl.

af öllum vörum

BAÐHEIMAR

Skútuvogi 4 - sími: 525 0800

# Frumsýningar fram undan

Leikhúslífið í landinu er fjölbreytt og skemmtilegt um þessar mundir. Fjöldi frumsýninga er fram undan í leikhúsunum og tók Fréttablaðið saman þær frumsýningar sem eru á döfinni hjá þremur stærstu leikhúsum landsins.



**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**12. febrúar.** Gerpla Halldórs Laxness í leikgerð Baltasars Kormáks verður frumsýnd á stóra sviðinu. Gerpla hefur aldrei áður verið sett á svið. Með hlutverk fóstbræðranna Þorgeirs Hávarssonar og Þormóðs Kolbrúnarskálds fara þeir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Björn Thors.

**26. febrúar.** Ráðgert er að frumsýna Hænuunga Braga Ólafssonar í Kassanum. Þetta er annað leikrit Braga fyrir leiksvið. Hið fyrra, Belgíska Kongó, sem einnig var með Eggerti Þorleifssyni í aðalhlutverki og leikstýrt af Stefáni Jónssyni, var sýnt hundrað sinnum í Borgarleikhúsinu.

**13. mars.** Gleðisprengjan Fíasól eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur verður frumsýnd í Kúlunni. Leikstjórn er í höndum Vigdísar Jakobsdóttur.

**Apríl.** Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness er síðasta frumsýningin á stóra sviðinu en hún er jafnframt afmælissýning í tilefni af 60 ára afmæli Þjóðleikhússins 2010. Benedikt Erlingsson sér um leikstjórn.



**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**6. febrúar.** Skoppa og Skrítla á tímaflakki verður frumsýnt á litla sviðinu. Þessar vinkonur hafa verið eftirlæti ungra leikhús- og bíógesta undanfarin ár.

**19. mars.** Gauragangur er eftir Ólaf Hauk Símonarson unninn upp úr samnefndri skáldsögu sem fjallar um töffarann og erkiunglinginn Orm Óðinsson. Um leikstjórn sér Magnús Geir Þórðarson.

**25. mars.** Eilíf óhamingja verður frumsýnd á litla sviðinu. Leikritið er sjálfstætt framhald af verkinu Eilíf hamingja sem sett var upp í Borgarleikhúsinu 2007. Verkið er gamansöm en beitt ádeila á markaðshyggjuna.

**10. apríl.** Dúfur heitir gamanleikur eftir David Gieselmann í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur. Húmor Gieselmanns þykir nýstárlegur en þekktasta leikrit hans, Herra Kolbert, hefur farið sigurför um heiminn.



**LEIKFÉLAG AKUREYRAR**

**3. febrúar.** Farið af stað með mánaðarlega leiklestra þar sem leiklesin eru fjölbreytt verk, ýmist gömul eða ný.

**Febrúar.** Gestasýningin Munaðarlaus sett upp af leikhópnum Munaðarleysingjarnir.

**19. mars.** Rocky Horror í leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar. Með aðalhlutverk fara Andrea Gylfadóttir, Magnús Jónsson, Bryndís Ásmundsdóttir og fleiri.

**Páskar.** Fúlar á móti sem frumsýnd var í fyrravetur verður aftur sett upp á Akureyri. Leikkonur eru Edda Björgvinsdóttir, Björk Jakobsdóttir og Helga Braga Jónsdóttir. Einnig kemur gestasýningin Horn á höfði frá GRAL leikhópnum.



„Þetta þótti mikilvæg og fersk viðskiptahugmynd," segir Helga Rakel um framleiðslufyrirtæki sitt Kung Fu films. Fyrir það hlaut hún nýverið hvatningarverðlaun á brautargengisnámskeiði Impru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gefur konum sterkari sess í kvikmyndagerð

**Það blundaði svo margt í Helgu Rakel Rafnsdóttur að hún lagði stund á leiklist í London og síðar bókmenntafræði og mannfræði. Þetta sameinar hún nú í starfi sínu sem framleiðandi og heimildarmyndaleikstýra.**

„Áhuginn á kvikmyndagerð hefur þróast með tímanum en ég hef einnig verið að leika og leikstýra," segir Helga Rakel, sem einbeitir sér nú einkum að kvikmyndafyrirtæki sínu Kung Fu Films. Fyrirtækið fékk nýlega hvatningarverðlaun á námskeiðinu Brautargengi, sem er ætlað konum og haldið á vegum Impru í Nýsköpunarmiðstöð.

„Já, þetta þótti mikilvæg og fersk viðskiptahugmynd, þar sem Kung Fu Films er framleiðslufyrirtæki sem vinnur að því að gefa konum sterkari sess í kvikmyndagerð á Íslandi. Ekki síst þegar kemur að listrænni stjórnun en við leggjum áherslu á stuttog heimildarmyndir undir stjórn kvenleikstjóra. Það eru alltof fáir starfandi kvenleikstjórar hér á landi en á síðustu árum hafa aðeins tveir sent frá sér myndir í fullri lengd. Samt hefur kvikmyndagerð verið í miklum blóma. Við í Kung Fu Films staðsetjum okkur meðvitað úti á jaðrinum, erum konur og leikstýrum stutt- og heimildarmyndum. Það er ekki alslæmt því sýnin er oft skörpust úti á jaðrinum og við höfum mikla trú á kvenlegu innsæi og fyrirmyndum," segir Helga Rakel, sem leikstýrði hinni vinsælu heimildarmynd Kjötborg.

En hvernig kom nafnið til? „Við vildum hafa nafnið grípandi og eftirtektarvert en einnig þannig að það gæti gengið erlendis. Nafnið Kung Fu Films hefur allt þetta til að bera. Allir þekkja Kung fu kvikmyndir, jafnvel þótt við framleiðum engar slíkar. Við fáum oft fyrirspurnir um nafnið og út frá því spinnast skemmtilegar umræður. Það er kraftmikil sveifla í því og það gæti allt eins þýtt að við ráðumst í hvaða verkefni sem er. "

Hvað er svo á döfinni hjá dömunum í Kung Fu Films? „Á þessu ári er ætlunin að framleiða þrjár myndir en það veltur allt á úthlutun Kvikmyndasjóðs. Yrsa Roca Fannberg, sem rekur fyrirtækið með mér, er að búa til mynd um móður sína sem kallast Mamma Salome. Þá er leikstjórinn Helena Stefánsdóttir að gera stuttmyndina Bon Appétit, sem er afar litrík. Sjálf er ég að vinna að handriti sem fjallar um kómíska hlið á samskiptum sveitunga á Vestfjörðum."

*- uhj*




# Ætla að taka HM með trompi

„Við ætlum að halda ótrauðir áfram þar sem þetta gekk svona glimmrandi vel á síðasta ári," segir Ölvir Gíslason, annar hugmyndasmiður Spurt að leikslokum, um fyrirhugaðar viðbætur á spurningaspilinu sem munu líta dagsins ljós með vorinu.

Óhætt er að segja að Spurt að leikslokum hafi átt miklum vinsældum að fagna hérlendis, en frá því að spilið kom á markað síðasta sumar hafa um sex þúsund eintök farið í prentun. Ölvi og félaga hans Steinþóri Steingrímssyni þótti því ástæða til að fjölga spurningunum og munu áhugamenn um knattspyrnu hafa sérstaka ástæðu til að gleðjast yfir uppátækinu þar sem hluti viðbótanna verður helgaður HM. „Þetta verður auka spurningabunki þar sem fjallað er um HM, í tilefni af því að heimsmeistarakeppnin í fótbolta er í sumar," segir Ölvir.

Hann upplýsir að hinir sem hafi síður áhuga á fótbolta þurfi þó ekki að örvænta. Einnig sé stefnt að því að bæta við spilið bunkum með almennum spurningum í vor og síðar spurningum sem lúta að tónlist og öðrum sem eru sérsniðnar fyrir börn.

Spurður hvort stefnt sé að útrás með spilið í ljósi velgengninnar neitar Ölvir því. „Við ætlum ekki út með Spurt að leikslokum en höfum reyndar verið að velta fyrir okkur hugmyndum að ýmsum öðrum spilum. Spilum sem eru ekkert endilega spurningaleikir. En það er allt saman á frumstigi. Nú er bara best að einbeita sér að því að þróa fyrrnefnda spurningabunka og koma þeim út."

*- rve*



**„Allt spilið er framleitt á Íslandi. Nema blýantarnir, þeir eru frá Nýja-Mexíkó," segir Ölvir, til vinstri ásamt Steinþóri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Tilvalið fyrir árshátíðina!

# Allt í steik

## 9. janúar – 28. febrúar

### 4ra rétta seðill

1 HUMAR OG SALTFISKKRÓKETTUR
með tómatsultu, blönduðu salati og humarmajonesi

2 RJÓMALÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA
með steiktum tígrisrækjum, rjómatoppi og karrýolíu

VELDU MILLI FJÖGURRA AÐALRÉTTA

3

FISKUR DAGSINS
ferskasti hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

PÖNNUSTEIKTUR FASANI
með polentu og kóngasveppasósu (5.590 kr.)

PRIME RIBS
með kartöfluturni, Bearnaisesósu og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND
með grænmetismósaík og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

4 SÚKKULAÐIFRAUÐ
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



Allt í steik verð frá **4.990 kr.**

Veitingahúsið Perlan
*Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is

SS Frontera Kaffitár Guðjón Ó Ekran Lindsay Garri Danól Ölgerðin Dreifing ehf. Egils
Kjötsmiðjan Globus Perlukaup ora Marland A. Karlsson Bakkus Coca-Cola Ísfugl Lambhagi



● **LYNG OG LJÓS** Blómlegt lyng úr Aðaldalshrauni hefur hugsanlega orðið hönnuðinum Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur innblástur er hún teiknaði upp þennan skrautlega stjaka fyrir sprittkerti. Hann er smíðaður úr stáli eftir lögun bláberjalyngsins og að sögn Sunnu Vilborgar í Pottum og prikum á Glerártorgi á Akureyri þá rokselst hann. Verðið er 2.900 krónur.



Garðveisla eftir Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur grafíklistakonu.

# Öðlast annað líf

„Ég hef verið að leita leiða til að gefa verkunum mínum framhaldslíf og með þessu móti tel ég mig hafa fundið góða aðferð til þess,“ segir grafíklistakonan Sveinbjörg Hallgrímsdóttir, sem hefur sett á markað filmur eftir eigin tréristum.

Filmurnar komu fyrst fyrir sjónir almennings árið 2007 en eru nú komnar í neytendaumbúðir. Upphaflega átti Sveinbjörg í samstarfi við aðra um framleiðslu á filmunum en annast hana nú sjálf. Filmurnar fást í stærðinni A4 og svo í magnpakkningum (40 sinnum 60 sentimetrar).

Þar að auki er hægt að fá kransa í filmum sem byggja á sömu verkum í stærðum 38 sinnum 38 sentimetrar og 60 sentimetrar sinnum 60. Svo er hægt að sérpanta stærri gerðir og útfæra þá á ýmsa vegu.

Filmurnar eru meðal annars seldar í Kraumi, Epal, Duka og Gallerí Loka í Reykjavík en einnig fást þær í hönnunarverslunum á Akureyri, Selfossi og í Vestmannaeyjum. Þar er einnig á boðstólum kortalína sem Sveinbjörg hefur sent frá sér og byggir á eigin verkum. Nánar á nýrri heimasíðu Sveinbjargar, www.sveinbjorg.is *- rve*



Filma sem er gerð eftir verkinu.



Þessi skemmtilegi krans er líka úr smiðju Sveinbjargar.


**Kæru þið! Upp með gleði og kjark**

Hin vinsælu byrjendanámskeið halda áfram í

**Yogastöðinni Heilsubót**



**Síðumúla 15, sími: 588-5711**
**www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is**

**Nýtt námskeið hefst 2. febrúar Innritun hafin.**

**Vanir yogaiðkendur hjartanlega velkomnir**
**Í morguntíma, hádegis, síðdegis og kvöldtíma.**




Aflöng borðplata á geislaskornum krossi. Á. Guðmundsson framleiðir og selur öll húsgögnin í línunni.

MYNDIR/ÚR EINKASAFNI



Gullfallegur stóll úr Spuna-línunni, bólstraður í hressilegum grænum lit.



Nemendaborð og nemendastóll úr Sprota-línu Erlu Sólveigar.



Stólar úr Spuna sem staflast vel en grindin er gerð úr massífum teinum. Þessi er leðurklæddur.

# Húsgögn sem bjóða upp á ýmsa möguleika

**Húsgögn Erlu Sólveigar Óskarsdóttur iðnhönnuðar, sem Á. Guðmundsson framleiðir, hafa vakið mikla athygli síðan þau komu á markað á síðasta ári. Línurnar kallast Sproti sem er mestmegnis hugsuð fyrir skóla, og Spuni, sem eru borð og stólar fyrir heimili, stofnanir og fyrirtæki.**

Erla Sólveig byrjaði að hanna húsgagnalínuna sem kallast Sproti og er mest hugsuð fyrir skóla. „Í stólana hannaði ég tréskel sem síðan er pressuð í Frakklandi og hafði ég í huga að bæði byðu stólarnir upp á mikil þægindi og að auðvelt væri að stafla þeim,“ segir Erla Sólveig.

Stólarnir eru ýmist að hluta til bólstraðir eða heilbólstraðir og við stólana hannaði Erla Sólveig svo önnur húsgögn í línunni, skólaborð og kennaraborð. „Af því að við vorum búin að láta útbúa þetta mót, þá þróaði ég þessa skel áfram í Spuna-húsgögnin og er skelin skorin öðruvísi þannig að eingöngu er hægt að hafa þá bólstraða. Styrkur þessara húsgagna er sá að þau bjóða upp á marga möguleika á útfærslum, í litum og áklæðum, sem gerir þau skemmtileg þar sem yfirbragðið, til dæmis í skólum, verður ekki einsleitt.“



Erla Sólveig Óskarsdóttir er einn okkar fremsti húsgagnahönnuður.

Grunnskólinn á Stokkseyri og Eyrarbakka er fyrsti skólinn sem tók húsgögnin úr Sprota-línunni í notkun. Þótt húsgögnin séu fyrst og fremst hugsuð fyrir skrifstofur og stofnanir hafa einstaklingar einnig sýnt þeim áhuga, þá einkum úr Spuna-línunni, enda húsgögnin afar falleg. *- jma*



Kennaraborð úr Sprota-línunni. Margir sjá þó eflaust borðið vel fyrir sér á heimili sínu sem skrifborð.

**● HRÚTSHÖFUÐ Á VEGGINN** Svarti sauðurinn nefnist fatasnagi sem vöruhönnuðurinn Ragnheiður Tryggvadóttir hefur sett á markað. Ragnheiður segir hugmyndina hafa kviknað út frá þeirri hefð að hengja uppstoppuð hrútshöfuð á veggi. „Snaginn er skorinn úr stáli og með því að beygja hann líkist hann hrútshöfði. Á hornin eru fötin svo hengd." Hún bætir við að framleiðslan sé alíslensk, unnin í samstarfi við Slippinn og Pólýhúðun á Akureyri. Sem stendur fæst snaginn eingöngu í svörtu en Ragnheiður reiknar allt eins með að bæta við nokkrum litum er fram líða stundir.

Ragnheiður hannar undir merkjum ratdesign og hefur áður sent frá sér áhöld, það er fiskispaða og þeytara, úr snúnum stálvír. Þá hefur hún framleitt í samvinnu við móður sína, Svanhildi Sigtryggsdóttur litrík prjónanærföt á börn. Sjá www.ratdesign.is.









Erna Lúðvíksdóttir á heiðurinn að þessum skemmtilega bananastandi.

## Hraði og hreysti

Bananastandurinn frá fyrirtækinu Erna design er nútímalegur nytjahlutur enda segir hönnuðurinn, Erna Lúðvíksdóttir, hann hluta af hinum virka lífsstíl í dag sem einkennist af hraða og hreysti. Standurinn er úr glæru akrýlplasti og í honum ku bananarnir haldast lengur ferskir en ef þeir liggja út af á diski eða í skál. Sölustaðir bananastandsins eru Minja, Skólavörðustíg 12 og Pottar og prik á Glerártorgi á Akureyri.



Mörgum finnst erfitt að skreyta borðið á þorranum. Servíettur Heklu eru kjörnar.

## Þorraborðið með íslensku ívafi

Mörgum þykir skreyting þorraborðsins ein erfiðasta áskorun ársins hvað borðhald varðar. Enda ekki margt sem fer vel með brúnum, gráum og dauflituðum mat þorrans. Engan þarf því að undra að servíettur Heklu Bjarkar Guðmundsdóttur með íslenska lopapeysumynstrinu seljist vel þessi misserin enda fara þær vel með íslenska súrmatnum. Servíetturnar fást meðal annars hjá Kraum, Kokku, Safnbúð Þjóðminjasafnsins og hjá Pottum og prikum á Akureyri. Hekla hefur einnig gert gjafapoka með sama mynstri.



-jma






**● NÁMSKEIÐ Í RÓSALEPPAPRJÓNI** Rósaleppaprjón er gömul íslensk aðferð í myndprjóni sem gekk í endurnýjun lífdaga þegar bók Hélène Magnússon, Rósaleppaprjón, í nýju ljósi kom út árið 2006.

Námskeið í rósaleppaprjóni fer fram laugardaginn 30. janúar frá klukkan 13 til 17, á Textílverkstæðinu Korpu, Korpúlfsstöðum en leiðbeinandi verður Hélène sjálf.

Þátttakendur á námskeiðinu læra tæknina, prjóna litla rósaleppa, fræðast um söguna, fá að handleika flíkurnar í bókinni og fá góð ráð við prjónaskapinn. Auk þess verður slynging kynnt. Garn í prufur er innifalið en komið með prjóna nr. 4. Verð 9.500 krónur.

Skráning með tölvupósti á knitting@knittingiceland.com



**● SILFURSKARTGRIPIR BOM-SYSTRA** BOM er merki systranna Bryndísar og Oddrúnar Magnúsdætra og undir þessu merki hanna þær silfurskartgripi sem seldir eru í Sirku á Akureyri.

Þær Oddrún og Bryndis bjuggu í mörg ár í Flórens á Ítalíu og lögðu þar stund á listnám. Fyrst við Fuji Studio 1990-1992 og síðan Le Arte Orafo á árunum 1992-1994. Einnig hafa þær sótt námskeið hjá Listnám.is.



Þær vinna skartgripi sína að mestu úr silfurleir með blandaðri tækni. Í Flórens heilluðust þær líka af mósaíklist og lögðu stund á hana við Perseo árið 1996.

Árið 1999 stofnuðu þær Gallerí Skrautlu á Akureyri ásamt frænku sinni, Margréti Jónsdóttur leirlistarkonu, og ráku það til ársins 2004. Oddrún og Bryndis hafa haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum.

Veljum íslenskt

- VELJUM ÍSLENSKT -

vörumerking
síðan 1962

Vörumerking ehf. Bæjarhrauni 24 220 Hafnarfirði
ími: 414 2500 fax: 555 4588



Íris hélt fyrstu tískusýninguna þrettán ára og ákvað ung að gerast fatahönnuður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Börnin mín eru bestu dómararnir

**Mýkt og þægindi, ásamt litríkum mynstrum einkenna barnafötin sem Íris Bjarnadóttir fatahönnuður saumar og selur í búðinni sinni Pjakkar á Laugavegi 82 og á www.pjakkar.is.**



Öll efnin eru sett í þvottavél og þurrkara áður en saumað er úr þeim svo tryggt sé að fötin haldi forminu.

Íris opnaði búðina Pjakkar heima hjá sér á Þórsgötunni í október 2008, „nokkrum dögum eftir að allt þjóðfélagið fór í klessu," eins og hún orðar það. Fötin féllu strax í kramið svo hún flutti sig á Laugaveginn í lok maí á síðasta ári. „Þetta eru ekta leikskólaföt," segir hún. „Ég nota mest velúrefni og bómullarjersey í fatnaðinn því hvort tveggja er svo mjúkt og teygjanlegt. Svo þvæ og öll efnin og set í þurrkara áður en ég sauma úr þeim, til að tryggja að flíkurnar haldi forminu," tekur hún fram. Hún kveðst enn sauma mestallt sjálf en brátt þurfa að bæta við starfsmanni. Að sjálfsögðu ganga börnin hennar, Selma og Hilmar, aðallega í heimasaumuðu enda segir hún þau bestu dómarana sína.



Selma og Hilmar sem eru fjögurra og þriggja ára eru þaulvön fyrirsætustörfum.

Íris kveðst hafa verið saumandi frá því hún var smástelpa og haldið fyrstu tískusýninguna þrettán ára. „Þá hafði ég saumað á mig og vinkonur mínar úr afgangsefnum, rúmfötum og öllu mögulegu. Ég byrjaði í Versló en eyddi mestum tíma í búninga fyrir nemendasýningarnar og sá að skynsamlegast væri að einbeita sér að fatahönnun svo ég fór á myndlista- og handíðabraut í FG. Eftir stúdentsprófið var ég við nám í Kaupmannahöfn í tvö ár og tók BA-gráðuna í París eftir eitt ár þar."

Eftir síðustu jólatörn ákvað Íris vera heima og þróa nýja línu en í dag ætlar hún að opna Pjakka aftur og segir nýju flíkurnar koma eina af annarri. Getur hún saumað í búð-inni? „Já, ég sauma eiginlega allt þar en tek líka oft með mér verkefni heim á kvöldin." *-gun*



Sigrún Ægisdóttir hannaði hárlínu fyrir ítalskt hársnyrtifyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mikill heiður að vera valin

Sigrún Ægisdóttir, hárgreiðslumeistari hjá Hársögu, var fengin til að hanna hárlínu fyrir ítalska hársnyrtivörumerkið Teotema. „Teotema er þriggja ára fyrirtæki sem ég hef starfað með frá upphafi. Ég hef átt í samskiptum við stofnendur fyrirtækisins í tólf ár og þannig kynntust þeir vinnu minni. Þeir höfðu svo samband og báðu mig um að hanna hárlínu fyrir sig, sem ég gerði,“ útskýrir Sigrún, en auk þess að hanna hárlínuna útbjó hún einnig kennslubók.



Þetta er í fyrsta sinn sem Sigrún hannar hárlínu af þessu tagi en talsmenn Teotema eru ánægðir með hana.

Sigrún segir forsvarsmenn Teotema mjög ánægða með sína vinnu og mun hún halda ýmis námskeið á vegum fyrirtækisins á næstunni. Þetta er í fyrsta sinn sem Sigrún hannar hárlínu af þessu tagi og segir hún þetta því mikinn heiður. „Hárhönnun er ekki svo ólík tískuiðnaðnum; við gefum út tvær línur á ári og þetta tengist allt tískunni. Hárgreiðsla er hönnun og þarna kem ég minni hönnun á framfæri.“



Helstu viðskiptavinir Teotema eru hárgreiðslustofur og annað fagfólk og notar Sigrún vörur þeirra á eigin stofu. „Ég er rosalega hrifin af þeim, þannig að mér fannst afskaplega gaman að fá að taka þátt í þessu með Teotema,“ segir Sigrún, sem heldur brátt til Prag þar sem hún heldur sitt fyrsta námskeið á vegum Teotema. *- sm*

## Konum kennt að búa til eigin víkingabúning



Ef það er einhvern tíma rétti tíminn til að finna sína eigin innri víkingakonu er það nú í febrúar. Þá heldur Heimilisiðnaðarfélag Íslands námskeið í gerð víkingabúninga. Þetta er í fyrsta skipti sem Heimilisiðnaðarfélagið býður upp á slíkt námskeið en Solveig Theodórsdóttir, formaður stjórnar Heimilisiðnaðarfélagsins, segist hafa fengið hugmyndina að námskeiðinu innan veggja félagsins. „Marianna Guckelsberger, sem er kennari hjá okkur, hefur sjálf gert sér búning sem kemst næst því að líkjast hinum upprunalega. Hún gerði hann alveg frá grunni.“

Á námskeiðinu verður farið yfir þau atriði sem tilheyrðu búninga kvenna á víkingatímum. Kennari útvegar snið og uppskriftir en nemendur sauma að mestu heima, í höndum eða saumavél. „Með svo mikinn búning er ekki raunhæft að nemendur séu að sauma sér á einu námskeiði allar flíkurnar sem tilheyra honum. Þeir geta hins vegar haldið áfram heima eftir námskeiðið þar sem kennarinn útvegar snið að öllu,“ segir Solveig. *- jma*














Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari koma fram á hádegistónleikum á Kjarvalsstöðum á föstudag.

# Fiðla og píanó á Kjarvalsstöðum

Tónlistarunnendur gætu gert margt vitlausara en að skella sér á Kjarvalsstaði í hádeginu næsta föstudag, en þar verður í boði íslensk tónlist fyrir fiðlu og píanó.

Tónleikarnir eru á dagskrá Myrkra músíkdaga 2010. Þar koma fram Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari.

Á efnisskránni eru G-svíta fyrir fiðlu og píanó eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Jón Nordal og Sónata fyrir fiðlu og píanó op. 14 eftir Karl O. Runólfsson.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.10 og miðaverð er 1.500 krónur.

*- kg*

# Hollar kartöfluflögur væntanlegar á markað

Hollar íslenskar kartöfluflögur, saltaðar með íslensku sjávarsalti og án allrar olíu, eru á leiðinni á markað. Flögurnar eru unnar af fyrirtækinu Björg í bú í samstarfi við Hjalta bónda og Hornafjarðarkartöflur.

Björg í bú vinnur meðal annars að matarhönnun í samvinnu við íslenska bændur en að fyrirtækinu standa þrír íslenskir vöruhönnuðir, Helga Björg Jónasardóttir, Edda Gylfadóttir og Guðrún Hjörleifsdóttir.

Íslensku kartöflulögurnar verða kynntar á Hönnunarmars sem er eftir tæpa tvo mánuði en enn er unnið að endanlegu útliti umbúðanna, sem munu vísa til Íslands.

*- jma*

Endanleg útgáfa á kartöfluflögunum verður kynnt á Hönnunarmars en í augnablikinu líta umbúðirnar svona út í smiðju Björg í bú.





MYND/ÚR EINKASAFNI



Helgi Kristófersson, framkvæmdastjóri Múlalundar, með bréfabindin.

# Eglu-bréfabindin aldrei vinsælli

„Það eru bara allir litir að klárast hjá okkur, svo mikil hefur eftirspurnin verið,“ segir Helgi Kristófersson, framkvæmdastjóri Múlalundar, þar sem Eglu-bréfabindin rjúka nú út eins og heitar lummur.

Múlalundur er elsta og stærsta öryrkjavinnustofa landsins og er framleiðsla Eglu-bréfabindanna í höndum starfsmanna. Bréfabindin eru framleidd í ýmsum litum og eru nokkrir þeirra uppseldir að sögn Helga, sem er ánægður með aukna eftirspurn. „Við erum hæstánægðir með að finna fyrir þessu jákvæða viðhorfi Íslendinga. Það er greinilegt að þeir velja íslenskar vörur í ríkari mæli en áður.“

Helgi bætir við að í næstu viku hefjist aftur framleiðsla á bréfabindum í þeim litum sem nú eru uppseldir. „Þá fáum við í hendurnar það hráefni sem vantar.“

*- rve*



**HRESS HEILSURÆKT** býður upp á námskeið fyrir börn á aldrinum 12 til 16 ára. Námskeiðið stendur í tólf vikur og er blanda af stöðvaþjálfun, þolfimi, fræðslu og sundi.



# Alla ævi að verða góður

**Pálmi Símonarson hefur æft sjálfsvarnaríþróttina aikido í fimmtán ár. Hann segir alltaf hægt að læra meira og mætir því með gleði í æfingabúðir um helgina þar sem hinn japanski Hiroaki Kobayashi kennir.**

„Ég byrjaði að æfa aikido fyrir fimmtán árum þegar einhver plataði mig á eina æfingu og ekki varð aftur snúið,“ segir Pálmi Símonarson, aikidokennari hjá Aikidofélagi Reykjavíkur. Það sem heillaði Pálma í upphafi var áskorunin við æfingarnar, fjöbreytni þeirra og hinn skemmtilegi félagsskapur. „Ég var um ár að verða slarkfær í þessu en svo er maður alla ævi að verða góður,“ segir Pálmi sem er með annað svarta beltið í aikido en þar er hægt að taka sex hvít belti og fjögur svört.

Svartbeltaprófin eru aðeins haldin einu sinni á ári af japönskum kennara með tilhlýðilega reynslu. Slíkt próf er einmitt fram undan nú um helgina þegar von er á japanska kennaranum Hiroaki Kobayashi.

Pálmi segir Hiroaki merkilegan fyrir margra hluta sakir. „Hann er partur af einum stærstu undirsamtökum aikido. Faðir hans lærði af þeim sem bjó til aikido, Morihei Ueshiba, og bjó hjá honum og lærði í ellefu ár,“ útskýrir Pálmi en Hiroaki rekur fjölmarga klúbba í Japan og er með tengingu víða um heim, allt frá Asíu og Suður-Ameríku til Búlgaríu og Svíþjóðar.

„Hann kemur til okkar einu sinni á ári og er hjá okkur eina góða helgi. Þá tökum við æfingabúðir, æfum tvisvar til þrisvar á dag og svo heldur hann utan um svartbeltapróf,“ segir Pálmi en stór hluti félagsmanna tekur þátt í slíkri æfingahelgi eða um tuttugu af þeim fimmtíu sem æfa aikido á Íslandi. „Við ráðleggjum öllu okkar fólki að taka þátt enda er þetta eins og góð vítamínsprauta,“ segir hann glaðlega.

Pálmi hefur sjálfur tekið þátt í fjölmörgum slíkum æfingahelgum og finnst alltaf jafn skemmtilegt. Þá þykir honum ekki síðra að fara utan til að sækja sér meiri kunnáttu í íþróttinni. „Við erum svo fá að það er nauðsynlegt að sækja reynslu víðar,“ segir hann.



Pálmi Símonarson fleygir æfingafélaga sínum í gólfið af mikilli yfirvegun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

En eru nýliðanámskeið í boði á næstunni? „Nýliðar eru ávallt velkomnir og við bjóðum upp á fría prufutíma í tvær vikur,“ segir Pálmi og hvetur fólk til að koma á mánudögum klukkan 18. „Þá tökum við vel á móti fólki.“ *solveig@frettabladid.is*



Þrekhöllin er í 2.000 fermetra húsnæði að Skólastíg 4 á Akureyri.

# Ný heilsurækt var opnuð á Akureyri

**Þrekhöllin opnaði að Skólastíg 4 um síðustu helgi.**

Opið hús var haldið síðustu helgi í tilefni opnunar Þrekhallarinnar, nýrrar heilsuræktarstöðvar á Akureyri. Sömu eigendur eru að Þrekhöllinni og Átaki heilsurækt við Strandgötu. Þrekhöllin er í tvö þúsund fermetra húsnæði milli Íþróttahallarinnar og Sundlaugar Akureyrar.

„Við munum bjóða upp á flest það sem um ræðir í líkamsrækt hvort sem það eru tæki eða salir,“ segir Ágúst H. Guðmundsson, einn af eigendum Þrekhallarinnar og Átaks.

Starfsemi heilsuræktarstöðvanna verður með blæbrigðamun. Meiri þjónusta verður í Átaki og aðgangur að þeirri stöð dýrari. „Korthafar í Átaki fá sjálfkrafa aðgang að Þrekhöllinni en þeir sem eiga kort í Þrekhöllinni sem eru ódýrari fá ekki aðgang að Átaki,“ útskýrir Ágúst en með korti á báðum stöðvum fylgir aðgangur að sundlaug.

Opnunin um helgina tókst að sögn Ágústs vel enda telur hann Akureyringa heilsumeðvitaða. „Ég held að hlutfallslega sé mjög vel sótt í heilsuræktarstöðvar hér á Akureyri,“ segir hann. *- sg*





Nudd og nálastungur

Er kroppurinn eða sálin að kvarta, væri ekki gott að fara í nudd og nálastungur? Sigurður býður fram aðstoð sína til að kippa því í liðinn.
**Nuddstofa Sigurðar Sigurðssonar í Kærleikssetrinu, Álfabakka 12, tímapantanir í s. 893 4727**

Kærleikssetrið

HEILSURÆKT.IS
- Allt sem þú þarft!

HEILSURÆKT.IS

Ný og persónuleg jógastöð

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið hefst 1. febrúar. Skráning hafin í síma 695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org
Verð 14.900 kr.

Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið
Meðgöngujóganámskeið



Stakur tími 1.500 kr. • Mánaðarkort 10.900 kr. • 3 mánaðakort 23.900 kr. • 6 mánaðakort 36.000 kr. • 10 tíma klippikort 10.000 kr.

**Meðgöngujóganámskeið 10.500 kr.**

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org







ALLT ÚT AÐ BORÐA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

Til leigu herbergi á svæði 104, sérinngangur og sérsnyrting, aðgangur að þvottavél og geymslu. Uppl. í s. 895 9702.

2h íbúð 50fm á 2h í 170 langtímaleiga 85þ mán Bankatrygging s6952960

3-4 herb. íbúð með bílskúr á efri hæð í tvíbýli ásamt 25fm vinnurými í risi til leigu í hfj. Uppl. á netfang olafur@ief.is.

3ja herb. íbúð í Seláshverfi til leigu, í litlu fjölbýli. Uppl. í s. 862 5522

86fm 3herb íbúð í breiðholti fæst til leigu m/húsgögnum sér inngangur. 694 2311.

Til leigu 2 herb. kjallaraíbúið í 108 Rvk. Leiguverð 80þ. á mán. Hiti innifalinn. Laus 1 feb. Aðeins reyklausir koma til greina. S. 821 6863 & 822 6863.

Til leigu frá 1. maí 300 m2 raðhús í 110 Reykjavík. Aukaíbúð og tvöfaldur bílskúr.

**4 herbergja íbúði Grafarvoginum.**
Glæsileg nýleg 124 fm 4ja herb. íbúð í Gullengi Grafarvogi. Getur verið laus fljótlega. Verð 150 þús. pr, mán. S. 663 5791.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu 2 herb. björt ca. 40fm íbúð á 2 hæð í 101. Laus frá 1 feb. 85þ. á mán. S. 868 8748.

Einstaklings íbúð til leigu á sv. 101, Þingholti. Uppl. í s. 662 4272.

## Húsnæði óskast

Fimm manna fjölskylda óskar eftir að leigja hús eða góða íbúð í Kópavogi (svæði 200/201). S. 858 0156

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Uppl. í síma 8960551.

Geymslu, Lager og/eða Skrifstofuhúsnæði í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

**Bíldshöfði (Axarhöfði)**
Til leigu 100 fm iðnaðarbil (stækkanlegt í 150 fm) með iðnaðarhurð. Uppl. í s. 698 3200.

## Fasteignir



**Litlikriki 60-66, - Mosfellsbær-raðhús á frábæru verði.**
Til sölu falleg ca. 200 fm raðhús á einni hæð. Fullbúin að utan, mismunandi að innan, fokhelt að Tilbúið u.tréverk. Frábær verð og lítil útborgun á Bilinu 2,3- 6,8 millj. Til afh.strax, Björn sýnir: 7719432. Húsin eru sýnd í dag kl. 17.30-18.00.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Pizzeria Rizzo
GRÆNI RISINN
HEILSUSETUR

**Rizzo og Græni Risinn**
**Óskum eftir starfsmönnum í fullt starf og hlutastarf á Græna Risan og Rizzo Grensásvegi. Einnig Rizzo í Hraunbæ. Tekið á móti umsóknum í dag milli kl. 13-18**

**Atvinna**
Óskum eftir 100 einstaklingum við alþj. markaðssetningu. Mikil vinna framundan góð aðstaða, kennsla og stuðningur. www.lifewaveglobal.com/is

Samvinnuverkefni sem mögulegt er að vinna heima við www.lifewaveglobal.com/is

Vantar vanan Garðyrkjumann og verkstjóra með reynslu af garðyrkjustörfum. Einnig umsjónarmann tækja með reynslu af viðhaldi véla. Um framtíðar starf er að ræða. Umsóknir á gardlist.is

Starfsfólk óskast í söluturn í 108/103 í kvöld og helgarvinnu.uppl.í síma 8683406

Óskum eftir að ráða rafvirkja á höfuðborgasvæðið. Sendið uppl. á rkraf@internet.is

## Atvinna óskast

Skipulegur, heiðarlegur, stundvís 28 ára, karlmaður talar ensku, rússnesku, lithá-ensku, íslensku (borgar sig að vinna með tölvunni) með meira prof, leitar fyrir rutu bílstjóri starf Sími: 8465514

## TILKYNNINGAR

## Fundir

**KALAK**
Vinafélag Grænlands og Íslands heldur myndakvöld 27. janúar kl.20 á veitingastaðnum Atid, Laugavegi 73. Allir velkomnir.

## Einkamál

23 ára ævintýragjörn kona í Reykjavík vill kynnast karlmanni til að skemmta sér með. Auglýsingu hennar má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8679.

38 ára karlmaður, er bæði tpr og btn, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu og ævintýri í huga. Auglýsingu hans má heyra og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8901.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Til leigu

**Atvinnueignir** 534 1020
www.atvinnueignir.is
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

**VERSLUNARHÚSNÆÐI - TIL LEIGU**
**Fákafen, 108 Reykjavík | 678 fm.**

Til leigu. Gott verslunarhúsnæði. 678 fm. Hægt að skipta húsnæðinu í tvö rými. Til afhendingar fljótlega. Í sama húsi er laus 104 fm skrifstofa og 204 fm lagerhúsnæði með tæplega 5 m. lofthæð.

Upplýsingar gefa Ólafur: 824-6703, olafur@atvinnueignir.is, helgi: 663-2411 helgi@atvinnueignir.is, Helgi Már: 8977086, hmk@atvinnueignir.is, og Þorvaldur: 897-0789, thorvaldur@atvinnueignir.is

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA. löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
Ólafur Jóhannesson, rekstrarfræðingur. löggiltur leigumiðlari

## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

**Litlikriki 60-66**
**Opið hús þegar þér hentar!**




Við vorum að fá til sölu fjögur mjög falleg raðhús við Litlakrika í Mosfellsbæ. Húsin eru 197 - 207 fm með innbyggðum 27,5 fm bílskúr og afhendast byggingarstigi 4-5 að innan. Þetta eru falleg hús á góðu stað, efst við óbyggt svæði í Krikahverfinu.
**Sölumenn Fasteignasölu Mosfellsbæjar sýna með stuttum fyrirvara!**
**Litlikriki 60 V. 29,3 m. Áhvílandi eru ca. 23,8 milljónir í ÍLS-láni með 4,85% vöxtum.**
**Litlikriki 62 V. 26,1 m. Áhvílandi eru ca. 23,8 milljónir í ÍLS-láni með 4,85% vöxtum.**
**Litlikriki 64 V. 26,9 m. Áhvílandi eru ca. 24 milljónir í ÍLS-láni með 4,85% vöxtum.**
**Litlikriki 66 V. 30,9 m. Áhvílandi eru ca. 24 milljónir í ÍLS-láni með 4,85% vöxtum.**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

EHF HANDBALL EURO 2010 AUSTRIA
HANDBALL EURO·MEN 2010 AUSTRIA
ibs í blíðu og stríðu
ICELANDAIR

ALLT UM EM 2010 Í HANDBOLTA Á vísir.is



» VEF TV EM 2010 Í SAMSTARFI VIÐ ICELANDAIR
» SÉRFRÆÐINGAR SPÁ Í SPILIN
» HANDBOLTABLOGG
» BEINAR LÝSINGAR FRÁ LEIKJUM ÍSLANDS
» GETRAUNALEIKUR BETSSON OG VÍSIR.IS

betsson.com POKER - BETTING - CASINO
vísir.is ...ég sá það á visir.is

# Sestu hérna hjá mér …

**UMRÆÐAN**

Skáldkonur skrifa um minnisvarða um skáld

Á Degi bókarinnar árið 2006 undirrituðu um þrjátíu íslenskar skáldkonur bréf til menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og forstöðumanns Listasafns Reykjavíkur þar sem þær lögðu til að efnt yrði til samkeppni um útilistaverk eða minnisvarða um Svövu heitna Jakobsdóttur rithöfund. Í bréfinu var spurt hversu margir minnisvarðar um skáldkonur væru í Reykjavík – fljótsvarað, núll – en minnt á að Einarar, Jónasar og Hannesar þessa lands væru víða steyptir í kopar og sumir oft. Í bréfinu var ekkert sérstaklega verið að mælast til þess að rithöfundar enduðu sem styttur – stytta getur verið líkkista í sjálfri sér – fyrst og fremst væri virk úrvinnsla og þekking á verkum höfundarins mikilvæg. Hins vegar var rökstutt að þegar börn, borgarbúar og ferðamenn væru leiddir um torg „til að sjá söguna með eigin augum" þá gæfu hin sýnilegu ummerki skökk skilaboð um hverjir hefðu mótað söguna, bókmenntirnar, borgina. Menningarsagan hefði á undanförnum árum verið skorin upp og gegnumlýst með fræðigreinum á borð við einsögu og kynjafræði, um framlag kvenna fjölluðu nú heilu stofnanirnar og háskóladeildirnar, en opinberar táknmyndir spegluðu alls ekki þá mynd.

Um úrvinnslu hugmyndarinnar sagði: „Farsælast teljum við að fela fagmönnum útfærsluna, en sæti fyrir vegfarendur á bekk við hlið skáldkonunnar kæmi fullt eins vel til greina og koparstytta á stalli. […] Aðalatriðið er að minningu Svövu og arfleifð verði sómi sýndur og henni komið í snertingu við borgarbúa."

Í Lesbókargrein sem síðar birtist í tilefni blossheitrar ákvörðunar borgarstjórnar um að reisa styttu af Tómasi Guðmundssyni (sjá „Tómas, Svava og tíuþúsundkallinn", Lesbók Mbl., 4. okt. 2008 eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur) var greint frá áðurnefndu bréfi og afdrifum þess – takk, Listasafn Reykjavíkur mun skoða erindi ykkar, síðan ekki múkk meir. Í greininni sagði m.a.: „Hugmynd téðra kollega Svövu var að minnisvarðinn gæti t.a.m. verið listaverk á almannafæri, ekki endilega stytta eða stallur, kannski bara áletrun, bekkur þar sem hægt væri að setjast hjá Svövu sjálfri, tehús, textahús… hvaðeina sem kveikti hugljómun og líf – og staðsetningin gat verið Hljómskálagarður, bakkar Tjarnarinnar, hvar sem væri."

Nú er ekki endilega víst að borgaryfirvöld hafi tekið niður glósur úr bréfi eða Lesbók á sínum tíma og síst viljum við eigna okkur höfundarrétt að skáldi á bekk. Slíkir varðar eru víða til í útlandi. Það er engu að síður athyglisvert hvernig stjórnendum borgarinnar tókst að nýta hugmyndina – til hálfs.

Undirritaðar eru jafn ástfangnar af Tómasi Guðmundssyni og aðrir, en minna um leið á að brjóstmyndin, ljóð hans í gluggum Ráðhússins og Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru þegar til, honum til heiðurs. Ætlunin er ekki að stilla einum upp gegn öðrum eða standa í samanburði. Það er óþarft. En þar sem umræðan virðist nú einna helst snúast um listrænt gildi minnisvarðans um Tómas er hætt við að kjarni málsins týnist. Þess vegna, einfaldlega, drögum við á flot lúið bréfsnifsi sem eitt sinn var sent af góðum hug niður að Tjörn – til þess að endurvekja umræðu sem of oft er svæfð og sultuð: Hverjir eru það sem hefja á stalla og hvað þarf til þess að myndin af menningu okkar verði fjölbreyttari, raunsannari og fyllri?

Í öllu falli er kominn tími til að íslenskar skáldkonur verji heiður íslenskra skáldkvenna. Það gerir það augljóslega enginn annar.

*Áslaug Jónsdóttir, Guðrún Hannesdóttir, Iðunn Steinsdóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristín Marja Baldursdóttir, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Kristín Steinsdóttir, Olga Guðrún Árnadóttir, Sigrún Eldjárn, Sigurbjörg Þrastardóttir og Vigdís Grímsdóttir.*

# Áhrif fyrningarleiðarinnar

**UMRÆÐAN**

Páll Snorrason skrifar um sjávarútvegsmál


PÁLL SNORRASON

Eftir hrun íslenska bankakerfisins er ástandið erfitt á Íslandi og fjölmörg heimili og fyrirtæki berjast í bökkum og bíða eftir að stjórnvöld slái um okkur skjaldborg og marki stefnuna til endurreisnar. Undirritaður átti síst af öllu von á því að stórar breytingar yrðu gerðar á fiskveiðistjórnunarkerfinu á þessum tímamótum og það er ljóst að innköllun aflaheimilda verður ekki til þess að skapa einhverja „sátt" í atvinnugreininni. Í stað þess að vinna með fólkinu í greininni að skynsamlegum endurbótum hafa stjórnvöld frekar alið á sundrungu og skeyta í engu um afleiðingar óábyrgrar stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar.

Ég efast um að nokkrum lögum hafi verið breytt oftar en lögunum um stjórn fiskveiða. Það hefur aðallega verið gert vegna hagsmunaárekstra milli aðila innan kerfisins og nú næstum 30 árum síðar höfum við í höndunum fiskveiðistjórnunarkerfi sem verndar fiskistofnana undir miklu eftirliti en er jafnframt markaðsdrifið, sveigjanlegt og það skilar sem betur fer töluverðum afrakstri til þjóðarinnar. Spurningin er: Getum við gert enn betur?

Eskja hf. og starfsfólk þess og allt byggðarlagið hefur ekki farið varhuga af þeim breytingum sem orðið hafa á löggjöfinni og þá einnig á lífríki sjávar. Fyrir utan þær breytingar, sveiflur og óvissuástand sem tengist lífríkinu og úthlutun aflaheimilda á hverju ári höfum við síðustu ár upplifað mestu skerðingu aflaheimilda frá upphafi og hrun allra bankanna í ofanálag. Í skjóli núverandi kerfis hefur Eskja hf. eins og flestöll sjávarútvegsfyrirtækin komist í gegnum þessar þrengingar en það hefur ekki gerst af sjálfu sér. Ég get hins vegar fullyrt að fyrning aflaheimilda muni leiða til gjaldþrots fyrirtækis okkar á skömmum tíma.

Íslenskur sjávarútvegur er markaðsdrifinn útflutningsiðnaður í mikilli samkeppni við aðrar fiskveiðiþjóðir og til þess að geta keppt við þær og einnig við önnur matvæli þurfum við að búa við eins gott rekstrarumhverfi og hugsast getur. Lykilorðið í því er stöðugleiki. Þrátt fyrir alla óvissuna sem náttúran ein og sér ber með sér er núverandi aflamarkskerfi eina rökrétta svarið til að geta stundað ábatasamt og áreiðanlegt markaðs- og sölustarf á íslenskum sjávarfangi. Virðiskeðjan er frá veiðum til neyslu og í framseljanlegu aflamarkskerfi mun greinin sjálf laga sig að afrakstursgetu nytjastofnana og samhliða öflugu markaðsstarfi velja hagkvæmustu nýtingu auðlindarinnar hverju sinni.

Ég er sannfærður um að kostir núverandi kerfis eru mun fleiri en gallarnir. Ég tel að innan kerfisins getum við gert betur og í framtíðinni mun það felast í betri nýtingu á okkar afurðum og vöruþróun. Nú fyrst eftir að gengið veiktist eru að myndast skilyrði á Íslandi fyrir þróunarstarfi í sjávarútvegi sem mun vonandi skila sér í nýjum störfum og frekari fullvinnslu á ýmsum afurðum. Eskja hf. hefur lagt sitt af mörkum í því samhengi.

Ljóst er að núverandi hugmyndir stjórnvalda gera ekkert annað en að skapa óvissu í greininni. Breytingar séu ekki endilega alvondar fyrir fyrirtækið og okkar starfsfólk, en nagandi óvissa er það allra versta sem hægt er að bjóða fólki upp á. Í því ástandi sem almennt nú er uppi ættu stjórnvöld að láta af öllum óljósum hugmyndum um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Ég leyfi mér að fullyrða að meirihluti fólks sem starfar í sjávarútvegi telur að núverandi kerfi henti okkur Íslendingum mjög vel og sé í grundvallaratriðum í lagi. Stjórnvöld ættu frekar að snúa sér að því að hefja viðgerðir þar sem þeirra er raunveruleg þörf. Þar er af nógu að taka!

*Höfundur er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eskju hf.*


Miele



Með því að kaupa Miele þvottavél eða þurrkara leggur þú grunn að langtímasparnaði

vilborg@centrum.is

## Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast í 10.000 klst.




Miele þvottavélar eru allar með íslensku stjórnborði, íslenskum leiðbeiningum, stóru hurðaopi

| | | | Staðgreiðsluverð |
|---|---|---|---|
| Þvottavél | W1634 | 1400 sn/mín/6 kg/ísl. stjórnborð | 177.950 |
| Þvottavél | W1714 | 1400 sn/mín/6 kg/ ísl. stjórnborð | 196.950 |
| Þurrkari | T7634 | f. barka/6 kg/m. rakaskynjara | 151.450 |
| Þurrkari | T7644C | m. þétti/6 kg/m. rakaskynjara | 166.660 |

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Opið málþing um öryggi sjúklinga



Grand hótel Reykjavík

28. janúar 2010 kl. 13:15 - 16:00

Aðgangur ókeypis

Allir velkomnir

LEWIS CARROLL
FÆDDIST ÞENNAN DAG.

*„Segðu alltaf sannleikann. Hugsaðu áður en þú talar. Skrifaðu svo niður það sem þú segir.“*

***Lewis Carroll (1832-1889), sem raunverulega hét Charles Lutwidge Dodgson, var breskur heimspekingur, rökfræðingur, stærðfræðingur, ljósmyndari, prestur og rithöfundur. Þekktastur er hann fyrir að hafa skrifað bókina Lísu í Undralandi og framhald hennar Gegnum spegilinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. JANÚAR 1891

## *Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stofnað*

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur var stofnað á þessum degi árið 1891.

Upprunalega var félagið stofnað af launþegum og atvinnurekendum í verslunarstétt. Það hefur hins vegar verið hreint launþegafélag frá árinu 1955. Þá var nafni félagsins breytt í VR á aðalfundi þess þann 26. apríl 2006. Tilgangur þess hefur þó haldist óbreyttur allt frá upphafi, en hann er að vinna að breyttum kjörum og auknum réttindum félagsmanna.

Þess má geta að Th. Thorsteinsson var fyrsti formaður félagsins. Núverandi formaður er Kristinn Örn Jóhannesson, sem tók við starfinu 2009.

Heimild: www.vr.is.



## MERKISATBURÐIR

98 Trajanus verður keisari Rómar við lát Nerva.

1606 Réttarhöld yfir samsærismönnum í Púðursamsærinu hefjast.

1880 Thomas Alva Edison sækir um einkaleyfi fyrir raflampa.

1888 National Geographic Society stofnað í Washingtonborg.

1907 Bríet Bjarnhéðinsdóttir stofnar Kvenréttindafélag Íslands.

1940 Þjóðargrafreiturinn á Þingvöllum vígður við útför Einars Benediktssonar.

1957 Samsýning kvenna á listaverkum og bókum opnuð í Þjóðminjasafninu í tilefni af 50 ára afmæli Kvenréttindafélags Íslands.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur og bróðir,*

**Jónas Helgi Ólafsson**

pípulagningameistari,
Tjarnargötu 20, Vogum,

lést af slysförum, fimmtudaginn 21. janúar. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju, föstudaginn 29. janúar kl. 13.00.

**Guðrún Andrea Einarsdóttir**
**Aron Sune Jónasson**
**Einar Óli Jónasson**
**Stefán Ingi Jónasson**
**Andrea Helga Ósk Jónasdóttir**
**Valgerður Stefánsdóttir** **Gunnar Ásgeir Jósefsson**
**Jósef Karl Gunnarsson**
**Ása Guðmundardóttir** **Einar Finnsson**
**Rósa Hrönn og fjölskylda.**



†

*Bróðir minn og frændi okkar,*

**Kristinn Ólafsson**

fyrrverandi bóndi og landpóstur
Hænuvík,

verður jarðsunginn frá Sauðlauksdalskirkju föstudaginn 29. janúar kl. 13.30.

**Dagbjörg Una Ólafsdóttir**
**Guðjón Bjarnason og fjölskylda**
**og önnur systrabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Vilhjálmsson**

prentari, Ægisíðu 78, Reykjavík,

andaðist á Borgarspítalanum sunnudaginn 24. janúar. Útförin fer fram frá Neskirkju, miðvikudaginn 3. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið – endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

**Margrét Ólafsdóttir**
**Vilhjálmur Svan Jóhannsson** **Sesselja R. Henningsdóttir**
**Valgerður Jóhannsdóttir** **Jakob H. Magnússon**
**Ólafur Jóhannsson** **Helga Sigurðardóttir**
**Laufey Jóhannsdóttir** **Jan B. Thomsen**
**Þráinn Jóhannsson** **Erna Andreassen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**Auglýsingasími**

**512 50 50**



– Mest lesið




**HÁTÍÐ** Skúli og Guðríður eru á höttunum eftir góðum hugmyndum fyrir hátíðina sem haldin verður í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK: VERÐUR HALDIN Í APRÍL

# Uppákomur úti um allan bæ

„Ég held að þetta verði stór hátíð, umfangsmikil og víðförul, enda kemur hún til með að teygja sig út um alla borgina,“ segir Skúli Gautason sem ásamt Guðríði Ingu Ingólfsdóttur heldur utan um Barnamenningarhátíð í Reykjavík sem haldin verður dagana 19. til 25. apríl næstkomandi.

Hátíðinni er ætlað að fara fram víða um borgina, ofan í sundlaugum, uppi í Esjuhlíðum, á skólalóðum, á öldum ljósvakans, á götum úti og svo mætti lengi telja. Tilgangurinn er að beina sjónum að menningu barna, menningu með börnum og menningu fyrir börn. Matarmenning og málþing, íþróttir og innivera, leiklist og listdans getur verið innifalið í því. Í raun flestir fletir menningar sem skýra tengingu hafa við börn og barnamenningu.

Höfuðborgarstofa hefur skipulagningu og kynningarmál hátíðarinnar á sinni könnu. Að sögn Skúla koma þó ýmsir aðilar að undirbúningi hennar. Hann segir hugmynd að slíkri hátíð hafa verið í gerjun í nokkur ár. „Í fyrravor stóðum við fyrir litlum viðburði til að átta okkur á hvernig landið liggur. Svo kom að því að við fengum grænt ljós á að halda stóra hátíð í vor og þá var bara rekið í gír og hafist handa við undirbúning. Þessa dagana vinnum við af fullum krafti til að freista þess að gera þetta eins vel og hægt er.“

Skúli segir hugmyndina hafa fengið góðar viðtökur. „Fólk hefur tekið þessu betur en við þorðum að vona. Margir eru með eitthvað í bígerð fyrir hátíðina. Það er mjög áhugavert þegar svona margir leggja hönd á plóg og gera eitthvað skemmtilegt. Einna skemmtilegast er að fylgjast með samstarfi alls kyns ólíkra aðila fara í gang; leikskólar eru í samstarfi við íbúasamtök og eldri borgara, fyrirtæki ætla að bjóða krökkum að setja upp myndlistarsýningar á göngunum hjá sér og fleira. Kannski erum við að læra um mikilvægi samvinnu á krepputímum.“

Þema þessarar fyrstu Barnamenningarhátíðar í Reykjavík er forvitni. Spurður hvernig þemað komi til með að tengjast inn í dagskrá hátíðarinnar segir Skúli það verða að koma í ljós. „Við vorum dálítið lengi að velja þema, því eðli góðra þema er að kveikja á góðum hugmyndum en alls ekki að þrengja að og skerða hugmyndaflugið. Forvitni er sniðugt þema sem kemur til með að birtast í ótal myndum og sérstaklega á þann hátt sem fáa órar fyrir.“

Skúli og Guðríður leita nú logandi ljósi að góðum hugmyndum sem færa mætti í framkvæmd á hátíðinni í vor. Sett hefur verið á fót Facebook-síða þar sem áhugasamir geta kastað hugmyndum á milli sín. Þeim er einnig bent á að hafa samband við Skúla og Guðríði hjá Höfuðborgarstofu.

**kjartan@frettabladid.is**



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Guðrún Erla Jónasdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 13. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum öllum auðsýnda samúð og hlýhug í okkar garð.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Vilborg Baldursdóttir**
**Jónas Baldursson**



†

*Elskuleg mágkona mín,*

**Guðrún Guðmundsdóttir**

frá Víkingavatni,
Dalbraut 16, Reykjavík,

sem lést 16. janúar sl., verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 28. janúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jónína Sigurborg Jónasdóttir.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

# Þorranum fagnað í Þórsmörk

Farfuglar ætla að halda þorrann hátíðlegan og sérlega þjóðlegan í Húsadal í Þórsmörk 6. febrúar. Þeir hafa fengið þorrakónginn sjálfan til liðs við sig og bera á borð kræsingar frá Múlakaffi, en þess utan getur staðarhaldari útbúið hádegis- og/eða morgunverð fyrir þá sem það kjósa.

Boðið verður uppá mismunandi pakka sem innihalda gönguferðir með leiðsögn, rútuferðir frá Reykjavík að Seljalandsfossi, gistingu í skálum eða tveggja manna herbergjum og svo hið umrædda þorrahlaðborð. Hægt er að nota eigin svefnpoka, leigja rúmföt eða fá uppábúin rúm. Gestaeldhúsin standa opin þeim sem það vilja og gufan og sturturnar bíða þreyttra göngugarpa og annarra sem vilja láta líða úr sér fyrir kvöldið.

Þórsmörk er yndisleg á öllum tímum ársins og hver árstími hefur sinn sjarma. Veðrið getur auðvitað brugðið til beggja vona eins og við er að búast í febrúar á Íslandi. „En það er gaman að vera úti að leika í hvernig veðri sem er. Maður klæðir sig bara vel!“ segir Guðrún Ægisdóttir, verkefnastjóri Þórsmerkur, og kemur með fleiri góðar ábendingar. „Það er líka kósí að liggja bara undir sæng og lesa, spila eða njóta bara kyrrðarinnar sem í Þórsmörkinni ríkir.“

Nánari upplýsingar eru á www.thorsmork.is og áhugasamir geta haft samband við Guðrúnu í síma 552-8300 eða í gegnum thorsmork@thorsmork.is.



**VETUR Í ÞÓRSMÖRK** Þorrinn verður haldinn hátíðlegur í Húsadal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bárður Brynjólfsson**

Dalbraut 16,

andaðist á líknardeild Landakotsspítala 14. janúar. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 28. janúar kl. 13.

**Rósa Magnúsdóttir**
**dætur, tengdasynir, barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,*

**Dröfn Gústafsdóttir**

Eyjaholti 15, Garði,

andaðist föstudaginn 22. janúar. Útförin fer fram frá Útskálakirkju, laugardaginn 30. janúar kl. 14.00.

**Vilhjálmur Pétur Björgvinsson**
**Kristjana Björg Vilhjálmsdóttir — Guðmundur R. Magnússon**
**Daníel Valur Vilhjálmsson — Bianca Elizabeth Gellert**
**Elva Ósk Vilhjálmsdóttir**
**Magnús Máni Guðmundsson**
**Eygló Gísladóttir**
**Gústaf Ólafsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jarþrúður Gréta Jónsdóttir**

Varmalæk,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju föstudaginn 29. janúar kl. 14.00.

**Birna Jakobsdóttir — Halldór Bjarnason**
**Jón Jakobsson — Kristín Guðbrandsdóttir**
**Helga Jakobsdóttir — Hallgeir Pálmason**
**Sigurður Jakobsson — Heiðbjört Ósk Ásmundsdóttir**
**Magnea K. Jakobsdóttir — Ragnar Andrésson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Örn Norðdahl Magnússon**

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 22. janúar síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 29. janúar kl. 14.00.

**Magnús Hauksson — Elín Norðdahl Arnardóttir**
**Ragnar Ingi Magnússon**
**Margrét Þórunn Magnúsdóttir**
**Elísabet Arna Magnúsdóttir**
**Rakel Ósk Magnúsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Indriði Rósenbergsson**

Gvendargeisla 116,

andaðist á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 23. janúar. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 29. janúar kl. 15.00. Fjölskyldan þakkar starfsfólki Líknardeildar og G 11 góða umönnun, samhygð og skilning á erfiðum tímum.

**Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir**
**Jóhann Kristinn Indriðason — Þórey Jóhannsdóttir**
**Gunnar Örn Indriðason**
**Sigurður Eiður Indriðason — Sara Kristín Arnardóttir**
**Sigríður Ósk Indriðadóttir**
**Indriði Nökkvi Jóhannsson**
**Örn Indriði Eiðsson**
**Systkini Indriða og fjölskyldur.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar föður okkar og bróður,*

**Kristjáns Jóns Jónassonar.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Grensáss, endurhæfingardeild og starfsfólks líknardeildar Landakotsspítala. Einnig til allra annarra sem veitu okkur aðstoð vegna útfarar hans. Hlýhugur og stuðningur ykkar hefur verið ómetanlegur.

**Guðbjörg M. Kristjánsdóttir**
**Guðmundur P. Pálsson**
**Ingi Bergþór Jónasson**
**og fjölskyldur okkar.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanþrúður Frímannsdóttir, Svana**

Laufangi 6, Hafnarfirði,

lést á Landakoti líknardeild miðvikudaginn 20. janúar. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 28. janúar kl. 13.00.

**Guðný Sigurvinsdóttir — Kristinn Atlason**
**Guðný Ó. Sigurvinsdóttir — Kåre Solem**
**Sif Sigurvinsdóttir — Jón L. Sigurðsson**
**Ethel B. Sigurvinsdóttir — Daníel Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir, tengdasonur og frændi,*

**Gunnlaugur Nielsen**

Skógarlundi 10, Garðabæ,

lést föstudaginn 22. janúar. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 4. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á MND félagið.

**Friðný Heiða Þórólfsdóttir**
**Guðný Nielsen**
**Þórólfur Nielsen — Lára Hannesdóttir**
**Þorsteinn Jökull Nielsen**
**Áslaug G. Nielsen**
**Kristín Theodóra Nielsen — Jón Alfreðsson**
**Vilhelmína Nielsen — Guðmundur H. Jóhannesson**
**Þóra Lind Nielsen**
**Axel Emil Nielsen — Jóhanna Á. Sigurðardóttir**
**Hjalti Nielsen — Elín Björg Smáradóttir**
**Þórólfur Jónsson**
**Hallfríður Gunnlaugsdóttir — Bjarni Þorsteinsson**
**og systkinabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdapabbi, afi og langafi,*

**Jóhannes Þorsteinsson**

bifreiðastjóri,

lést þann 31. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 28. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Landsbjörg lamaðra og fatlaðra.

**Magný Jóhannesdóttir**
**Sæunn Jóhannesdóttir**
**Sólveig Jóhannesdóttir — Haraldur Jónsson**
**Svala Guðbjörg Jóhannesdóttir**
**Svanhildur Jóhannesdóttir — Gunnar Sigurðsson**
**Sonja Jóhannesdóttir**
**barnabörn, makar þeirra og barnabarn.**

---



†

*Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðfinns Kristins Jónssonar**

Furugerði 1, áður Unufelli 29.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Furugerði 1 og 11G Landspítalanum v/Hringbraut. Sérstakar þakkir til starfsfólks Eimskips fyrir hlýhug.

**Guðrún Magnúsdóttir**
**Magnús Guðfinnsson — Inga Dóra Halldórsdóttir**
**Sigurður Jón Guðfinnsson — Halla Elísabet Guðmundsdóttir**
**Guðni Guðfinnsson — Sondy Haldursdóttir Johansen**
**Jens Guðfinnsson — Erla Rúna Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# POPP

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

## Sendu okkur símamynd!



**POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.**

**Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.**

**Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *tvo kassa af Doritos í verðlaun.***

**Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is**

**Við viljum tvífara fræga fólksins!**

**Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða er vinur þinn eins og Jack Black? Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.**

vodafone





# Allt fyrir almenning

**BAKÞANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Ég hef búið í höfuðstaðnum í bráðum þrettán ár en ég er landsbyggðarpía að upplagi. Kom til borgarinnar til að mennta mig í listum og ílentist. Ég flutti með allt mitt hafurtask í skottinu á hvítri súbarúbifreið systur minnar eitt haustið og hóf borgarbúskapinn í kjallaraskonsu á Njálsgötunni, ásamt vinkonu. Rataði ekki neitt, var strítt í skólanum á grjóthörðum norðanhreimnum og þurfti að útskýra það margoft að, nei, ég væri ekki frá Akureyri þó ég væri að norðan. Akureyri virtist einhvern veginn vera eini staðurinn sem borgarbúinn vissi að væri „úti á landi“.

**ÞEGAR** ég sagðist vera alin upp í sveit innan um kindur og kýr mætti ég stórum spurnaraugum bekkjarfélaga minna sem tengdu sveitalífið við sögubækur og eitthvað sem forfeður okkar upplifðu. Ég hefði eins getað sagst hafa alist upp á Mars, landsbyggðin var ekki með í umræðunni. Ég skildi til dæmis aldrei þegar ég var lítil af hverju 17. júní var alltaf tengdur rigningu og roki. Fyrir norðan var alltaf sól í júní!

**ÉG** lét það gjarnan ergja mig hversu sjálfhverfir borgarbúar geta verið. Ég hef til dæmis háð ótal rimmur um réttlætingu þess að vegakerfið úti á landi sé bætt en það þykir óþarfi þegar hver maður sér að ekki er hægt að bíða lengur með tvöföldun akreina í borginni, breikkun aðreina, víxllagningu gatnamóta, lagningu hraðbrauta í stokk og svo mætti lengi telja. Það væri einfaldlega ill meðferð á skattfé „almennings“ að fara að bora göng og tvöfalda brýr einhvers staðar úti á landi. Hvað er þetta fólk líka að búa þarna á hjara veraldar þegar þar eru ekki einu sinni almennilegir vegir?

**SMÁM** saman hef ég samt aðlagast borgarlífinu og líkar það vel. Fór fljótlega að drekka latte úr pappamáli og harði norðanhreimurinn linaðist allur upp. Áður en ég vissi af var ég farin að taka „strædó“ og borða „pulsu“! Og núna er ég löngu orðin vön því að borgarbúar telji sig eina fólkið í landinu. Að þegar talað er um almenning sé verið að tala um þá og enga aðra.

**ÞAÐ** kom mér því ekkert á óvart en stakk mig þó, þegar útvarpsstjóri kynnti niðurskurðinn hjá RÚV í fréttum um daginn. Meðal annars hefði verið ákveðið að hætta útsendingum svæðisstöðva RÚV á landsbyggðinni.

**ÚTVARPSSTJÓRI** sagðist með þessum aðgerðum vera að lágmarka skaðann af niðurskurðaraðgerðum stjórnvalda, fyrir eigendur Ríkisútvarpsins, það er að segja almenning!

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Bólu-Hjálmar í Þjóðleikhúsinu

**Í kvöld og annað kvöld sýnir Stoppleikhópurinn verðlaunaleikritið Bólu-Hjálmar í Þjóðleikhúsinu. Aðeins er um þessar tvær sýningar að ræða. Sýningin hlaut Grímuverðlaunin sem Barna- og unglingaleiksýning ársins 2009.**


**ÚR BÓLU-HJÁLMARI** Margrét Sverrisdóttir og Eggert Kaaber í hlutverkum sínum í Þjóðleikhúsinu.

Höfundar handrits og tónlistar eru þeir Ármann Guðmundsson, Snæbjörn Ragnarsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Þeir eru allir í Ljótu hálfvitunum. Í verkinu, sem tekur um 50 mínútur í flutningi, er leitast við að kynna Bólu-Hjálmar fyrir nýjum kynslóðum. Grunnskólakrakkar vita sennilega flestir að hann var skáld og þeir sem eldri eru kunna sum ljóðin hans og muna eftir honum af svipmikilli teikningu í gömlu Skólaljóðunum.

Þjóðin hampar honum enn þá sem einu af kraftmestu þjóðskáldum sínum fyrr og síðar. Hann var skapmikill orðhákur sem oft kom sér í vandræði og lenti upp á kant við nágranna sína. Hann var öfundaður og rógborinn. Hann var þjófkenndur og ákærður. Samt virtur og dáður.

Þrír leikarar segja söguna og leika allar persónur, þau Eggert Kaaber, Magnús Guðmundsson og Margrét Sverrisdóttir. Leikritið geymir sýnishorn af kveðskap Bólu-Hjálmars, allt frá því fegursta til andstyggilegustu níðvísna. Leikstjóri er Ágústa Skúladóttir.

Verkið var frumsýnt 22. maí 2008 í Iðnó. Hefur það síðan verið á leikferð um landið þar sem sýningar fóru fram í grunnskólum og einnig fyrir eldri borgara. Núna gefst almenningi einstakt tækifæri til að sjá sýninguna.

drgunni@frettabladid.is


MYND/ARI MAGG

**LEIKA MOZART** Tónlistarfólkið sem verður á Kjarvalsstöðum annað kvöld.

# Mozart á Kjarvalsstöðum

Annað kvöld verða haldnir Mozart-tónleikar á Kjarvalsstöðum í tilefni af fæðingardegi tónskáldsins. Hann fæddist 27. janúar árið 1756 og lést 5. desember 1791, 35 ára að aldri.

Á tónleikunum verða flutt þrjú verk. Hildigunnur Halldórsdóttir og Svava Bernharðsdóttir flytja dúó í G-dúr fyrir fiðlu og víólu. Bryndís Björgvinsdóttir og Brjánn Ingason spila dúó fyrir selló og fagott. Að lokum flytja þau Divertimento í B-dúr fyrir strengi og horn ásamt þeim Laufeyju Sigurðardóttur fiðluleikara og Josef Ognibene og Þorkeli Jóelssyni hornleikurum. Á milli tónverka spjallar Einar Jóhannesson um tónskáldið og tónlist hans. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og aðgöngumiðasala er við innganginn.


IÐNÓ
TILBRIGÐI VIÐ STEF
Nýtt íslenskt leikrit eftir Þór Rögnvaldsson
Stef: Hin sterkari eftir Strindberg
Næstu sýningar: 29/1, 31/1, 4/2, 6/2, 11/2

Auglýsingasími
512 5050


– Mest lesið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is


Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 28/1 kl. 20:00 U | Mið 17/2 kl. 20:00 Ö | |
| Fös 5/2 kl. 20:00 U | Fim 18/2 kl. 20:00 Síðasta sýn. Ö | |

„Besta leiksýning ársins" MBL, IÞ. Síðasta sýning 18. febrúar.


Oliver! (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 29/1 kl. 19:00 U | Sun 21/2 kl. 15:00 U | Sun 14/3 kl. 19:00 Ö |
| Lau 30/1 kl. 15:00 U | Sun 21/2 kl. 19:00 Ö | Sun 21/3 kl. 15:00 Ö |
| Lau 30/1 kl. 19:00 U | Sun 28/2 kl. 15:00 Ö | Sun 21/3 kl. 19:00 |
| Lau 6/2 kl. 15:00 U | Sun 28/2 kl. 19:00 Ö | Lau 27/3 kl. 15:00 |
| Lau 6/2 kl. 19:00 U | Sun 7/3 kl. 15:00 Ö | Lau 27/3 kl. 19:00 |
| Sun 14/2 kl. 15:00 U | Sun 7/3 kl. 19:00 Ö | Sun 28/3 kl. 15:00 |
| Sun 14/2 kl. 19:00 Ö | Sun 14/3 kl. 15:00 Ö | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.


Sindri silfurfiskur (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 30/1 kl. 15:00 Ö | Sun 31/1 kl. 16:30 Síðasta sýn. | |
| Sun 31/1 kl. 15:00 Ö | | |

Allra síðustu sýningar 31. janúar!


Gerpla (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. U | Lau 20/2 kl. 20:00 4. K Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. U | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K Ö | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K Ö |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!


Fíasól (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U | Sun 21/3 kl. 13:00 U | Sun 28/3 kl 15:00 U |
| Sun 14/3 kl. 13:00 U | Sun 21/3 kl. 15:00 U | Lau 10/4 kl 13:00 Ö |
| Sun 14/3 kl. 15:00 U | Lau 27/3 kl. 13:00 Ö | Lau 10/4 kl 15:00 Ö |
| Lau 20/3 kl. 13:00 U | Lau 27/3 kl. 15:00 U | Sun 11/4 kl 13:00 |
| Lau 20/3 kl. 15:00 U | Sun 28/3 kl. 13:00 Ö | Sun 11/4 kl 15:00 Ö |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!


Bólu-Hjálmar (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Mið 27/1 kl. 20:00 Ö | Fim 28/1 kl. 20:00 |

Gestasýning Stoppleikhópsins. Aðeins tvær sýningar.




Málfundir...
...um háskólamál og rannsóknir
Föstudaginn 29. janúar kl. 13 - 16 í Norræna húsinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið með Vísinda- og tækniráði og Rannsóknastofu um háskóla stendur fyrir málfundum um framtíð háskóla og rannsókna. Markmiðið er að vinna að sameiginlegum skilningi á aðstæðum háskóla og rannsóknastofnana í samfélagi okkar og móta sýn um uppbyggingu og samstarf menntunar og rannsókna í landinu.

**Fjármögnun háskóla**

**Fundarstjóri**
Oddný G. Harðardóttir, *formaður menntamálanefndar Alþingis*

Dagskrá:

**Ávarp**
Katrín Jakobsdóttir, *mennta- og menningarmálaráðherra*

**Forsendur og álitamál við fjármögnun háskóla**
Gísli Þór Magnússon, *skrifstofustjóri fjármálasviðs mennta- og menningarmálaráðuneytisins*

**Fjármögnun, hagsmunaárekstrar og heilindi í vísindum**
Rúnar Vilhjálmsson, *prófessor við Háskóla Íslands*

**Pallborðsumræður**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 8 - 10.20 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| MAMMA GÓGÓ LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 8 - 10 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.40 - 5.50 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 5.30 - 9 | 10 |
| FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ | | |
| VERNDARGRIPURINN | kl. 10.10 Enskur texti | L |
| NIKULÁS LITLI | kl. 8 Enskur texti | L |
| ÞAÐ VAR EKKI ÉG, ÉG ... | kl. 8 Enskur texti | L |
| MORÐKVENDI | kl. 6 Enskur texti | 16 |
| EDRÚ | kl. 10 Enskur texti | L |
| GÓÐ LÖGGA VOND LÖGGA | kl. 5.45 Enskur texti | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| HARRY BROWN | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE ROAD | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| TAKING WOODSTOCK | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 6 enskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BAD LIEUTENANT | kl. 10 | 16 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 8 | 7 |
| AVATAR 2D | kl. 6 - 9 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| UP IN THE AIR | kl. 8 og 10.20 | 7 |
| DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS? | kl. 10.10 | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 6 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| AVATAR 3D | kl. 6 og 9 | 10 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| UP IN THE AIR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 5:50D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 6 - 8D - 10:40D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| WHIP IT | kl. 8:20 | 10 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 6 - 8:20 - 9 - 10:40 | L |
| SORORITY ROW | kl. 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:50 (Síðustu sýningar) | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RÓSARIDDARINN ópera endurflutt | kl.17:30D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl.6D -8D - 9D -10:10D -10:40D | 12 |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 5:50D | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 8 - 10:10 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RÓSARIDDARINN ópera endurflutt | kl. 5:30 | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BJARNFREÐARSON | kl 5:40 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 10:30 | 7 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118


# Dexter á batavegi

**Leikarinn Michael C. Hall, sem fer með hlutverk Dexters í samnefndum sjónvarpsþáttum, hlaut nýverið bæði Golden Globe- og SAG-verðlaun fyrir leik sinn í þáttunum. Stuttu fyrir Golden Globe-verðlaunaafhendinguna tilkynnti leikarinn opinberlega að hann hefði greinst með eitilfrumukrabbamein, en að batahorfur væru góðar.**



MICHAEL C. HALL

**„Meðferðinni er næstum lokið og batahorfur eru góðar. Það gaf mér aukinn kraft að finna fyrir þessari skyndilegu jákvæðu orku í minn garð. Það er eitthvað til að halda upp á," sagði Hall eftir að hafa tekið á mótið seinni verðlaununum liðna helgi.**



**MUGISON** Mugison spilar á styrktartónleikunum á Sódómu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Syngja fyrir íbúa Haítí

Tónleikar til styrktar hjálparstarfi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, Unicef, á Haítí verða haldnir á Sódómu Reykjavík á fimmtudagskvöld klukkan 20.30. Þar koma fram Mugison, Bloodgroup, Kimono, Morðingjarnir, Ourlives, 13 og Retro Stefson dj´s. Miðaverð er 1.000 krónur og rennur allur ágóðinn til Unicef. Einnig verður tekið á móti frjálsum framlögum á síðunni Unicef.is og á tónleikunum sjálfum.

Aðgerðir Sameinuðu þjóðanna á Haítí eru þær umsvifamestu í sögu samtakanna og er það lýsandi fyrir þá miklu neyð sem ríkir í landinu.

# HLEGIÐ AÐ EIGIN RAUNUM

**Leikritið Góðir Íslendingar var frumsýnt í Borgarleikhúsinu fyrir skömmu. Fjöldi þekktra einstaklinga mætti á frumsýninguna, þar sem kreppan er helsta umfjöllunarefnið.**

Höfundar og leikstjórar Góðra Íslendinga eru þeir Hallur Ingólfsson, Jón Páll Eyjólfsson og Jón Atli Jónasson og leika þeir einnig í leikritinu. Síðasta sýning þeirra, Þú ert hér, hlaut fimm tilnefningar til Grímunnar og verður forvitnilegt að sjá hvort Góðir Íslendingar nái að feta í fótspor hennar.



**GUÐJÓN OG KATRÍN** Guðjón Pedersen og Katrín Hall sáu leikritið Góðir Íslendingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BROSMILDAR** Linda Daníelsdóttir og Margrét Helga Jóhannsdóttir voru brosmildar í Borgarleikhúsinu.



**Á FRUMSÝNINGU** Dýrleif Örlygsdóttir, Kormákur Geirharðsson og Egill Ólafsson voru meðal frumsýningargesta.



**GÓÐIR GESTIR** Sveinn Einarsson, Bogi Ágústsson og Þóra Kristjánsdóttir mættu á frumsýninguna.

# Misskilningur á úrslitakvöldi

Rokksveitin Endless Dark bar sigur úr býtum í hljómsveitakeppninni Global Battle of the Bands sem var haldin um síðustu helgi. Hljómsveitin verður fulltrúi Íslands í lokakeppninni sem verður haldin í London 27. apríl.

Daníel Hrafn Sigurðsson, trommari sveitarinnar, segist ekki hafa búist við sigrinum, sérstaklega ekki eftir óvænta uppákomu á úrslitakvöldinu þegar sveitin spilaði þrjú lög í stað tveggja. „Það var misskilningur því við tókum þátt 2007 og fengum þá að taka tvö lög fyrst og þrjú í lokin. Við fengum síðan engan póst um fyrirkomulagið og héldum að það sama væri í gangi þarna," segir Daníel Hrafn, sem bjóst við því að sveitin yrði dæmd úr leik. „Við héldum að þetta væri búið en síðan töluðum við við þá sem stjórnuðu og þá var allt í góðu. Þá hélt maður í vonina."

Endless Dark spilar svokallaða post-harðkjarnatónlist eða „screamo" og meðal áhrifavalda hennar eru sveitir á borð við Underoath, Sleeping With Sirens og hin íslenska Shogun. Hljómsveitin er skipuð sex strákum á aldrinum 18 til 22 ára frá Ólafsvík og Grundarfirði og hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2008.




**ENDLESS DARK** Hljómsveitin Endless Dark spilar á úrslitakvöldi Global Battle of the Bands 27. apríl næstkomandi.

MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR

Tónleikarnir í London verða þeir fyrstu hjá Endless Dark erlendis og er tilhlökkunin að sjálfsögðu mikil hjá þeim félögum. „Við getum ekki beðið," segir Daníel Hrafn en alls taka hljómsveitir frá yfir þrjátíu löndum þátt í lokakvöldinu. Sigurlaunin eru tíu þúsund dollarar, tíu daga tónleikaferð um Bretland og vikudvöl í hljóðveri í London. Daníel telur Endless Dark eiga alveg jafnmikla möguleika og hinar sveitirnar sem keppa. „Við hittum fimm Breta á úrslitakvöldinu sem sögðu að þeir ættu að taka vel í svona tónlist. Þannig að ég er vongóður." - fb

# ÚTSALAN
## Í FULLUM GANGI!

**ATH!**
...ENN MEIRI
**LÆKKUN**
Á ÚTSÖLUVÖRUM!

Kringlunni • Sími 551 3200

next

## > Vona að ég finni mér nýtt lið

Ásgeir Örn Hallgrímsson er nú án félags eftir að það varð endanlega ljóst að danska handknattleiksfélagið GOG væri orðið gjaldþrota. Guðmundur Guðmundsson er þjálfari liðsins. Ásgeir Örn veit ekki hvað tekur við hjá sér. „Ég þarf að finna mér nýtt lið og sú vinna byrjar strax í næstu viku. Ég var nú bara að heyra þetta rétt áðan og veit ekki hver mín staða er. Væntanlega eigum við rétt á launabótum frá ríkinu en ég vona að til þess komi ekki hjá mér og að ég geti fundið mér nýtt lið sem allra fyrst.“



sport
sport@fretta-

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: FEGINN AÐ FÁ FRÍDAG Á EM Í HANDBOLTA

# Mjög gott að þurfa ekki að stóla á önnur lið

Guðmundur Guðmundsson segir sigurinn á Rússum í gær hafa verið afar mikilvægan því það þýði að Ísland þurfi sem fyrr ekki að stóla á hagstæð úrslit í öðrum leikjum til að eiga möguleika á sæti í undanúrslitunum.

„Við þurfum ekki að stóla aðra heldur bara einbeita okkur að okkar leik. Það er mjög gott. Við verðum þó að gera okkur grein fyrir því að við erum að fara í svakalegan leik á fimmtudaginn. Norska liðið er með frábært lið og ég hef ekki séð þá svona góða í mörg ár. Þetta verður mjög erfitt.“

Guðmundur sagði mikla undirbúningsvinnu hafa legið að baki leiknum í gær. „Við vissum ekki á hverju við ættum að eiga von. Við vorum því búnir að undirbúa okkur mjög vel og við eyddum miklum tíma í að greina þeirra leik,“ sagði Guðmundur.

Fyrri hálfleikurinn var sérstaklega góður en Rússar skoruðu aðeins sex mörk á fyrstu 25 mínútunum. Í þeim síðari missti liðið aðeins einbeitingu í vörninni enda liðið löngu búið að gera út um leikinn.



„Það er vissulega erfitt að halda einbeitingu allan leikinn og það kom upp í undirmeðvitundinni að byrja að hvíla leikmenn og skipta inn á. Ég reyndi að gera það eins mikið og ég gat en það var ekki auðvelt. Rússarnir eru fljótir að koma til baka ef þeir fá tækifæri til þess.“

Þeir Sturla Ásgeirsson og Ólafur Guðmundsson spiluðu í fyrsta sinn á þessu móti í gær og stóðu sig mjög vel.

„Sturla var frábær og ég er reyndar ánægður með allt liðið,“ sagði Guðmundur sem ákvað þó að láta Loga Geirsson ekki spila.

„Þetta er bara spurning um að velja og hafna. Ég ákvað að gefa Óla [Guðmundssyni] tækifæri þar sem hann þarf að losa sig við ákveðinn skrekk. Logi býr hins vegar yfir mikilli reynslu.“

Íslenska liðið fær þó að hvíla sig í dag og fagnaði Guðmundur því. „Þetta er búið að vera svakalega erfitt. Ég var kominn á fætur fyrir allar aldir í morgun til að fara yfir vinnu Óskars [Bjarna Óskarssonar] sem var búinn að vera að í alla nótt. Þetta er líka búið að vera mikið álag fyrir alla leikmenn og hefur krafist mikillar orku.“

### *EM í handbolta:*

**MILLIRIÐILL II**

| | |
|---|---|
| Slóvenía-Frakkland | 28-37 |
| Þýskaland-Spánn | 20-25 |
| Pólland-Tékkland | 35-34 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Pólland** | **4** | **3** | **1** | **0** | **124-115** | **7** |
| Frakkland | 4 | 3 | 1 | 0 | 106-94 | 7 |
| **Spánn** | **4** | **2** | **1** | **1** | **112-101** | **5** |
| Slóvenía | 4 | 0 | 2 | 2 | 127-138 | 2 |
| **Tékkland** | **4** | **1** | **0** | **3** | **116-127** | **2** |
| Þýskaland | 4 | 1 | 1 | 3 | 101-118 | 1 |



**REIÐUR** Dagur Sigurðsson missti stjórn á skapi sínu í gær og var rekinn af velli. Hann lætur hér eftirlitsdómarann heyra það. MYND/DIENER

Milliriðill II:

## Pólland komið í undanúrslit

**HANDBOLTI** Pólverjar urðu í gærkvöldi fyrsta liðið til þess að bóka sig inn í undanúrslit á EM er liðið lagði Tékka, 35-34.

Aðeins Spánverjar geta náð Póllandi og Frakklandi að stigum og þar sem Pólland á innbyrðisviðureignina á Spán er liðið komið áfram.

Spánverjar eygja veika von um að komast áfram. Þeir þurfa að treysta á sigur Póllands gegn Frakklandi og vinna sigur á Slóveníu.

Þá verða Frakkland og Spánn jöfn að stigum. Þar sem þau gerðu jafntefli fyrr í keppninni mun heildarmarkatala riðilsins ráða því hvort liðið fer áfram og þar standa Spánverjar betur að vígi. Frakkar verða því að fá eitthvað út úr leiknum gegn Pólverjum til að vera öruggir áfram. - hbg

# Vonbrigði á vonbrigði ofan

**Liverpool gengur lítið að rétta úr kútnum í ensku úrvalsdeildinni en liðið varð að sætta sig við markalaust jafntefli gegn Wolves í gær. Leikur liðsins olli enn á ný vonbrigðum. Spurs og Bolton nældu í sigur en West Ham gerði jafntefli.**

**FÓTBOLTI** Það var heitt undir Rafa Benitez, stjóra Liverpool, fyrir leikinn gegn Úlfunum í gær og það sæti kólnaði alls ekki eftir enn eina lélegu frammistöðuna hjá liði Liverpool í vetur. Að þessu sinni náði liðið ekki einu sinni að skora gegn Úlfunum.

Það ætlar því ekkert að ganga hjá Benitez að koma sínum mönnum á beinu brautina og ef mið er tekið af leiknum í gær á hann enn langt í land með að koma liðinu á einhverja siglingu. Liverpool er þó fjarri því að vera úr leik í baráttunni um Meistaradeildarsæti.

Það var hart barist í botnbaráttuslag Portsmouth og West Ham. Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði Portsmouth sem lenti undir í upphafi síðari hálfleiks. Danny Webber kom Portsmouth aftur á móti til bjargar og jafnaði leikinn stundarfjórðungi fyrir leikslok. Eitt stig á lið en þau vildu bæði klárlega fá þrjú stykki í gær enda veitir ekki af.



**GENGUR EKKERT** Steven Gerrard og félagar eru enn í vandræðum í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Bolton gegn Burnley og spilaði allan leikinn. Jóhannes Karl Guðjónsson var aftur á móti ekki í leikmannahópi Burnley að þessu sinni.

Hinn sjóðheiti Chung-yong Lee skoraði enn á ný fyrir Bolton í leiknum og tryggði því öll stigin þrjú. Þetta var fyrsti deildarsigur Bolton síðan Owen Coyle tók við stjórnartaumunum hjá félaginu. Bolton var þess utan að halda hreinu í fyrsta skipti síðan í maí á síðasta ári. Eflaust súrsætur sigur fyrir hann enda yfirgaf Coyle herbúðir Burnley til þess að taka við Bolton. Hann faðmaði sína fyrrum lærisveina eftir leikinn og reyndi að hughreysta þá.

Burnley er eftir leikinn í fallsæti en Bolton er einu stigi fyrir ofan fallsæti. Peter Crouch og David Bentley tryggðu Spurs síðan sigur á Fulham á heimavelli í gær.

henry@frettabladid.is

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Portsmouth-West Ham | 1-1 |
| 0-1 Matthew Upson (52.), 1-1 Danny Webber (76.) | |
| Wolves-Liverpool | 0-0 |
| Bolton-Burnley | 1-0 |
| 1-0 Chung-yong Lee (35.) | |
| Tottenham-Fulham | 2-0 |
| 1-0 Peter Crouch (27.), 2-0 David Bentley (60.) | |

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **23** | **16** | **2** | **5** | **53-19** | **50** |
| Arsenal | 22 | 15 | 3 | 4 | 59-25 | 48 |
| **Chelsea** | **21** | **15** | **3** | **3** | **52-18** | **48** |
| Tottenham | 23 | 12 | 5 | 6 | 44-24 | 41 |
| **Liverpool** | **23** | **11** | **5** | **7** | **40-26** | **38** |
| Man. City | 21 | 10 | 8 | 3 | 42-30 | 38 |
| ------------ | | | | | | |
| **Bolton** | **21** | **5** | **6** | **10** | **29-42** | **21** |
| West Ham | 22 | 4 | 8 | 10 | 29-38 | 20 |
| **Wolves** | **22** | **5** | **5** | **12** | **17-38** | **20** |
| Burnley | 22 | 5 | 5 | 12 | 22-44 | 20 |
| **Hull City** | **22** | **4** | **7** | **11** | **20-46** | **19** |
| Portsmouth | 21 | 4 | 3 | 14 | 19-33 | 15 |



**AFTUR Á ÍSLANDI** Pavel Ermolinski. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Iceland Express-deild karla:

## Pavel lánaður til KR-inga

**KÖRFUBOLTI** Pavel Ermolinski mun spila með KR út tímabilið eftir að topplið Iceland Express-deildarinnar fékk landsliðsbakvörðinn á láni út tímabilið frá spænska liðinu Caceres.

Pavel er 23 ára og 203 sm leikstjórnandi sem mun væntanlega styrkja KR-liðið mikið. Pavel hefur ekki fengið mikið að spila með Caceres á þessu tímabili en hann hefur leikið á Spáni frá 2003. Pavel lék síðast með ÍR-ingum hér á landi en hann hóf ferilinni með Skallagrími undir stjórn föðurs síns Alexanders Ermolinski.

Pavel stóð sig vel með landsliðinu í haust en hann var þá með 5,8 stig, 6,0 fráköst og 4,8 stoðsendingar að meðaltali á 31,0 mínútu.

„Þetta styrkir KR augljóslega og hjálpar KR að vera meðal þeirra bestu. Hann er sterkur leikmaður með mikinn leikskilning og mun hjálpa okkur á báðum endum vallarins,“ sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, í viðtali við heimasíðu KR.

Vesturbæjarliðið situr í efsta sæti Iceland Express-deildar karla.

Ekki náðist í Pavel í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - óój


Námskeið TÓNVINNSLUSKÓLANS vorið 2010

Söngur og framkoma
14 ára og eldri / 1 klst. á viku í 10 vikur.

Söngur og framkoma - framhald
14 ára og eldri / 1 klst. á viku í 10 vikur.

Kennarar: Margrét Eir, Erna Hrönn og Heiða Ólafsdóttir

Upptöku- og útsetninganámskeið
Tónvinnslunámskeiðið hefst í febrúar.
Farið verður í ProTools 101 og ProTools 110.
Prufuupptökugerð (demo) í Midi-umhverfi ProTools og forritin Reason og Melodine kynnt.
Upptökur á frumsömdu lagi í hljóðveri með hljóðfæraleikurum.
Masterclass í hljóðblöndun í ProTools (EQ, Compressors, Reverb, Delay, Chorus, o.fl.)

Gítarnámskeið fyrir byrjendur
Allir aldurshópar / 50 mín. á viku í 12 vikur.

Gítarnámskeið fyrir lengra komna
Allir aldurshópar / 30 mín á viku í 12 vikur
Einkatímar

Þeir sem hafa verið áður hjá okkur fá kennslu við hæfi miðað við framfarir.



Tónvinnsluskólinn er aðili að frístundakortakerfi Reykjavíkurborgar



Erna Hrönn - Margrét Eir

TÓNVINNSLUSKÓLINN
Sponsored Digidesign School



Þorvaldur - Vignir



Nánari upplýsingar og skráning á slóðinni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 5349090

# Allt á **útopnu!**




Við ætluðum að setja upp heilsíðuauglýsingu vegna útsölu á húsgögnum sem verður á lagernum okkar að **Vesturvör 29 í Kópavogi í dag til næstkomandi laugardags, kl. 11-18 alla dagana.** Við fundum fínt staðsetningarkort (það er neðst) og hér er sýnishorn af þeim útsöluvörum sem verða í boði. En við náðum ekki að klára auglýsinguna. **Við erum alltof upptekin við að reikna út allt að 90% afslátt af völdum tegundum húsgagna.**

Mætið bara.

PENNINN
Með þér í vinnunni

www.penninn.is

## ÚRSLIT

*EM í handbolta:*

**Ísland-Rússland 38-30 (19-10)**

Mörk Íslands (skot): Snorri Steinn Guðjónsson 7/2 (8/3), Alexander Petersson 7 (13), Sturla Ásgeirsson 5 (5), Vignir Svavarsson 3 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (5), Ólafur Stefánsson 3/1 (5/2), Róbert Gunnarsson 3 (7), Aron Pálmarsson 2 (4), Guðjón Valur Sigurðsson 2 (5), Arnór Atlason 2 (6), Ólafur Guðmundsson 1 (5).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 16 (39/2, 41%), Hreiðar Guðmundsson 3 (10/2, 30%).
Hraðaupphlaup: 13 (Sturla 3, Alexander 3, Vignir 2, Snorri 2, Ásgeir Örn 1, Guðjón 1, Róbert 1).
Fiskuð víti: 5 (Snorri 2, Vignir, Ingimund., Róbert).
Utan vallar: 12 mínútur
Mörk Rússlands (skot):, Mikhail Chipurin 8 (9), Samvel Aslanyan 5/4 (8/4), Vasily Filippov 4 (8), Sergey Predybaylov 3 (5), Andrey Starykh 3 (5), Alexey Rastvortsev 2 (4), Alexey Kaynarov 2 (4), Alexander Chernoivanov 1 (1), Alexey Kamanin 1 (1), Dmitry Kovalev 1 (3).
Varin skot: Oleg Grams 19/1 (57/4, 33%).
Hraðaupphlaup: 2 (Filippov 1, Kaynarov 1).
Fiskuð víti: 4 (Chipurin 2, Rastvortsev, Aslanyan).
Utan vallar: 10 mínútur.

| | |
|---|---|
| Króatía-Austurríki | 26-23 |
| Noregur-Danmörk | 23-24 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Króatía** | **4** | **3** | **1** | **0** | **107-100** | **7** |
| Ísland | 4 | 2 | 2 | 0 | 128-115 | 6 |
| **Danmörk** | **4** | **3** | **0** | **1** | **113-107** | **6** |
| Noregur | 4 | 2 | 0 | 2 | 104-100 | 4 |
| **Austurríki** | **4** | **0** | **1** | **3** | **116-126** | **1** |
| Rússland | 4 | 0 | 0 | 4 | 30-130 | 0 |



**ÓLAFUR GUÐMUNDSSON** Fékk tækifæri í gær og skoraði. MYND/DIENER

Ólafur Guðmundsson:

## Boltastrákurinn skoraði

**HANDBOLTI** Ólafur Guðmundsson lék sinn fyrsta leik með íslenska landsliðinu á EM í gær og skoraði einnig sitt fyrsta mark á stórmóti. Hann hélt á boltum íslenska liðsins í viðtalinu en sú skylda að koma boltunum aftur inn í búningsklefa fellur á herðar yngsta leikmannsins í liðinu.

Það var mikið fagnað á bekknum þegar hann skoraði markið. „Þessir strákar eru mjög duglegir við að styðja hver annan og það er frábært að finna fyrir svona trausti frá þjálfurunum og félögunum.“ - esá





**FÖGNUÐUR OG ÁTÖK** Arnór Atlason fagnar hér marki gegn Rússum í gær á viðeigandi hátt. Sverre Jakobsson sést með einn Rússann í heljargreipum en hann var magnaður í vörninni. MYND/DIENER

# Rússarnir afgreiddir á mettíma

### Ísland vann glæsilegan sigur á Rússlandi í öðrum leik sínum í milliriðlakeppninni á Evrópumeistaramótinu í handbolta. Nú getur liðið tryggt sér sæti í undanúrslitunum með sigri á Noregi.

**HANDBOLTI** Það tók Ísland ekki nema rétt rúmar þrettán mínútur að klára leikinn gegn Rússum á EM í handbolta í Vínarborg í gær. Lokatölur leiksins voru 38-30.

Þegar rúmar þrettán mínútur voru liðnar af leiknum var Ísland komið með sex marka forystu, 8-2. Rússar töpuðu boltanum klaufalega í sókn og einn leikmaður liðsins braut á Íslendingi sem var í þann mund að hefja hraðaupphlaupið.

Um var að ræða hreinræktað pirringsbrot sem hann fékk vitanlega tveggja mínútna brottvísun fyrir. Rússinn, Mikhail Chipurin, gekk niðurlútur af velli og andmælti ekki dómnum.

Rússar voru einfaldlega brotnir niður á þessum fyrstu þrettán mínútum leiksins. Eftirleikurinn var auðveldur. Ísland komst í tíu marka forskot eftir 25 mínútna leik og hélst sá munur út allan leikinn. Rússar voru aldrei nálægt því að komast aftur inn í hann.

Ísland tók alls 66 skot í leiknum sem verður að teljast afar mikið. Það segir sitt um sóknarleikinn að þrátt fyrir að liðið misnotaði tvö vítaköst, nokkur hraðaupphlaup og fjölmörg dauðafæri skoraði það samt 38 mörk í leiknum. Rússneski markvörðurinn, Oleg Grams, varði einnig mjög vel og kom í veg fyrir miklu, miklu stærra tap.

Allir fengu að spreyta sig í gær nema Logi Geirsson. Sturla Ásgeirsson nýtti sitt tækifæri mjög vel og skoraði fimm mörk í jafnmörgum tilraunum. Vignir Svavarsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson komu sterkir inn í vörnina en fengu of marga brottrekstra. Aron Pálmarsson skoraði tvö falleg mörk og Ólafur Guðmundsson fékk sína eldskírn á stórmóti í handbolta.

Bestu leikmenn íslenska liðsins voru þó Snorri Steinn Guðjónsson og Alexander Petersson. Snorri spilaði eins og engill í sókninni og Alexander var sígnandi og tók mikið til sín í vörninni. Björgvin Páll Gústavsson var í þriðja sinn í röð valinn maður leiksins hjá mótshöldurum hér í Austurríki enda skilaði hann enn og aftur mjög flottum tölum: sextán vörðum skotum og 41 prósents hlutfallsmarkvörslu. Hans þáttur í árangri íslenska liðsins er afar mikill.

Enginn spilar betur en andstæðingurinn leyfir og það sannaðist í gær. Rússarnir voru glæpsamlega lélegir – sérstaklega í fyrri hálfleik. Þeir voru rænulausir í sóknarleik sínum og skutu ítrekað yfir þegar þeir komust loksins í færi. Þeir áttu svo engin svör við hröðum sóknaraðgerðum íslenska liðsins en sem fyrr segir var eini maðurinn með rænu markvörðurinn Grams. Síðari hálfleikur var svo í raun dauður tími.

Stigin tvö sem liðið vann sér inn í dag skiptu afar miklu máli og liðið er enn taplaust. Með sigri á Noregi á morgun er sætið í undanúrslitunum tryggt. Það má mikið vera ef strákarnir verða ekki tilbúnir fyrir það annars erfiða verkefni.



**Í KLÓM RÚSSNESKA BJARNARINS** Rússneski björninn minnti meira á rússneskan bangsa í gær þó svo að ekki sé hægt að sjá það á þessari mynd. MYND/DIENER



EM Í AUSTURRÍKI
EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON
skrifar frá Vín
eirikur@frettabladid.is

1.040.0
ÞÚ TALDIR RÉTT:
1.040 MILLJÓNIR
Fíton/SÍA



Alexander Petersson slapp við meiðsli í leiknum við Rússland í gær:

# Er alltaf góður gegn Rússum

**HANDBOLTI** Alexander Petersson átti stórleik með íslenska landsliðinu gegn Rússlandi í gær og var ásamt Snorra Steini Guðjónssyni markahæsti leikmaður liðsins með sjö mörk.

Alexander var duglegur að skjóta á markið og lét einnig finna mikið fyrir sér í vörninni, eins og reyndar í hverjum einasta leik.

Hann er sem kunnugt er fæddur í Lettlandi sem var áður hluti af Sovétríkjunum.

„Jú, það er vissulega mjög gaman að vinna Rússana,“ segir hann. „En ég var líka með það í hausnum að ég hef tvisvar áður meiðst í leikjum gegn Rússum á stórmótum,“ segir hann.

„Ég kjálkabrotnaði í leik gegn þeim á EM í Sviss árið 2006 og svo fór öxlin þegar við spiluðum við þá á Ólympíuleikunum í Peking.“

Hann segir að hann hafi lítið hugsað um það meðan á leiknum stóð en hafi haft áhyggjur af því fyrir leikinn. Einnig leiddi hann hugann að þessu þegar hann sat á bekknum.

„Óskar Bjarni sagði mér að koma inn á þegar um tíu mínútur voru eftir, eftir að Geiri [Ásgeir Örn] fékk brottvísun. Ég sagði að líklega væri skynsamlegra að ég myndi bara vera áfram á bekknum og bíða þar,“ segir hann og hlær en þá var sigurinn á Rússum löngu tryggður.

„Það er líka gaman fyrir mig að spila gegn Rússum því ég er alltaf góður á móti þeim. Þeir eru stórir og hægir en ég aðeins minni og aðeins fljótari. Það hentar mér því vel að mæta þeim.“

Hann er vitanlega afar ánægður með sigurinn. „Við kláruðum þetta í fyrri hálfleik. Það var svo sem ekki erfitt að halda einbeitingunni í seinni hálfleik en samt vorum við ekki að spila jafn vel þá og í þeim fyrri.“ - esá



**MAGNAÐUR** Alexander Petersson fór á kostum gegn Rússum í gær og slapp aldrei þessu vant við meiðsli. MYND/DIENER



**MAGNAÐIR** Björgvin Páll Gústavsson hefur farið á kostum á EM og var á ný valinn besti maður Íslands í gær. Sturla Ásgeirsson átti svo flotta innkomu í gær. MYND/DIENER



Ingimundur Ingimundarson spilaði meiddur í gær en fékk þó fína hvíld:

# Verð vonandi heill gegn Noregi

**HANDBOLTI** Ingimundur Ingimundarson tognaði í nára í leiknum gegn Króatíu í fyrradag og spilaði í aðeins þrettán mínútur gegn Rússlandi í gær.

Ingimundur átti þó ríkan þátt í því að Ísland náði svo góðu forskoti í byrjun leiksins.„Ég er ágætur eins og er,“ sagði Ingimundur. „Ég mun vera áfram í meðferð svo ég geti verið 100 prósent á fimmtudaginn. Það var skynsamlegt að hvíla mig í dag.“

Hann segir það gott að geta dreift álaginu á leikmenn. „Sérstaklega í leik gegn stórri þjóð eins og Rússlandi. Þetta er mikil handboltaþjóð þó svo hún sé ekki á sama stalli í dag og áður.“ - esá


## Nú seljum við afgangsflísar



**Aðeins eitt verð: 300 kr. m²**

***Kletthálsi 7***
***Opið virka daga***
***kl. 8-18,***
***laugard. 9-16***

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Ferðamálastofa*
*Icelandic Tourist Board*



### Heilsuferðaþjónusta á Íslandi

Stofnfundur samtaka um heilsuferðaþjónustu á Íslandi verður haldinn 28. janúar kl. 09:30-11:00. Fundurinn verður haldinn að Kaffi Nauthól í Nauthólsvík í Reykjavík.

Fundarefni:
- *Samtök um heilsuferðaþjónustu á Íslandi stofnuð*
- *Farið yfir samþykktir og markmið samtakanna*
- *Kosning stjórnar*
- *Árgjald*

Iðnaðarráðherra Katrín Júlíusdóttir flytur ávarp

Allir velkomnir

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið:
***sunna@icetourist.is***

**www.ferdamalastofa.is**

Lækjargata 3 I 101 Reykjavík I Sími 535 5500 I Fax 535 5501 I Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 I 600 Akureyri I Sími 464 9990 I Fax 464 9991 I Netfang: upplysingar@icetourist.is

**130.000.000**
**+910.000.000**

**00.000**

Fyrsti vinningur stefnir í 130 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 910 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

**VÍKINGA LOTTÓ**

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**
MIÐINN GILDIR 27. JANÚAR 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

## > Katherine Moennig

„Ég hef gaman af sögum sem gerast í hversdagsleikanum og hef verið heppin með að fá þannig handrit.“

***Moennig fer með hlutverk Shane McCutcheon í þættinum The L Word sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 22.05.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON VEIT ALLT UM HANDBOLTA

# 316.000 spekingar á landinu

Íslendingar eru svo heppnir að fá að fylgjast með handboltalandsliðinu á stórmótum nokkuð reglulega. Strákarnir okkar eru vinsælustu og farsælustu íþróttamenn landsins, en áhuginn á handbolta springur út þegar mótin eru í gangi á meðan aðeins þeir hörðustu fylgjast með baráttu félagsliðanna. Ég er ekki undanskilinn. Ég er þessi týpíski Íslendingur sem fylgist bara með leikjum landsliðsins – þó að ég blóti reyndar í hljóði þegar Selfyssingar tapa, sem gerist reyndar örsjaldan í dag.

Eins og stór hluti þjóðarinnar breytist ég í mikinn handboltaspeking á meðan á stórmóti stendur. Ég veit allt um handbolta. Meðan á leik Íslands og Danmerkur stóð talaði ég kjark í strákana, sem skilaði sér í glæstum sigri. Ég hvatti þá til að sýna yfirvegun í vörninni, fara grimmir út á móti skyttunum og vera duglegir við að leysa inni á línu og fiska vítaköst. Eins fann ég til með strákunum þegar úthaldið brást á móti Króötum, en spekingurinn ég hvatti þá til að sýna stillingu á lokamínútinni. Jafntefli á móti jafn sterku liði væri ekkert til að skammast sín fyrir. Eins ánægður og ég var með leikinn á móti Rússum, þá hefði ég viljað sjá varamennina loka vörninni betur. Blýþungir og lafmóðir Rússarnir áttu alls ekki ekki að fá að skora 30 mörk. Þetta eru hugtök sem ég kann ekki að nota í daglegu tali, en kem þeim fyrir í glæsilega uppsettum hvatningasetningum yfir handboltanum.



Við erum spekingar, ég og þú. Við tilheyrum 316.000 manna spekingahópi sem veit upp á hár hvað strákarnir þurfa til að sigra og við látum þá heyra það í gegnum sjónvarpið – eða Facebook, en þar koma spekingarnir saman meðan á hverjum leik stendur og leysa vandamál liðsins… Það er kannski fyrir bestu að strákarnir heyra ekki í okkur.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **17.45** Ramsay's Kitchen Nightmares STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.50** Man. Utd. - Man. City, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Nacho Libre STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20** Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55** Mercy STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var... - Maðurinn** (e)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Finnbogi og Felix.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) (3:24) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Neela tekur nærri sér að fá ekki góðu fréttirnar af Abby frá fyrstu hendi. Nýi yfirlæknirinn Catherine Banfield og Abby eru ekki sammála um hvernig eigi að sinna sjúklingi með skotsár og Abby styður Sam þegar hún á að koma fyrir aganefnd.

**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Leiðin til Guantanamo** (The Road to Guantanamo) Leikin bresk heimildarmynd frá 2006 um þrjá breska múslima sem voru í haldi í fangabúðunum í Guantanamo-flóa í tvö ár áður en þeim var sleppt án ákæru. (e)

**00.00 Viðtalið** (Tatjana Parkhalina) (e)

**00.30 Kastljós** (e)

**01.10 Lögin í söngvakeppninni** Leikin verða lögin tvö úr síðasta þætti sem komust í úrslit.

**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Semi-Pro**

**10.00 Wedding Crashers**

**12.00 The Seeker: The Dark is Rising**

**14.00 Semi-Pro**

**16.00 Wedding Crashers**

**18.00 The Seeker: The Dark is Rising**

▶**20.00 Nacho Libre** Gamanmynd með Jack Black í hlutverki fjölbragðaglímukappa sem keppnir undir dulnefninu Nacho Libre.

**22.00 Flags of Our Fathers**

**00.10 Out of Reach**

**02.00 Retrograde**

**04.00 Flags of Our Fathers**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ruff's Patch, Litla risaeðlan, Ævintýri Juniper Lee og Nornafélagið.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Supernanny** (17:20)

**11.45 Gilmore Girls** (3:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Worst Week** (10:16)

**13.25 Ally McBeal** (15:23)

**14.10 Sisters** (16:28)

**15.00 E.R.** (5:22)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Nornafélagið og Ruff's Patch.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (15:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (17:21)

**19.45 Two and a Half Men** (11:24)

**20.10 Oprah's Big Give** (4:8) Þáttaröð frá sjónvarpsdrottningunni Opruh Winfrey þar sem tíu einstaklingar keppa í gjafmildi.

▶**20.55 Mercy** (3:22) Dramatísk þáttaröð um þrjár hjúkrunarfræðinga sem vinna á Mercy-spítalanum í New Jersey þar sem barátta upp á líf og dauða er daglegt brauð.

**21.40 Ghost Whisperer** (1:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon.

**22.25 Tell Me You Love Me** (3:10) Athyglisverðir og djarfir þættir frá HBO sem fjalla um þrjú pör sem öll leita til sama hjúskapar- og kynlífsráðgjafans.

**23.15 Tim Gunn's Guide to Style** (1:8)

**00.00 The Mentalist** (9:23)

**00.45 E.R.** (5:22)

**01.30 The Closer** (4:15)

**02.15 Sjáðu**

**02.45 Mayday**

**04.10 Oprah's Big Give** (4:8)

**04.55 The Simpsons** (17:21)

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT besta sætið

**17.00 Kobe - Doin' Work** Heimildarmynd eftir Spike Lee þar sem fylgst er með einum degi í lífi Kobe Bryant.

**18.30 Bob Hope Classic** Sýnt frá hápunktunum á Bob Hope Classic mótinu í golfi.

**19.25 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.

▶**19.50 Man. Utd. - Man. City** Bein útsending frá leik Man. Utd og Man. City í undanúrslitum enska deildabikarsins.

**22.00 Augusta Masters Official Film** Vandaðir þættir um eftirminnileg Mastersmót sem er eitt af fjórum risamótum í golfi. Ávallt er keppt um græna jakkann og mótið fer fram á Augusta National vellinum.

**22.55 Ensku bikarmörkin 2010** Farið yfir allar viðureignir umferðarinnar í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.

**23.25 Man. Utd. - Man. City** Útsending frá leik í enska deildabikarnum í knattspyrnu.

## STÖÐ 2 SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Wolves - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**14.35 Portsmouth - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.15 Bolton - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.55 Tottenham - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.35 Aston Villa - Arsenal** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Chelsea - Birmingham Sport 4. Everton - Sunderland Sport 5. Blackburn - Wigan

**21.40 Chelsea - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.20 Everton - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**01.00 Blackburn - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.55 Girlfriends** (10:23) (e)

**16.20 7th Heaven** (8:22)

**17.05 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**17.50 Innlit/ útlit** (1:10) (e)

**18.20 Top Design** (7:10) (e)

**19.05 America's Funniest Home Videos** (25:50)

**19.30 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.

**19.45 King of Queens** (21:25) (e)

**20.10 One Tree Hill** (4:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.

**20.55 Britain´s Next Top Model - NÝTT** (1:13) Raunveruleikaþáttaröð þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu Bretlands.

**22.05 The L Word - NÝTT** (1:12) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Þetta er fimmta þáttaröðin um vinkonurnar og þráðurinn er tekinn upp þar sem frá var horfið. Helena lendir í fangelsi eftir að hafa rænt frá Catherine og Jenny finnur leið til þess að fá að leikstýra mynd sem byggð er á bók hennar en það verður til þess að henni lendir saman við Tinu.

**22.55 The Jay Leno Show**

**23.40 CSI. Miami** (12:25) (e)

**00.30 Fréttir** (e)

**00.45 King of Queens** (21:25) (e)

**01.10 Premier League Poker** (3:15) (e)

**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Maturinn og lífið** Fritz M. Jörgensson ræðir við gest sinn um lífið og tilveruna.

**20.30 Heim og saman** Þórunn Högnadóttir með frábærar lausnir.

**21.00 60 plús** Þáttur á ljúfum nótum um aldna unglinga. Umsjón sr. Bernharð Guðmundsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Tryggvi Gíslason.

**21.30 Björn Bjarna** Þáttur í umsjón Björns Bjarnasonar þar sem tekið er á öllu því helsta í þjóðfélagsumræðunni.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.40**

### Ghost Wisperer

Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda rekur antikbúð í smábænum þar sem hún býr með eiginmanni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Britain's Next Top Model

**SkjárEinn kl. 20.55**

Raunveruleikaþáttaröð þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu. Íslenski ljósmyndarinn Huggy Ragnarsson er einn dómaranna í þessari keppni. Þetta er fimmta þáttaröðin af breskri útgáfu Top Model-þáttanna en það er í þessari þáttaröð sem stúlkurnar koma og heimsækja Ísland. Fyrsti þátturinn er tvöfaldur en þar mæta 20 stúlkur til leiks og eru látnar ganga í gegnum herþjálfun. Í lok þáttarins eru fimm stúlkur sendar heim.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óðurinn til frelsisins
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Sveitarstjórnarmál - kjörlendi kvenna
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

▶ **17.45 Ramsay's Kitchen Nightmares** (1:4) Kokkurinn Gordon Ramsay heimsækir veitingahús sem ganga illa og freistar þess að snúa rekstrinum við á nokkrum vikum og laða að viðskiptavini.

**18.35 Seinfeld** (12:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Ramsay's Kitchen Nightmares** (1:4)

**20.35 Seinfeld** (12:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Chuck** (21:22) Chuck Bartowski lifði fremur óspennandi lífi þangað til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

**22.35 Hung** (4:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO um Ray Drecker, skólaliðsþjálfara á fimmtugsaldri sem reynir fyrir sér á nýjum vettvangi og selur einmana konum blíðu sína.

**23.05 Entourage** (1:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincent og félaga í Hollywood. Medallin-bíómyndin floppaði algerlega og Erics og Aris reyna nú að finna eitthvað annað fyrir Vince að gera.

**23.35 Fréttir Stöðvar 2**

**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### BBC entertainment

**12.00** After You've Gone **12.30** Blackadder the Third **13.00** My Hero **13.30** Robin Hood **14.15** Robin Hood **15.00** The Green Green Grass **15.30** Dalziel and Pascoe **16.20** The Innocence Project **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** My Hero **19.00** Little Britain **19.30** New Tricks **20.20** Holby Blue **21.10** Little Britain **21.40** Only Fools and Horses **22.10** After You've Gone **22.40** Blackadder the Third **23.10** My Hero **23.40** Little Britain

### DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **13.00** Ha' det godt **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Svampebob Firkant **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Så stort **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Mord på hjernen **22.45** Onsdags Lotto **22.50** OBS **22.55** Livvagterne **23.55** Boogie Mix

**12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Med hjartet på rette staden **13.30** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Forbrukerinspektorene **19.15** Bankbussen **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** En digital drommeverden **23.25** Skavlan

### SVT 1

**13.10** Min natt med Maud **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Kamrat Sverige **16.25** Bullar av stål **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Andra Avenyn **20.45** Trapper happy tv **21.00** Nip/Tuck **21.45** Skavlan **22.45** Landet runt **23.30** Sissela och dödssynderna


Netgreiðsluþjónusta
– fyrir einstaklinga og fyrirtæki!




Dæmi um greiðsluáætlun

| Greiðslur janúar 2010 - júní 2010 | | | < Fyrri 6 mánuðir | | Næstu 6 mánuðir > | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lýsing** | **feb 2010** | **mar 2010** | **apr 2010** | **maí 2010** | **jún 2010** | **júl 2010** |
| Sími | 6,000 | 6,000 | 6,000 | 6,000 | 6,000 | 6,000 |
| Rafmagn og hiti | 7,500 | 7,500 | 7,500 | 7,500 | 7,500 | 7,500 |
| Fasteignagjöld | 18,500 | 18,500 | 18,500 | 18,500 | 18,500 | 18,500 |
| Bifreiðagjöld | 10,000 | | | | | |
| Íbúðalán | 90,000 | 90,000 | 90,000 | 90,000 | 90,000 | 90,000 |
| Almennt lán | 30,000 | 30,000 | 30,000 | 30,000 | 30,000 | 30,000 |
| Öryggisgæsla | 6,500 | 6,500 | 6,500 | 6,500 | 6,500 | 6,500 |
| Tryggingar | | | 178,000 | | | |
| **Úttektir alls:** | 168,500 | 158,500 | 336,500 | 158,500 | 158,500 | 158,500 |
| **Innborganir:** | 172,000 | 172,000 | 172,000 | 172,000 | 172,000 | 172,000 |

*Það er auðvelt að fylgjast með því hvort útgjöld séu í samræmi við áætlun en netgreiðsluþjónustan býður upp á reglulegan tölvupóst um stöðu mála.*

Einfalt og án kostnaðar

Netgreiðsluþjónustan er greiðsluþjónusta í heima- og fyrirtækjabanka Byrs sem viðskiptavinur setur upp sjálfur, stjórnar útgjöldunum og gerir áætlanir á einfaldan hátt, sér að kostnaðarlausu.

Yfirsýn og sparnaður

Með því að setja upp greiðsluáætlun eykst kostnaðarvitund, auðveldara verður að sjá öll útgjöld fyrir auk þess sem vaxtakjörin eru betri.

Komdu á byr.is

Sjáðu hvernig þetta virkar á **byr.is** – þetta er miklu minna mál en þig grunar. Þú eykur yfirsýn og sparar peninga – það er fjárhagsleg heilsa.

Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu og nýttu þér Netgreiðsluþjónustu Byrs.

BYR SPARISJÓÐUR

## MORGUNMATURINN



*„Oft eru það tvö spæld egg og ristað brauð. Stundum skyr og hrökkbrauð með osti, stundum súrmjólk með músli og stundum kvöldmatarafgangar. Alltaf tveir bollar espresso og lítri af fjörmjólk daglega.“*

Helgi Briem, kerfisstjóri og bassaleikari.

# Fólkið valdi Rebekku

„Þetta er rosalega spennandi og ég bjóst ekki við að vinna. Ég var mjög hissa þegar það var hringt í mig,“ segir listamaðurinn Rebekka Guðleifsdóttir.

Rebekka vann á dögunum verðlaun fólksins (e. Peoples Choice Award) í ljósmyndakeppni á vefsíðu samtakanna Artists Wanted. Hún fékk í sinn hlut 1.000 dollara í verðlaunafé og kynningu í samstarfi Gawker Artists, sem er hluti af fjölmiðlaveldinu Gawker Media. Fyrirtækið er einn stærsti bloggmiðill heims og er metið á 300 milljónir dollara. Loks verður haldin veisla henni, og öðrum sigurvegurum, til heiðurs á Manhattan í New York þar sem nokkrar af myndum hennar verða sýndar.

„Ég hafði aldrei heyrt um þessa vefsíðu fyrr en bandarískur vinur minn benti mér á að taka þátt í þessari keppni,“ segir Rebekka. Keppnin er býsna stór, þúsundir taka þátt og leikarinn Steve Buscemi er á meðal dómara. Úrslit í aðalkeppninni ættu að liggja fyrir í byrjun febrúar.

Þema keppninnar var sjálfsmyndir. Sjálfsmyndir Rebekku hafa notið mikilla vinsælda á vefsíðunni Flickr og fjölmiðlar víða um heim hafa fjallað um myndir hennar. Í umsögn dómnefndar Artist Wanted kom fram að myndir Rebekku séu ekkert minna en stórkostlegar og að hver mynd laði að og veki furðu á tíma. Þá segir að í návígi sjáist að uppsetning þeirra sé mjög flókin og að hver mynd krefjist mikilla hæfileika. - afb



**TEKUR UPP ÞRÁÐINN** Ein af sigurmyndum Rebekku í keppni samtakanna Artist Wanted.



**LÁRÉTT**
**2.** skák, **6.** hvort, **8.** skordýr, **9.** nögl, **11.** samanburðart., **12.** glæsibíll, **14.** gleði, **16.** 950, **17.** útsæði, **18.** í viðbót, **20.** strit, **21.** litlaus.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, **3.** frá, **4.** brjósthimna, **5.** uppistaða, **7.** hraðstreymi, **10.** hætta, **13.** útdeildi, **15.** sykrað, **16.** tækifæri, **19.** bókstafur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** tafl, **6.** ef, **8.** fló, **9.** kló, **11.** en, **12.** kaggi, **14.** unaðs, **16.** lm, **17.** fræ, **18.** auk, **20.** at, **21.** grár.
**LÓÐRÉTT: 1.** tekk, **3.** af, **4.** fleiðra, **5.** lón, **7.** flaumur, **10.** ógn, **13.** gaf, **15.** sætt, **16.** lag, **19.** ká.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 17,5 milljarða króna.
2. Friðrik Sophusson.
3. María Dalberg.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

EGILL ÖRN EGILSSON: MEÐAL ÞEIRRA BESTU Í ÞRIÐJA SINN

# Leikstýrði auglýsingu fyrir bandaríska sjóherinn

„Þetta er náttúrlega mjög skemmtilegt,“ segir Egill Örn Egilsson, kvikmyndatökumaður og leikstjóri, sem búsettur hefur verið í Hollywood undanfarin ár. Hann er tilnefndur fyrir bestu kvikmyndatöku í sjónvarpsþáttunum Dark Blue hjá American Society of Cinematographers eða samtökum bandarískra kvikmyndatökumanna. Þetta er í þriðja sinn á fjórum árum sem Egill er tilnefndur til þessara verðlauna en í hin tvö skiptin var Egill tilnefndur fyrir tökurnar í spennuþáttunum CSI: Miami.

Egill segir þetta vera mikinn heiður fyrir sig því það séu fagmenn sem standi að þessum verðlaunum. Sigur skipti ekki öllu máli. „Þetta er elítan sem velur. Verðlaunin eru veitt í tuttugasta skiptið en þessi klúbbur hefur verið til síðan 1920. Þarna er það fagmennskan og eingöngu fagmennska sem ræður ríkjum og því er þetta alveg gríðarlega mikill heiður fyrir mig,“ segir Egill. Hann mun keppa við kvikmyndatökumenn úr sjónvarpsþáttunum FlashForward eða Framtíðarleiftur, CSI, Smallville og Ugly Betty. Verðlaunin verða afhent í lok febrúar og Egill segist ekkert frekar gera sér vonir um sigur. Tilnefningin sé það sem skipti öllu máli.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Agli var hann í óða önn að undirbúa sig fyrir tökur á nýjum sjónvarpsþætti sem heitir Miami Medical og kemur úr smiðju stórframleiðandans Jerry Bruckheimer. Egill mun einnig leikstýra nokkrum þáttum í þeirri seríu en þeir verða eitt af aðaltrompum CBS-sjónvarpsstöðvarinnar næsta haust. Dark Blue, sem skartar meðal annars Dylan McDermott í aðalhlutverki, fékk framhaldslíf hjá TNT-sjónvarpsstöðinni og því verður önnur þáttaröð að veruleika. Sem er ekkert skothelt í bandarísku sjónvarpi.

Egill fékk einnig óvænt tækifæri nýverið þegar hann leikstýrði risavaxinni auglýsingu fyrir bandaríska sjóherinn. „Hún var tekin í Colorado, ég var í tvo daga á flugmóðurskipi, einn dag á herflugvelli og víðar. Fékk að stjórna stríðstólunum fram og til baka. Þetta var svona „Við viljum þig í herinn“-auglýsing og átti að sýna mannlegu hliðina á sjóhernum, að þetta snúist ekki allt um skriðdreka og byssur.“ freyrgigja@frettabladid.is

### SIGLIR MEÐAL ÞEIRRA BESTU

**Egill Örn** hefur komið sér vel fyrir í Hollywood og hefur bæði leikstýrt og stjórnað tökum á sjónvarpsþáttum fyrir stórmyndaframleiðandann **Jerry Bruckheimer**. Hann er tilnefndur til virtustu kvikmyndatökuverðlauna Bandaríkjanna fyrir þættina Dark Blue sem **Dylan McDermott** leikur í. Egill gerði síðan nýverið auglýsingu fyrir bandaríska sjónvarpsherinn þar sem komu við sögu flugmóðurskip og nýjustu orrustuþoturnar.





NORDIC PHOTOS /GETTY IMAGES

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Enn bætist á framboðslista Besta flokksins sem **Jón Gnarr** hefur stofnað. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu þá hafa þau Ágústa Eva Erlendsdóttir, Sigurjón Kjartansson og Þorsteinn Guðmundsson tekið sæti á listanum en opinbert markmið flokksins er að koma manni inn á Alþingi í næstu kosningum. Sveitarstjórnarkosningarnar verði hins vegar nokkurs konar generalprufa og stefnir flokkurinn á að koma manni inn í borgarstjórn.



Meðal þeirra sem ætla að leggja málefnum Jóns Gnarr lið eru bræðurnir Ragnar og Gunnar Hanssynir en Jón kemur einmitt fyrir í gamanþætti þeirra um skandinavískan húmor. Auk bræðranna má nefna Ham-félagana Björn Blöndal og Óttar Proppé, Baggalútinn Karl Sigurðsson, kvikmyndaframleiðandann Hörpu Elísu Þórðardóttur en í sjálfu heiðurssætinu situr **Doddi litli**, útvarpströllið á Rás 2.



Og meira af Dodda litla og vinum hans. Því eins og greint var frá í gær verður útvarpsþátturinn Litla hafmeyjan færður frá föstudagskvöldum yfir á laugardaga frá og með 6. febrúar. Annar stjórnandi þáttanna, **Andri Freyr**, vinnur nú að því að koma sér upp hljóðveri á heimili sínu en hann hafði áður aðstöðu í höfuðstöðvum danska ríkisútvarpsins. Þetta gefur útvarpsmanninum knáa meira frelsi og hyggst hann meðal annars fá fólk til sín í spjall. Þá þarf hann ekki að fara út úr húsi lengur þegar hann vill reykja. - fgg, sm



Kvenréttindafélag Íslands

**Súpufundur**

í tilefni af 103. ára afmæli KRFÍ, í dag, 27. janúar, kl. 12.00-13.00, í samkomusal Hallveigarstaða við Túngötu í Reykjavík

**Hvernig upplifa eldri konur ævikvöldið?**

**Erindi flytja:**
- Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar
- Sigurbjörg Björgvinsdóttir, yfirmaður félagsstarfs aldraðra í Kópavogi
- Guðrún Ásmundsdóttir leikkona

Fundarstjóri: Margrét K. Sverrisdóttir, formaður KRFÍ

Allir velkomnir

# Frumstæðar hljóðupptökur

„Ég held að ég hafi aðallega verið hissa af því að þetta er svo lítil mynd og afskaplega stutt og hljóðupptakan var mjög frumstæð og kostnaður lítill. Við notuðum meðal annars nælonsokkabuxur og herðatré til að sigta frá utanaðkomandi hljóð þegar við vorum að taka upp andardrátt. En þetta var mjög skemmtilegt verkefni og öll tónlistarvinnan flaut áfram mjög auðveldlega,“ segir Gunnlaug Þorvaldsdóttir tónlistarkona sem samdi bæði tónlist og sá um hljóðupptöku fyrir stuttmyndina I Do Air sem tilnefnd er til BAFTA-verðlaunanna í flokki stuttmynda.

Stuttmyndin fjallar um Emmu, unga stúlku sem þorir ekki að dýfa sér ofan í sundlaug. Hún finnur til niðurlægingar og flýr inn í búningsklefa þar sem hún flýr raunveruleikann og inn í draumaveröld með því að halda niðri í sér andanum. Myndin er í leikstjórn Martinu Amarti og er þetta í annað sinn sem Gunnlaug starfar með Amarti. Gunnlaug samdi einnig tónlistina við stuttmyndina A'Mare sem var sýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í fyrra.

Aðspurð segir Gunnlaug þetta mikinn heiður og að þessi tilnefning setji ákveðinn gæðastimpil á hennar vinnu. Gunnlaug segir óvíst hvort hún verði viðstödd sjálfa verðlaunaafhendinguna sem fram fer í lok febrúar þar sem hún er búsett í Róm. - sm



**VERÐLAUNASTUTTMYND** Gunnlaug Þorvaldsdóttir semur tónlistina fyrir stuttmyndina I Do Air sem tilnefnd var til BAFTA-verðlaunanna í flokki stuttmynda.

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**SÍÐUSTU DAGAR**
ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG

**BLU-RAY SPILARAR - VERÐ FRÁ KR. 39.990**
**PHILIPS - PANASONIC**

**JVC HEYRNARTÓL - FLOTT Í RÆKTINA**
**VERÐ FRÁ KR. 990 - MARGIR LITIR**

| Vara | Fullt verð | Tilboð | Merki | Afsláttur |
|---|---|---|---|---|
| 42" LCD SJÓNVARP | FULLT VERÐ 259.990 | TILBOÐ 199.990 | TOSHIBA | AFSL. 60.000 |
| 32" LCD MEÐ DVB-T | FULLT VERÐ 139.990 | TILBOÐ 109.990 | GRUNDIG | AFSL. 30.000 |
| STAFRÆN TÖKUVÉL | FULLT VERÐ 59.990 | TILBOÐ 49.990 | JVC | AFSL. 17% |
| iPOD VAGGA | FULLT VERÐ 49.990 | TILBOÐ 29.990 | JVC | AFSL. 40% |
| FERÐA DVD SPILARI | FULLT VERÐ 19.990 | TILBOÐ 15.990 | UNITED | AFSL. 20% |
| DVD SPILARI | FULLT VERÐ 14.990 | TILBOÐ 9.990 | JVC | AFSL. 33% |

**HLJÓMTÆKI OG HÁTALARAR FRÁ JBL OG HARMAN KARDON MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI**

## NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR
## ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG

**HEIMABÍÓKERFI MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI**
**PANASONIC - PHILIPS - HARMAN KARDON - JVC**

OPIÐ LAUGARDAG 10-16 – SJÁ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox. JBL

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2010

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinnur að sólóplötu

**Pétur Ben** hefur ekki komið með nýja sólóplötu síðan frumraunin Wine For My Weakness kom út 2007. Hann hefur unnið með öðrum, meðal annars Ellen Kristjánsdóttur og hann sá um tónlistina í Bjarnfreðarsyni. Nú stefnir Pétur á nýja plötu á árinu og hefur bókað sig og kassagítarinn á fimmtán tónleika túr um Mið-Evrópu til að sjá hvernig tónlistin leggst í áhorfendur. Túrinn hefst 17. febrúar. Auk nýrrar sólóplötu vinnur Pétur þessa dagana að þröngskífu með tónlistarmanninum Eberg.



### Líka á Facebook

Spennan eykst í Söngvakeppni Sjónvarpsins og ráðast úrslit í beinni 6. febrúar. Kosningabaráttan er nú hafin á milli laganna á Facebook. Í gær var „Hvanndalsbræður til Noregs í Eurovision 2010"-hópurinn kominn með 1.800 vini á meðan „Styðjum **Heru Björk** í Eurovisionkeppnina í Osló 2010!"-hópurinn var með 2.300 vini. Hvort þetta sé ábending um það sem koma skal kemur í ljós.



### Hringdu í hálfleik!

Í fáum málum stendur þjóðin jafn þétt saman og EM í handbolta og eru dæmi um að erfitt sé að ná í menn í síma á meðan íslenska landsliðið er á vellinum. Stjórnendur, jafnt ráðherrar sem alþingismenn og forstjórar stórfyrirtækja, hafa sest með samstarfsfólki sínu háu sem lágu framan við skjáinn og hvatt sína menn. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sló á létta strengi þegar hringt var í hann rétt eftir að leikurinn við Rússa hófst í gær. „Ég er á fundi, hringdu í hálfleik!"



- drg, jab

### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Húsleitir hjá Existu og í London
2. Varað við fölsuðu megrunarlyfi
3. Fólk hvatt til að láta vita um grunsamlegar mannaferðir
4. Þefuðu uppi kannabisræktun
5. Ekki fallist á kröfu um að fulltrúi lögreglustjóra vitni





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.



